# FRÉTTABLAÐIÐ

75. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 31. MARS 2016


# Þingrofstillaga fyrirsjáanleg

**Fjármálaráðherra segir í lagi að kalla eftir aðstoð umboðsmanns Alþingis ef þurfa þykir. Formaður Samfylkingarinnar segir stjórnarþingmenn þurfa að spyrja sjálfa sig hvort þeir óttist kjósendur sína.**

**STJÓRNMÁL** „Við skulum bara sjá, ég bið þá eftir að sjá þessa tillögu og ég mun hlusta eftir því hvernig henni er fylgt eftir,“ segir Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, um fyrirætlanir stjórnarandstöðunnar um að leggja til þingrof og að boðað verði til alþingiskosninga. „Það kemur svo sem ekkert á óvart frá stjórnarandstöðunni miðað við þau orð sem hafa fallið undanfarna daga,“ segir hann.

Aðspurður segir Bjarni ólíklegt að hans eigin flokksmenn muni stökkva á lestina með stjórnarandstöðunni og kjósa með þingrofi. „Ég hef enga ástæðu til að ætla það,“ segir Bjarni en nokkrir flokksfélaga hans hafa sagt að það hafi skapað stjórnarsamstarfinu óþægindi að forsætisráðherra hafi ekki upplýst um eignir eiginkonu sinnar á Bresku Jómfrúaeyjum fyrir síðustu alþingiskosningar. Í fyrradag kom í ljós að Bjarni Benediktsson og Ólöf Nordal innanríkisráðherra hefðu áður tengst félögum í skattaskjólum.

Stjórnarandstaðan mun leggja til að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fundi tafarlaust um tengsl þriggja ráðherra í ríkisstjórninni við aflandsfélög eða skattaskjól og að umboðsmaður Alþingis verði kallaður fyrir nefndina og kannað hvernig hann geti brugðist við.

Bjarni á ekki von á því að aðkoma umboðsmanns Alþingis muni draga fleiri upplýsingar fram á sjónarsviðið. „Ég skal ekkert um það segja, ég á ekki von á því sérstaklega,“ segir hann. „Ef fólk sér ástæðu til að virkja kraft stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar eða eftir atvikum umboðsmann Alþingis, þá er það sjálfsagt að menn geri það. Ég hef ekkert við það að athuga.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson fagnar fyrirætlunum stjórnarandstöðunnar. „Mér líst vel á það ef þau ætla að manna sig upp í að flytja vantrauststillögu þó þau vilji kalla hana öðru nafni. Ef menn eru til í að sjá af tíma þingsins til að ræða árangur þessarar ríkisstjórnar og jafnvel bera hann saman við þá síðustu er ekkert nema gott um það að segja,“ segir Sigmundur.

> **Það kemur svo sem ekkert á óvart frá stjórnarandstöðunni miðað við þau orð sem hafa fallið undanfarna daga.**
>
> Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra



„Við erum sammála um það að ríkisstjórnin er rúin trausti og það er mikilvægt að þjóðin fái að ganga að kjörborðinu og kjósa upp á nýtt,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar. „Þjóðin var leynd upplýsingum í aðdraganda síðustu kosninga sem hún á rétt á að séu uppi á borði þegar hún gerir upp hug sinn.“

Ekki liggur fyrir útfærsla á tillögunni, til að mynda með tilliti til þess hvenær ætti að kjósa.

„Stóra spurningin sem alþingismenn stjórnarmeirihlutans þurfa að spyrja sig er ekki hvort það sé hægt að berja sig til hlýðni við ríkisstjórnarmeirihlutann heldur hvort þeir séu virkilega á þeim stað að þeir óttist kjósendur sína,“ segir Árni aðspurður hvort hann telji einhverjar líkur á að þingmenn stjórnarmeirihlutans muni kjósa með þingrofi. – srs



Fornleifafræðingar voru við störf í miðborg Reykjavíkur í gær, milli Fógetagarðsins og Austurvallar. Þar var kirkjugarður frá elleftu öld og fram á þá nítjándu. Það er Vala Garðarsdóttir sem stýrir uppgreftinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ekkert siglt í fjóra mánuði

**SAMGÖNGUR** Vestmannaeyjaferjan Herjólfur hefur ekki siglt til Landeyjahafnar frá 23. nóvember síðastliðnum – eða í rúmlega 129 daga. Stórvirkar vinnuvélar og dæluskip vinna að því að opna höfnina og gera áætlanir ráð fyrir að það muni kosta 110 milljónir króna. Heildarkostnaður við dýpkun, mælingar, útboð og fleira árið 2015 var 625 milljónir króna. Þar af kostaði viðhaldsdýpkun um 400 milljónir en frá því að höfnin var opnuð um mitt ár 2010 fram til loka árs 2014 hafði 1,1 milljarði króna verið varið til dýpkunarframkvæmda. Í byrjun var búist við að dæla þyrfti upp 30 þúsund rúmmetrum af sandi á ári. Raunin hefur verið sú að dæla hefur þurft milli 250 og 300 þúsund rúmmetrum af sandi upp úr höfninni á ári síðastliðin ár. – shá / sjá síðu 2

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Gestur Ólafsson skrifar um húsnæðisstefnu. 20-29

**SPORT** Hinn ungi Pétur Rúnar Birgisson hefur átt stóran þátt í upprisu Tindastóls í körfuboltanum í vetur. 30

**MENNING** Djúp spor er nýtt íslenskt leikrit um afleiðingar ölvunaraksturs. 36-42

**LÍFIÐ** Hin tvítuga Elín Edda gefur út tvö hundruð blaðsíðna myndabók. 46-50

**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ**
- HÚSNÆÐI OG VIÐHALD
- FÓLK
- MALBIK


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Vaxandi austanátt með skúrum eða éljum sunnan til á landinu, hvasst og rigning eða slydda um kvöldið. Talsvert hægari vindur og víða léttskýjað fyrir norðan, en þykknar upp í kvöld og bætir í vind. Hlýnandi veður, hiti 1 til 6 stig síðdegis en 0 til 5 stiga frost norðaustanlands. SJÁ SÍÐU 34

# Milljarðaframkvæmdir við dýpkun



Heildarkostnaður við dýpkun, mælingar, útboð og fleira við Landeyjahöfn árið 2015 var 625 milljónir króna. Þar af kostaði viðhaldsdýpkun um 400 milljónir en frá því að höfnin var opnuð um mitt ár 2010 fram til loka árs 2014 hafði 1,1 milljarði króna verið varið til dýpkunarframkvæmda. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Styrkja fund um höfnina

**SAMGÖNGUR** Ferðamálasamtök Vestmannaeyja telja umræðu um Landeyjahöfn gjarnan byggða á getgátum og litlum eða jafnvel röngum upplýsingum.

Ofangreint kemur fram í erindi ferðamálasamtakanna til bæjarráðs Vestmannaeyja þar sem óskað er eftir styrk til að halda borgarafund um Landeyjahöfn.

Markmið fundarins er „að upplýsa Eyjamenn um stöðu hafnarinnar, smíðina á nýrri ferju og hvað hægt sé að gera þar til að höfn og ferja eru farin að nýtast sem heilsárs samgöngumannvirki“, að því er segir í fundargerð bæjarráðs.

Fyrir sitt leyti fagnaði bæjarráðið framtaki ferðamálasamtakanna og hvatti eindregið til að borgarfundurinn yrði sem fyrst. „Ráðið lýsir sig viljugt til að styðja við ferðamálasamtökin með öllum ráðum og þar með að veita samtökunum fjárhagslegan stuðning vegna þessa verkefnis,“ segir í fundargerðinni. **– gar**

## Fara ekki til Brussel

**ATVINNULÍF** Stjórnendur HB Granda hafa ákveðið að falla frá áformum um að senda 27 starfsmenn félagsins á árlega alþjóðlega sjávarútvegssýningu sem haldin verður í Brussel í lok næsta mánaðar. Ekki er talið forsvaranlegt að senda starfsmenn fyrirtækisins á sýninguna þar sem „óvíst er hvort hægt verði að tryggja öryggi þeirra með viðunandi hætti eftir nýlegar hryðjuverkaárásir í borginni“, eins og segir í frétt á heimasíðu fyrirtækisins.

Helsti tilgangur með þátttöku í sýningunni var að kynna kaupendum þær afurðir sem félagið hefur að bjóða og efla samskipti við afurðakaupendur frá öllum heimshornum, en sýningin í Brussel er ein sú stærsta sinnar tegundar sem haldin er í heiminum á hverju ári. **– shá**

## Hermönnum fjölgað í Evrópu

**EVRÓPA** Bandaríski herinn ætlar að fjölga hermönnum í Austur-Evrópu á næsta ári. Með því vill hann bregðast við „ágengu Rússlandi“, eins og Philip Breedlove, æðsti yfirmaður Bandaríkjahers í Evrópu, orðar það.

Bæði Evrópusambandið og Bandaríkin hafa gagnrýnt Rússa fyrir átök við Úkraínu og að hafa innlimað Krímskaga. Viðskiptabann á Rússa er í gildi vegna þessara átaka.

Byrjað verður að fjölga hermönnum í febrúar. Hermenn verða sendir til Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Rúmeníu, Búlgaríu og Ungverjalands, eftir því sem Ritzau-fréttastofan fullyrðir.

Eftir fjölgunina mun herinn hafa sem samsvarar þremur heilum herdeildum í Evrópu. Að jafnaði eru 3.200 til 5.500 hermenn í einni herdeild. **– jhh**




# Óvænt bakslag á nýju munaðarleysingjahæli

**Illa gengur að koma rekstri íslensks munaðarleysingjaheimilis af stað í Kenía. Fyrirstaða er í leyfismálum. Þurftu að afhenda sex vikna stúlku sem tekið hafði verið við af fátækri ekkju. Stofnandi Villekulla kveðst „reið yfir spillingunni“.**

**FÉLAGSMÁL** „Í gær upplifði ég einn versta dag lífs míns,“ skrifaði forstöðumaðurinn Anna Þóra Baldursdóttir á Facebook-síðu barnaheimilisins Villekulla á skírdag.

Stöð 2 greindi frá því fyrir ári að Anna Þóra Baldursdóttir og sænsk vinkona hennar hygðust opna heimili fyrir munaðarlaus börn í Naíróbí í Kenía. Anna Þóra hafði þá verið sjálfboðaliði á slíku heimili eftir að hún fór fyrst út árið 2013. Í Fréttablaðinu 10. febrúar síðastliðinn sagði Aníta G. Axelsdóttir, sem þá var á leið út til að starfa á nýja heimilinu, að starfsleyfi væri loks í höfn. Nýfædd stúlka væri komin á heimilið.

Snurða er nú hlaupin á þráðinn. „Ég frétti að barnaverndarfulltrúi lögreglunnar væri ósáttur við að litla daman væri hjá okkur,“ skrifar Anna á síðu Villekulla. Hún kveður barnaverndarfulltrúann hafa talið pappírsvinnuna ófullnægjandi og að heimilið hefði ekki rétt á að hafa barnið. „Ég varð því að fara og sækja hana og koma með hana innan klukkutíma.“ Anna Þóra segir skrítið að sá sem bað hana um aðstoð með því að taka við stúlkunni, sem heitir Arusha, sé með nákvæmlega sömu pappíra og hún til þess að hefja rekstur heimilisins.

„Heimilið sem hún færði barnið á er líka með nákvæmlega sömu pappíra og ég en samt var í lagi að setja hana þangað. Þessi heimili og svo mörg fleiri eru því með allt sama og ég,“ lýsir Anna Þóra sem kveður því nú borið við að verið sé að breyta reglum og að hún þurfi að ljúka öðru ferli áður en hún taki við börnum. „Ég gæti bilast hvað ég er reið yfir spillingunni í þessu landi. Ég er svo reið og sár að ég á ekki til orð yfir þessu öllu saman. Sem betur fer veit ég að elsku litla stelpan mín er í góðum höndum,“ skrifar Anna Þóra Baldursdóttir á styrktarsíðu barnaheimilisins Villekulla. **gar@frettabladid.is**



Anna Þóra Baldursdóttir með fyrsta barnið á Villekulla, hana Arushu, þegar hún var tíu daga gömul í febrúar. Arusha fékk þó ekki að búa lengi á Villekulla.

MYND/ANÍTA G. AXELSDÓTTIR

> Sem betur fer veit ég að elsku litla stelpan mín er í góðum höndum.
>
> Anna Þóra Baldursdóttir



Arusha litla.




SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

ÍSLENSKA SIA.IS SML 78921 03/16

# Átak gegn heimilisofbeldi hefur skilað tveimur ákærum

**AKUREYRI** Ákært hefur verið í tveimur málum eftir að átak lögreglunnar á Norðurlandi eystra og Akureyrarbæjar hófs fyrir ári. Enn er fjöldi mála í meðferð hjá lögreglunni. Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri segir átakið hafa gengið vel.

„Þetta samkomulag náði einungis til Akureyrar og þeirra sveitarfélaga sem Akureyri þjónustar með Félagsþjónustunni. Á þessu svæði frá 1. mars 2015 til og með 28. febrúar 2016 voru 16 skráð heimilisofbeldismál,“ segir Halla Bergþóra.

„Alls voru 24 mál skráð á tímabilinu þar á undan og tíu mál á sama tíma 2013-2014. Fjölgunin frá tíu málum 2014 í 24 mál nú skýrist af einhverri fjölgun mála en einnig af skýrari reglum um skráningu.“

**16**

**heimilisofbeldismál hafa verið skráð hjá lögreglunni.**

Halla Bergþóra bendir á að enn sé verið að skoða verklag en að reynslan af átakinu hafi verið góð og samstarfið við Félagsþjónustu Akureyrarkaupstaðar gengið vel. „Öll þessi mál eru skráð sem kærur í málaskrá en tvö mál hafa farið í ákæruferli og enn eru mál í meðferð,“ segir hún.

„Ekki hefur verið tekin ákvörðun um áframhald átaksins en reynslan af því hefur verið góð.“

Þegar skrifað var undir viljayfirlýsinguna þann 25. febrúar í fyrra sagði lögreglustjóri þetta miklu máli skipta fyrir íbúa svæðisins.

„Við viljum vernda almannahagsmuni með því að ákæra í þessum málum og leiða þau til lykta,“ sagði lögreglustjórinn. – **sa**



Áform á Hlíðarenda kynnt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vísa kæru frá vegna Hlíðarenda

**STJÓRNSÝSLA** Kærum Icelandair, Flugfélags Íslands og Mýflugs vegna breytinga á deiliskipulagi Hlíðarenda hefur verið vísað frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Flugfélögin þrjú kröfðust þess að deiliskipulagið frá desember 2014 yrði fellt úr gildi og vísuðu til ákvörðunar úrskurðarnefndarinnar um ógildingu deiliskipulags Reykjavíkurflugvallar sem gerði ráð fyrir því að leggja niður NA/SV flugbrautina. Úrskurðarnefndin segir hins vegar að ákvörðun borgaryfirvalda um Hlíðarenda hafi verið tekin fyrir þann úrskurð. Taki borgin nýja ákvörðun sé hægt að kæra hana en að kærufrestur vegna fyrri ákvörðunar hafi verið liðinn áður en kærurnar bárust. – **gar**

## Sigmundur leysir Illuga af

**STJÓRNSÝSLA** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra skipar í stöðu skólameistara við Borgarholtsskóla í stað Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra. Ástæðan er sú að einn umsækjenda um starfið, Ársæll Guðmundsson, er starfsmaður mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá ráðuneytinu.

Umsóknarfrestur um stöðu skólameistara Borgarholtsskóla rann út 2. febrúar síðastliðinn og bárust tíu umsóknir. Ráðgert er að skipa í embættið frá og með 1. apríl. – **jhh**

# Þungur baggi á heimilunum

**Gjaldtaka í íslensku heilbrigðiskerfi er harðlega gagnrýnd í nýrri skýrslu ASÍ. Ekkert þak er á heildarkostnaði sjúklinga og mikið ójafnræði er á milli sjúklingahópa eftir því hvaða meðferð þeir sækja. Margir langveikir hafi fastan heilbrigðiskostnað sem er verulegur hluti af mánaðarlegum ráðstöfunartekjum þeirra.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrirkomulag gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu veldur ójafnræði milli sjúklingahópa, er niðurstaða nýrrar skýrslu Alþýðusambands Íslands um kostnað sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu.

Í skýrslunni kemur fram að kostnaðarþátttaka sjúklinga í heilbrigðiskerfinu hefur á síðustu þremur áratugum nær tvöfaldast og að í dag standi heimilin undir um 20% af öllum heilbrigðisútgjöldum með beinni greiðsluþátttöku í heilbrigðiskerfinu.

Með auknum beinum útgjöldum sjúklinga segir ASÍ fylgja þá hættu að kostnaður verði hindrun á aðgengi að nauðsynlegri þjónustu fyrir ákveðna hópa sem auki misskiptingu, bæði fjárhagslega, félagslega og heilsufarslega.

Kostnaður einstaklinga ráðist að verulegu leyti af því hvers konar þjónustu eða meðferð þeir þurfi og hvert þeir geti sótt hana. Þrjú prósent Íslendinga sækja sér ekki nauðsynlega þjónustu vegna kostnaðar samanborið við hálft prósent íbúa í nágrannalöndunum.

Gagnrýnt er að sjálfsábyrgð sjúkratryggðra einstaklinga geti verið há sem birtist í því að ekkert þak sé á heildarkostnaði sjúklinga innan heilbrigðiskerfisins. Þannig geti alvarlega veikir einstaklingar þurft að greiða hundruð þúsunda úr eigin vasa. Margir langveikir hafi fastan heilbrigðiskostnað sem sé verulegur hluti af mánaðarlegum ráðstöfunartekjum þeirra. Nefnd eru raunveruleg dæmi í skýrslunni um kostnað sjúklinga.

ASÍ segir nauðsynlegt að boðað greiðsluþátttökukerfi taki á ójafnræði innan íslensks heilbrigðiskerfis. Horfa þurfi með heildstæðum hætti á allan kostnað sjúklinga innan heilbrigðiskerfisins hvort sem hann er tilkominn vegna læknisþjónustu, lyfja, rannsókna, þjálfunar, endurhæfingar eða annarra þátta. Mikilvægt sé að setja hámark á kostnaðarþátttöku sjúklinga og að það hámark verði ekki fjármagnað með tilfærslu á kostnaði frá þeim sem greiða háan heilbrigðiskostnað til þeirra sem þurfa sjaldan á heilbrigðisþjónustu að halda. Til lengri tíma skuli líta til þess að þjónustan verði gjaldfrjáls.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra mun á næstunni leggja fram frumvarp sem boðar breytingar á kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Frumvarpið sagði hann í umræðuþætti um heilbrigðismál á RÚV ganga út á að jafna kostnaðarbyrði sjúklinga.

kristjanabjorg@frettabladid.is




Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra boðar breytingar. ASÍ segir þörf á róttækum breytingum til að leiðrétta ójafnræði sem er á milli sjúklingahópa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**» Heilbrigðisráðherra leggur fram frumvarp um breytingar á kostnaðarþátttöku sjúklinga á næstunni.**

**20%** Heimilin standa undir 20 prósentum af öllum heilbrigðisútgjöldum með beinni greiðsluþátttöku í heilbrigðiskerfinu.

**3%** Íslendinga sækja sér ekki nauðsynlega læknisþjónustu vegna kostnaðar.

**25%** Íslendinga í tekjulægsta hópnum hér á landi sækja sér ekki tannlæknaþjónustu vegna kostnaðar.

**150-200%** munur er á viðmiðunargjaldskrá Sjúkratrygginga og gjaldskrá tannlækna, en verðlagseftirlit ASÍ gerði verðkönnun hjá 25 tannlæknum í upphafi árs.








# Boðið í húsnæði Smárakirkju

**VIÐSKIPTI** Búið er að gera kauptilboð í húsnæði Smárakirkju, sem áður hét Krossinn, og áfangaheimilisins Krossgatna, sem bæði eru í Hlíðarsmára 5-7. Þetta segir Sigurbjörg Gunnarsdóttir, forstöðumaður Smárakirkju. Hún segir ljóst að söfnuðurinn þurfi að flytja verði af viðskiptunum en engar ákvarðanir hafi verið teknar um framtíð áfangaheimilisins. Í húsnæðinu eru 25 félagslegar íbúðir

Smárakirkja og Krossgötur hafa óskað eftir því við Kópavogsbæ að fá að framselja lóðina að Hlíðarsmára til félagsins Kapex fyrir hönd félagsins L1100 ehf. Jóhannes Hauksson er stjórnarformaður L1100 og sjóðsstjóri Íslandssjóða, sem rekur meðal annars sjóði sem fjárfesta í húsnæði.

Í umsögn fjármálastjóra Kópavogsbæjar til bæjarráðs segir að óheimilt sé að selja áfangaíbúðirnar nema með samþykki veðhafa og byggingaryfirvalda. Þá séu áform um að breyta notkun hússins. Á lóðinni er áhvílandi veðskuldabréf sem Kópavogsbær er í ábyrgð fyrir. Því telur fjármálastjóri bæjarins mikilvægt að krafa verði gerð um að skuldabréfin verði greidd upp.

Bæjarráð frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum 23. mars. – **ih**




Forstöðumaður Smárakirkju segir að viðræður standi enn yfir, ekkert hafi verið ákveðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**» Engar ákvarðanir hafa verið teknar um framtíð áfangaheimilisins, ef af sölu verður.**




PIPAR\TBWA • SÍA





## Nýr forseti í Mjanmar



Ang San Suu Kyi, sem nú er í forystu stjórnarmeirihlutans í Mjanmar, heilsar nýjum forseta landsins. Þingið kaus Htin Kyaw, náinn samstarfsmann hennar, í embættið. Hann tekur við af herforingjanum Thein Sein, sem hefur staðið fyrir lýðræðisumbótum í landinu. NORDICPHOTOS/AFP

# Halda í vonina en búa sig undir verkfall

**Að óbreyttu hefst verkfall sjúkraliða hjá sveitarfélögum næsta mánudag. Formaður Sjúkraliðafélags Íslands kvaðst ekki bjartsýnn eftir fund í gær. Næsti fundur er fyrirhugaður á morgun. Undirbúningur hafinn á hjúkrunarheimilum.**

**KJARAMÁL** Hægur gangur eru í viðræðum samninganefnda Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) og Sambands íslenskra sveitarfélaga hjá ríkissáttasemjara.

„Ég er ekki bjartsýn,“ segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, um stöðu viðræðnanna, eftir samningafund hjá ríkissáttasemjara í gær. „En við verðum bara að vona það besta.“ Næsti fundur í deilu sjúkraliða og sveitarfélaga er boðaður í fyrramálið.

Sjúkraliðar hafa samþykkt verkfall frá og með næsta mánudegi, 4. apríl, takist samningar ekki. Verkfallið nær til sjúkraliða um allt land, utan Reykjavíkur, þar sem sveitarfélög reka öldrunar- og hjúkrunarþjónustu, auk félagsþjónustu sem sjúkraliðar vinna við. Stærstu staðirnir eru Hlíð á Akureyri, Brákarhlíð í Borgarfirði og Ísafold í Garðabæ.

> Ég er ekki bjartsýn. En við verðum bara að vona það besta.
>
> Kristín Á Guðmundsdóttir formaður Sjúkraliðafélags Íslands



Halldór Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar, segir að þar á bæ, líkt og annars staðar, sé gert ráð fyrir að fólki auðnist að leysa þessi mál áður en komi til verkfalla. „Og það komi ekki til þess að þetta þurfi að bitna á þeim sem síst skyldi.“

Til vara segir Halldór svo að til reiðu séu undanþágulistar og vinnuáætlanir sem gripið verði til ef svo illa fari að til verkfalla þurfi að koma. „Síðan, eins og í öðrum tilfellum þar sem kemur til einhver skerðing á starfsemi í heilbrigðis- eða félagslegri þjónustu, er varaaflið fjölskyldur fólks. Og það kann auðvitað að koma til þess að við verðum að reiða okkur á stuðning aðstandenda.“

Gangur virðist betri í viðræðum samninganefnda hjúkrunarfræðinga og sveitarfélaga, en hjá sjúkraliðum. Í frétt af viðræðunum á vef Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga kemur fram að síðast hafi verið fundað á þriðjudag. „Góður gangur er í viðræðunum og munu samninganefndirnar hittast aftur í byrjun næstu viku,“ segir þar.

Á þriðjudag liggur svo fyrir hvort félagar í níu félögum Bandalags háskólamanna (BHM) samþykkja eða hafna kjarasamningi sem gerður var við sveitarfélögin 21. mars síðastliðinn. **olikr@frettabladid.is**


F&F
Skyrta
4.930kr
VORIÐ ER
KOMIÐ Í F&F

# Nálægðin við spítalann afar mikilvæg

**Í dægurþrasi um hvar nýr Landspítali skuli standa hefur náið samband hans við Háskóla Íslands fallið í skuggann fyrir öðrum hagsmunum. Þetta álítur háskólarektor sem segir nálægðina við spítalann lykilatriði við uppbygginguna háskólans til framtíðar.**



Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Landspítalinn og Háskóli Íslands starfa sem samofin órofa heild og mynda saman öflugt háskólasjúkrahús. Í dægurþrasi undangenginna missera um staðsetningu nýs Landspítala hefur mikilvægi þessa nána sambands skóla og spítala tíðum gleymst – eða alla vega fallið í skuggann fyrir öðrum hagsmunum þessarar risaframkvæmdar.

Þetta segir Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, spurður um kosti og galla staðsetningar nýs spítala út frá hagsmunum hans sem háskólasjúkrahúss, en eins og óþarft er að rekja þá hefur um langt árabil verið tekist á um hvar hagfelldast sé að nýr Landspítali standi.



Rannsóknahús nýs Landspítala skiptir ekki síst máli í samstarfi HÍ og LSH. MYND/SPITAL

### Nálægðin lykilatriði

Jón Atli segir að uppbygging spítalans í Vatnsmýri sé afar mikilvæg háskólanum og kemur þá margt til. Ef standa á vörð um árangur liðinna ára og uppfylla væntingar um uppbyggingu háskólans til framtíðar þá sé nálægðin við Landspítalann lykilatriði, og gildi þá einu hvort horft er til kennslu, vísindastarfs, starfsþjálfunar eða nýsköpunar.

Fyrst af öllu verði að hafa hugfast hversu háskólinn og Landspítalinn eru kyrfilega samofnir í gegnum fólkið sem þar starfar. Nemendur við heilbrigðisvísindasvið háskólans séu ríflega 2.000 talsins og akademískir starfsmenn þess um 300 – og þar af rúmlega 100 sem eru sameiginlegir starfsmenn háskólans og Landspítalans.

Þá hafi verið nefnt í umræðunni hversu aðkallandi það sé að starfsemi spítalans sé ekki dreifð út um alla borg – Landspítalinn starfar jú á sautján stöðum í um 100 húsum. Þetta megi hæglega heimfæra upp á háskólann en sex heilbrigðisvísindadeildir skólans starfa núna á þrettán stöðum í borginni.

### Stærsta kennslustofan

„Ég hef oft sagt að Landspítalinn sé stærsti og mikilvægasti samstarfsaðili Háskóla Íslands sem er þó í fjölbreyttu samstarfi við fjölda aðila innan lands sem utan. Landspítalinn er í raun stærsta kennslustofa háskólans. Markmiðið er betri heilbrigðisþjónusta, bætt meðferð, umönnun og þjónusta við sjúklinga og aðstandendur. Samstarfið snýst um að tryggja gæði menntunar og þjálfunar heilbrigðisstarfsfólks og efla Landspítalann sem háskólasjúkrahús, og styrkja þannig stöðu hans í harðri samkeppni um hæft starfsfólk við bestu háskólasjúkrahús í heimi,“ segir Jón Atli og bendir á mikilvægi vísindasamstarfsins og birtingarmynd þess sem er birting á ritrýndum vísindagreinum og fyrir tilstilli Landspítalans séu heilbrigðisvísindin ein sterkasta vísindagrein háskólans á alþjóðlega vísu.

Jón Atli tiltekur einnig nýsköpun, þar sem hafi sýnt sig að samspil háskóla og spítala er mjög mikilvægt. Starfsmenn háskólans koma að stofnun tveggja til þriggja nýsköpunarfyrirtækja á ári og meiri hluti þeirra verður til í samstarfi við spítalann.

> **Ég hef oft sagt að Landspítalinn sé stærsti og mikilvægasti samstarfsaðili Háskóla Íslands sem er þó í fjölbreyttu samstarfi við fjölda aðila innan lands sem utan. Landspítalinn er í raun stærsta kennslustofa háskólans.**
>
> Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands



**2.000**

**manns nema við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.**

### Margt kemur til

„Þetta er það sem blasir við, en það eru ekki bara heilbrigðisvísindagreinarnar sem eru mikilvægar í þessu samstarfi – sálgæsla í guðfræði, iðjuþjálfun, félagsráðgjöf, heilbrigðisverkfræði þar sem ekki síst er að finna möguleika í samhengi við heilsu og heilbrigði – en þá er fátt eitt nefnt,“ segir Jón Atli og tekur fram að ekki megi gleyma Vísindagörðum Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík þegar þekkingarsamfélagið á svæðinu er til umræðu, en fyrirtæki eins og Íslensk erfðagreining, sem sé mjög mikilvægur samstarfsaðili Háskóla Íslands, er hluti af Vísindagarðasvæðinu.

Jón Atli nefnir einnig að til þess að Háskóli Íslands nái að halda áfram sókn sinni verði að fjármagna hann vel, og til samræmis við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Það er lykilatriði. Innviðauppbygging verði að skoðast í því ljósi, og samnýting tækja og aðstöðu. Á sama tíma liggur fyrir að nýr Landspítali mun spara þjóðarbúinu stórfé þegar hann er risinn.

„Miklu máli skiptir að viðhalda þeirri gerjun sem nálægð háskólans og spítalans skapar og mun efla Landspítalann sem háskólasjúkrahús til heilla fyrir íslenskt samfélag – um það er ég sannfærður,“ segir Jón Atli.

### Sigmundur vill Vífilsstaði

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur reifað þá hugmynd að aðrir staðir kunni að vera heppilegri fyrir Landspítalann en Hringbraut. Nefndi hann Vífilsstaði sem dæmi.

„Með því er ekki verið að gera lítið úr vinnu þess fólks sem haldið hefur utan um verkefnið til þessa, unnið marga áfangasigra og þokað því áfram. Sú vinna verður forsenda byggingar hins nýja spítala hvort sem hann rís við Hringbraut eða annars staðar,“ sagði Sigmundur Davíð á vefsíðu sinni fyrr í mars.

Sigmundur Davíð sagði að skipulag og byggingaráform hefðu oft breyst frá því að fyrst var tekin ákvörðun um spítalann. „Samt vindur verkefninu fram. Það eina sem enn er óbreytt er staðsetningin en það hlýtur að vera eðlilegt að meta þann þátt eins og alla hina um leið og við nýtum þá þekkingu sem byggst hefur upp og lögum okkur að þróuninni.“

www.volkswagen.is




Nýr Volkswagen Caddy

**Glæsilegur vinnubíll**

Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíl á Íslandi undanfarin ár. Enn meiri staðalbúnaður, aukið öryggi og öflugri vélar eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftpúðum fyrir ökumanns- og farþegarými.

Nýr Volkswagen Caddy kostar frá

**2.670.000 kr.**

(2.135.226 kr. án vsk)

Atvinnubílar

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Yale



## YALE lykla-geymslubox með takkalás

**Verð: 4.278 kr.**

EYSTON

## Optískur reykskynjari



- SD-361HS,
- 9V rafhlaða
- Prófunarhnappur
- 85db EN14604, 973 k

**Verð: 620 kr.**

## GENIE GSMSOCEU




Skynjari sem notar GSM kort (G2) og fylgist með t.d. hitastigi, hvort það sé kveikt/slökkt ofl.
**Verð 27.280 kr.**




Bluetooth SMART

## Master Lock 4401EURDL hengilás fyrir bluetooth

Hægt er að miðla aðgangskóða í gegnum frítt app og fylgjast með aðgangi.

**Verð: 17.670 kr.**

# Öryggi í sumarbústaðnum

Allir vilja koma að sumarbústaðnum sínum eins og þeir skildu við hann og tryggja öryggi sitt og sinna sem best. Því er sjálfsagt að grípa til varúðarráðstafana eins og að nota trausta lása, setja upp þjófavarnarkerfi, slökkvitæki og að sjálfsögðu reykskynjara. Margs konar öryggisvörur og lásar fást í úrvali hjá Vélum og verkfærum.

MYLOQ



## Myloq 1101 talnalás

Talnalásinn er hægt að nota með ASSA skrám eða FIX þriggja punkta læsingum. Talnakóðanum er hægt að breyta eins oft og þarf, t.d. tímabundið.

**Verð: 44.640 kr.**

ogniochron




## Ognio GP-2X ABC duftslökkvitæki 2 kg.

**Verð: 2.914 kr.**

BLAUPUNKT




## Þráðlaust þjófavarnarkerfi

**Blaupunkt SA2700**
- Fullkominn GSM hringibúnaður
- Hægt að stjórna með Connect2Home-appi
- Boð send með sms eða tali
- Viðbótarskynjarar fáanlegir og fjöldi aukahluta

**Verð: 45.725 kr.**

OLYMPIA




## Þráðlaust þjófavarnarkerfi

**OLYMPIA 9030**
- Mjög einfalt í uppsetningu/notkun
- Fyrir farsímakort (GSM)
- Hringir í allt að 10 símanúmer
- Allt að 32 stk. skynjarar
- 2 stk. hurða/gluggaskynjarar og fjarstýring fylgir
- Fáanlegir aukahlutir: viðbótarfjarstýringar, glugga/hurða-skynjarar, svæðisskynjarar PIR, reyk- og vatnsskynjarar

**Verð: 26.040 kr.**

VÉLAR & VERKFÆRI
Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

# Tvær íbúðir í sömu blokk óíbúðarhæfar

**Heilbrigðiseftirlitið hefur dæmt aðra stúdentaíbúð á stuttum tíma óíbúðarhæfa á Ásbrú á Reykjanesi. Svartmygla og mítlar greindust í íbúð. Leigusali þvertekur fyrir að myglufaraldur sé í íbúðum. Mál vegna myglusvepps í hinni íbúðinni er á leiðinni fyrir Hæstarétt.**

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrir tæpu hálfu ári féll dómur í héraðsdómi í máli leigjenda á Ásbrú gegn leigusala vegna myglusvepps í íbúðinni sem heilbrigðiseftirlitið og aðrir fagaðilar höfðu greint. Leigufélaginu var gert skylt að endurgreiða leiguna á tímabilinu og borga hreinsun á búslóð fjölskyldunnar, þar sem félagið hafi verið upplýst um rakaskemmdirnar án þess að bregðast við. Leigufélagið hefur áfrýjað dómnum til Hæstaréttar og leigjendurnir gagnáfrýjuðu enda vilja þeir fá búslóðina að fullu bætta þar sem þeir telja ekki hægt að hreinsa sveppagró úr húsgögnum. Leigusalar hafa haldið því fram að rakaskemmdir megi rekja til slæmrar umgengni leigjenda.

Nú hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja dæmt aðra íbúð í sama stigagangi óíbúðarhæfa vegna rakaskemmda. Fjölskyldan sem bjó í íbúðinni flutti út fyrir þremur vikum en hefur farið á milli lækna undanfarið ár vegna stanslausra veikinda og slens.

„Þriggja ára sonur minn hefur gjörbreyst. Hann var alltaf veikur, vældi og fór inn í skel sína þegar hann hitti ókunnuga. Nú hleypur hann kátur í fangið á gestum sem koma til okkar,“ segir Elva Dögg Sigurðardóttir, sem bjó í íbúðinni ásamt manni sínum og tveimur börnum. Eftir mikið ráðaleysi vegna veikinda fjölskyldumeðlima bað Elva fulltrúa frá leigufélaginu að skoða skemmd á útvegg því hana var farið að gruna að um myglusveppaveikindi væri að ræða. „Sá sem kom að skoða sagði rakaskemmdina ekki vera neitt. Að þetta væri bara loftbóla en kíttaði samt til öryggis að utan.“

Elva tók þá málið í eigin hendur og lét taka sýni til að senda til greiningar á Náttúrufræðistofnun Íslands. Þá kom í ljós að svartmygla var í veggnum og lifandi mítlar. Einnig mældist mikill raki í veggjum í svefnherbergjum. Þá flutti fjölskyldan út og lét heilbrigðiseftirlitið vita.

Strax örfáum dögum eftir flutningana gjörbreyttist líðan barnanna. Þau eru ekki lengur með kvef, útbrot og bólgur.

„Við höfum heyrt af mörgum hér á Ásbrú sem hafa grun um að myglusveppur sé í íbúðunum en þeir flýja út því þeir fá engin svör eða skoðun frá leigufélaginu,“ segir Elva. „Nú erum við með vottorð frá heilbrigðiseftirlitinu þannig að félagið leyfir sér varla að leigja út okkar íbúð aftur án þess að bregðast við.“

Ingvi Jónasson, framkvæmdastjóri leigufélagsins Ásabyggð, segir að að sjálfsögðu verði brugðist við skemmd í íbúðinni. Þarna sé um leka í glugga að ræða sem lítið mál sé að laga. „Eins og í öllum húsum getur þetta komið fyrir. Við vissum ekki af þessum leka en öll hús geta lekið og það mun taka tvo til þrjá tíma að laga þetta.“

Ingvi segir engan myglufaraldur vera í íbúðum á Ásbrú og þvertekur fyrir að kvartað sé yfir óvenju miklum rakaskemmdum. Hann bendir á að 700 íbúðir séu til leigu á svæðinu og eðlilegt að ýmis mál komi upp þar sem þörf sé á viðhaldi. Hann segir að ekki verði athugað sérstaklega með myglusvepp í öðrum íbúðum stigagangsins enda liggi ekki fyrir að um slíkt vandamál sé að ræða og ekki samhengi á milli þessara tveggja tilvika. „Þarna er um tvö ólík mál að ræða. Í öðru tilfellinu er leki sem gert verður við og í hinu tilfellinu snýst þetta um hvernig íbúar gengu um húsnæðið.“



Leigufélagið leigir út 700 íbúðir til nemenda Keilis. Orðrómur hefur verið um myglusvepp í íbúðunum en framkvæmdastjóri Ásabyggðar segir það ekki eiga við rök að styðjast. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**Við höfum heyrt af mörgum hér á Ásbrú sem hafa grun um að myglusveppur sé í íbúðunum en þeir flýja út því þeir fá engin svör eða skoðun frá leigufélaginu.**



Elva Dögg Sigurðardóttir, fyrrverandi leigjandi á Ásbrú



Dóttir Elvu svaf alltaf í vagni upp við vegginn þar sem svartmygla fannst. Hún var kvefuð, þurr í kinnum, bólgin og með roða í húð vegna myglunnar.



Donald Trump sér ekki lengur ástæðu til að lofa stuðningi við neinn annan en sjálfan sig. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ekkert að marka loforðið

**BANDARÍKIN** Donald Trump segist nú ekki ætla að standa við loforð, sem hann gaf skriflega á síðasta ári, um að styðja þann frambjóðenda sem á endanum verði ofan á sem forsetaefni Repúblikanaflokksins.

Allir þeir repúblikanar, sem höfðu sóst eftir að verða forsetaefni flokksins, undirrituðu yfirlýsingu um þetta í september síðastliðnum. Trump féllst á að skrifa undir, en gerði það að skilyrði að allir hinir undirrituðu líka. Sem þeir svo gerðu.

Þegar Trump var spurður út í þetta í fyrrakvöld í sjónvarpssendingu á CNN, þá sagðist hann hættur við. „Nei, við skulum sjá til hver það verður,“ sagði hann.

Trump hefur enn ekki tryggt sér meirihluta fulltrúa á landsþingi Repúblikanaflokksins, sem haldið verður í júlí. Á þinginu verður formlega gengið frá því hver verður forsetaefni flokksins.

Í forkosningum flokkanna, sem haldnar eru í ríkjum Bandaríkjanna þessar vikurnar, er verið að kjósa um það hvaða frambjóðanda fulltrúarnir á landsþinginu eiga að styðja. **– gb**

# Vilja Hlíðarfjall í einkarekstur

**AKUREYRI** Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur formlega samþykkt að íþróttafulltrúi hefji undirbúning að því að útvista rekstur skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli til einkaaðila. Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrar, segir rekstur skíðasvæðisins háðan af mikilli óvissu vegna veðurfars.

Á síðasta fundi bæjarráðs Akureyrar fyrir páska var tekið undir þá ósk íþróttaráðs bæjarins að fela forstöðumanni íþróttamála að hefja undirbúning þess að reksturinn verði útvistaður. Mikil vinna hefur verið í gangi undanfarið í aðgerðahópi um framtíðarrekstur Akureyrarbæjar. Rekstur bæjarfélagsins er þungur og er hverjum steini velt við til að reyna að ná hagræðingu í rekstrinum. Guðmundur Baldvin segir það ekki einsdæmi að rekstur skíðasvæðis sé falinn einkaaðilum og bendir á skíðasvæðin á Siglufirði og í Oddsskarði sem eru rekin af sjálfstæðum aðilum.

„Rekstur fjallsins er háður mikilli óvissu á hverju ári vegna veðurfars. Á síðasta ári var reksturinn erfiður vegna slæmra veðurskilyrða um helgar. Þetta er á umræðustigi ennþá,“ segir Guðmundur Baldvin. „Þó verðum við að hafa í huga að skíðaiðkun er fjölskylduíþrótt á Akureyri og skíðafélagið æfir í fjallinu svo það þarf að huga að mörgum þáttum. Við þurfum að tryggja það að skíðaiðkun verði áfram fær fjölskyldufólki.“

Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður skíðasvæðisins, fagnar bókun bæjarráðs og segir það geta komið Akureyri vel að útvista svæðið til einkaaðila. „Ég hef verið talsmaður þess síðustu tíu ár og talað fyrir því að einkaaðilar komi að rekstri fjallsins,“ segir Guðmundur Karl.

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar hefur um nokkurn tíma verið að skoða framtíð rekstrar Hlíðarfjalls fyrir Akureyri og hefur bæjarstjóri á Akureyri nefnt það að einkaaðilar séu áhugasamir um að taka að sér reksturinn. Fastir starfsmenn í Hlíðarfjalli eru sjö sem vinna allt árið en þegar mest er að gera á veturna fjölgar starfsmönnum upp í um 70 og felst starf þeirra að mestu í að þjónusta gesti fjallsins. **– sa**



Hlíðarfjall er einn fjölsóttasti ferðamannastaður Akureyrar yfir vetrarmánuðina en nú vilja menn breytingar á rekstrarformi.

**Rekstur fjallsins er háður mikilli óvissu á hverju ári vegna veðurfars. Á síðasta ári var reksturinn erfiður vegna slæmra veðurskilyrða um helgar.**



Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrar


DEBENHAMS
JASPER J CONRAN
JEFF BANKS LONDON
JASPER J CONRAN
20%
AFSLÁTTUR
AF FATNAÐI FRÁ DEBENHAMS HÖNNUÐUM FYRIR DÖMUR, HERRA & BÖRN
Gildir út mánudag
Opið til kl. 21:00 í kvöld
Finndu okkur á facebook
DESIGNERS AT DEBENHAMS
BAKER BY TED BAKER
DIAMOND BY julienmacdonald
JASPER J CONRAN
JEFF BANKS LONDON
nine SAVANNAH MILLER
principles BY BEN de LISI
RJR. JOHN ROCHA
STAR BY julienmacdonald
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR
Vor-
ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
50-70% afsláttur af öllum útsöluvörum. Vorum að bæta við vörum á 70%.

## Stór hluti ferða fellur niður

**SAMGÖNGUR** Stór hluti þeirra ferða sem Discover the World ætlaði að bjóða upp á milli Egilsstaða og Gatwick í sumar hefur verið felldur niður. Upphaflega stóð til að ferðirnar yrðu 35 en nú lítur út fyrir að þær verði níu.

Clive Stacey, forstjóri og stofnandi Discover the World, segir í samtali við vefinn Túristi.is að upphaflega planið hafi verið of bjartsýnt. „Eftir á að hyggja hefðum við átt að bjóða upp á styttri flugáætlun strax frá upphafi þar sem hugmyndin um beint flug til Egilsstaða hefur ekki fengið eins mikinn hljómgrunn og við áttum von á,“ segir hann. **– jhh**



**Forsætisráðherra Indlands Narendra Modi hitti Charles Michel í Belgíu í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

## Fylgdust með ráðherra

**BELGÍA** Hryðjuverkamennirnir sem gerðu árás á Zaventem-flugvöll og Maelbeek-lestarstöðina í Brussel höfðu leitað sér upplýsinga um Charles Michel, forsætisráðherra Belgíu, skrifstofu hans og heimili.

Upplýsingar þess efnis fundust í fartölvu sem hafði verið fleygt í ruslatunnu.

Óstaðfestar heimildir herma að í tölvunni hafi fundist myndir af skrifstofu forsætisráðherrans og skipulagsteikningar.

Í tölvunni fundust einnig hinstu skilaboð eins árásarmannsins, Brahims el-Bakraoui, þar sem hann kvartar yfir því að hafa verið hundeltur.

Belgísk yfirvöld hafa þá endanlega staðfest tölu látinna en 32 létust í árásinni, 17 Belgar og 15 einstaklingar af öðrum þjóðernum. **– srs**

## Minning Hammarskjolds heiðruð



**Viktoría, krónprinsessa Svía, og Stefan Lofven forsætisráðherra hlustuðu á Ban Ki-moon, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, flytja ræðu til heiðurs Dag Hammarskjold í ráðhúsinu í Stokkhólmi í gær. Hammarskjold var annar aðalritari Sameinuðu þjóðanna en lést þegar flugvél sem hann var farþegi í hrapaði nærri Sambíu hinn 18. september 1961.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Tegundasvik virðast tíðkast um allan heim.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Tegundasvik í sölu á fiski virðast útbreitt vandamál

**NEYTENDUR** Rannsóknir alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna Oceana á tegundasvikum í sölu sjávarfangs sýna áþekkar niðurstöður og rannsóknir Matís hér á landi. Rannsóknir samtakanna í 21 fylki í Bandaríkjunum sýndu að af 1.200 sýnum sem safnað var voru í 33 prósentum tilfella aðrar fisktegundir í pakkningum en merkingar sögðu til um. Oceana rannsakaði einnig hvernig málin stæðu á veitingastöðum í Brussel og í mötuneytum stofnana Evrópusambandsins. Í Brussel var um að ræða aðra tegund en fram kom á matseðli í 31,8 prósenta tilfella, segir í frétt Matís.

Í alþjóðlegri rannsókn sem Matís er þátttakandi í, og er enn ólokið, kom meðal annars fram að um 30 prósent allra sýna, sem tekin hafa verið á veitingastöðum hérlendis, innihéldu annan fisk en tilgreint var á matseðli, eins og fram hefur komið í fréttum Matís. Rannsóknin nær til tegundagreiningar á fiski, hvort fisktegund, samanber niðurstöður erfðarannsókna, sé í samræmi við það sem gefið er upp, og taka yfir fjörutíu aðilar um alla Evrópu þátt.

Í frétt Matís segir að ljóst sé að heilindi með sjávarfang sé mikið efnahagslegt hagsmunamál fyrir framleiðendur, seljendur, neytendur og ekki síst þau lönd sem keppa um markaðshlutdeild á alþjóðlegum mörkuðum.

Matís tekur lýsandi dæmi: Þegar ódýr hvítfiskur er seldur sem þorskur úr Norður-Atlantshafi getur verðmunurinn verið mjög mikill og leitt af sér lægra verð fyrir þorskinn og þorskafurðir. Marine Stewardship Council (MSC) hefur bent á að hefðbundið verð fyrir brauðaðan pangasíus, sem er eldisfiskur upprunninn í Víetnam, sé um fjórar evrur [575 krónur] á hvert kíló en verðið á þorski geti verið um 25 evrur [3.600] á hvert kíló. **– shá**

# Fréttastofan AP átti í samstarfi við nasista

**Þýskur sagnfræðingur hefur grafið upp samning, sem gerði bandarísku fréttastofunni kleift að starfa í Þýskalandi Hitlers allan fjórða áratug síðustu aldar. Ljósmyndir frá AP voru notaðar í hatursáróðri nasista gegn gyðingum.**

**BANDARÍKIN** Bandaríska fréttastofan Associated Press, AP, gerði á fjórða áratug síðustu aldar formlegan samning við nasistastjórn Hitlers í Þýskalandi.

Samningurinn fól í sér að fréttastofan fékk sent efni beint frá áróðursmálaráðuneyti Hitlers. Jafnframt notaði fréttastofan ljósmyndir frá áróðursráðuneytinu í fréttaflutningi sínum vestra.

Þessi samningur gerði fréttastofunni kleift að starfa áfram í Þýskalandi allt þar til Bandaríkin höfu þátttöku í stríði bandamanna gegn Þýskalandi árið 1941.

Breska dagblaðið The Guardian skýrði frá þessu á vefsíðum sínum og vitnar í rannsókn þýska sagnfræðingsins Harriet Scharnberg, sem birt er í tímaritinu Zeithistorische Forschungen.

AP var eina fréttastofan frá enskumælandi landi sem átti í samstarfi við nasistastjórnina í Þýskalandi eftir árið 1935.

Scharnberg skýrir frá því að AP-fréttastofan hafi þurft að lofa nasistum því skriflega að birta ekki neitt efni sem væri til þess fallið að grafa undan styrk þýsku stjórnarinnar, hvort heldur í Þýskalandi eða erlendis.

**1941**

**var AP-fréttastofan rekin frá Þýskalandi þegar Bandaríkin hófu þátttöku í stríðinu gegn nasistum.**

Í yfirlýsingu frá AP er því alfarið hafnað að fréttastofan hafi aðstoðað nasistastjórnina vísvitandi: „Rétt lýsing er sú að AP og aðrar erlendar fréttastofur urðu fyrir miklum þrýstingi frá nasistastjórninni allt frá því að Hitler komst til valda árið 1932 og þangað til AP var rekin frá Þýskalandi árið 1941. Yfirstjórn AP veitti þessum þrýstingi viðnám en vann að því að safna nákvæmum, mikilvægum og óhlutdrægum fréttum á myrkum og hættulegum tímum.“ Sumar ljósmyndir AP-fréttastofunnar voru engu að síður notaðar í grímulausan hatursáróður nasistastjórnarinnar gegn gyðingum.

Til dæmis var mynd AP-fréttastofunnar af Fiorello LaGuardia, þáverandi borgarstjóra New York, notuð á forsíðu áróðursbæklings nasista um gyðinga í Bandaríkjunum. Þá eru myndskreytingar frá AP notaðar í nasistabæklingi, sem hét Der Untermensch. Báðir bæklingarnir fengu mikla útbreiðslu í Þýskalandi og innihéldu ófagran áróður um fólk sem nasistar vildu útrýma.

„Þótt samningurinn við AP hafi gert Vesturlöndum kleift að gægjast inn í kúgunarsamfélag sem annars hefði hugsanlega verið algerlega hulið sjónum fólks,“ segir í frásögn The Guardian, „þá gerði samkomulagið nasistum einnig kleift að breiða yfir suma af glæpum sínum.“

Þeirri spurningu er velt upp, hvernig tengslum AP við suma harðstjóra nútímans sé háttað. Árið 2012 opnaði AP til dæmis skrifstofu í Norður-Kóreu, fyrst vestrænna fréttastofa. **gudsteinn@frettabladid.is**




# LANCÔME DAGAR

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, SMÁRALIND, SKEIFUNNI, GARÐABÆ, SPÖNGINNI, AKUREYRI OG SELFOSSI 31. MARS. – 6. APRÍL.




**20% AFSLÁTTUR AF** JUICY SHAKER, CUSHION FARÐA OG VISIONNAIRE KREMLÍNUNNI

Glæsilegur kaupauki þegar keypt er fyrir 8.900 eða meira.*

### GULLMOLI FRÁ LANCÔME

MIRACLE CUSHION frísklegi og þægilegi fljótandi farðinn í púða gefur áreynslulausa fullkomnum á nokkrum sekúndum.

Við mælum með Visionnaire línunni fyrir allar konur. Vinsælu Visionnaire droparnir lagfæra hrukkur, húðholur og ójöfnur. Í línunni eru 2 dagkrem, eitt fyrir normal húð og annað fyrir þurra húð. Beauty Sleep Perfector næturkremið er með ótrúlegri áferð sem er fersk eins og gel, en nærir eins og olía. Hentar fyrir andlit, háls og bringu og húðin verður nærðari, jafnari, þéttari, mýkri, stinnari og meira ljómandi.




*meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




98 kr. 145 g
**Maryland Kex**
145 g, 4 tegundir



NÝBAKAÐ!

359 kr. 4 stk.
**Bónus Kjallarabollur**
með osti, 4 stk.




129 kr. pk.
**Úrvals Flatkökur**
5 stk.

LÁGT VERÐ ALLA DAGA




froosh fruit: bottled

298 kr. stk.
**Froosh safar**
8 tegundir, 250 ml




ENGAR HITAEININGAR

198 kr. 700 ml
**QNT Drykkir**
Engar hitaeiningar






2.798 kr. 270 g
**Amino Energy**
**Fæðubótarefni** 270 g




998 kr. 500 g
**Heima Möndlur**
með hýði, 500 g




298 kr. 1 l
**Almond Dream**
Möndlumjólk, 1 l




298 kr. 1 l
**Oat Dream**
Haframjólk, 1 l

LÍFRÆNT Solla




398 kr. 340 g
**Sollu Hnetusmjör**
Fínt eða gróft, 340 g

LYKTARLAUS




698 kr. 500 ml
**H-Berg Kókosolía**
100% lífræn, 500 ml

## NÝTT Í BÓNUS

ÍS GERÐUR ÚR MÖNDLUMJÓLK




798 kr. 473 ml
**Almond Dream**
Möndlumjólkurís, 473 ml, 2 teg.

## VEGAN OSTUR

MJÓLKURLAUS
GLÚTENLAUS
ENGIN TRANSFITA




398 kr. pk
**Tofutti Ostur**
12 sneiðar, 227 g

## NÝTT Í BÓNUS




398 kr. pk
**Best Friend Kjúklingarúllur**
fyrir hunda, 3 stk.




398 kr. pk
**Best Friend Kjúklingastangir**
fyrir hunda, 6 stk.




298 kr. pk
**Best Friend Tannhreinsir**
fyrir hunda, 7 stk.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## GOTT Á GRILLIÐ




**1.998** kr. kg

**Íslandslamb Lærissneiðar**
Kryddlegnar, ferskar




**3.598** kr. kg

**Íslandslamb Lambafillet**
Ferskt




**3.798** kr. kg

**Íslandslamb Lambafillet**
Kryddlegið, ferskt




**1.598** kr. kg

**Ali Grísafillet**
Kryddlegið, ferskt

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS




**359** kr. pk.

**Bónus**
**Pepperoni,** 153 g




**198** kr. pk.

**Bónus**
**Samlokuskinka,** 237 g




**1.098** kr. kg

**Blandað Hakk**
Naut/lamb, ferskt

Fulleldað
Aðeins að hita




**998** kr. kg

**Ali Spareribs**
Fulleldað, ferskt

Smakkaðu á töfrum Ítalíu

**100**kr verðlækkun



**598** kr. 200 g

**Parmigiano**
Ítalskur ostur, 200 g
Verð áður 698 kr.




**498** kr. 200 g

**Grana Padano**
Ítalskur ostur, 200 g
Verð áður 598 kr.

**100**kr verðlækkun




**398** kr. 100 g

**Ítölsk Þurrskinka**
100 g - Verð áður 498 kr.

ÍTALSKIR TÓMATAR




**79** kr. 400 g

**Euro Shopper Tómatar**
400 g, 2 tegundir




**198** kr. 200 g

**Bónus Pizzablanda**
Rifinn ostur, 200 g




**198** kr. 430 g

**Bónus**
**Pizzasósa,** 430 g

# BÓNUS

## skilar til viðskiptavina

**ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kjúklingakvóta til innflutnings á kjúklingakjöti***

TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTI SKAMMTUR
55.000 POKAR




**1.279** kr. 900 g

**Euro Shopper Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g - Verð áður 1549 kr.

**270**kr. verðlækkun

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# Hægt er að koma í veg fyrir að maturinn endi í ruslinu

Matvælastofnun kynnir nú nýjar reglur um geymsluþolsmerkingar sem stuðla að betri nýtingu matvæla.

Leyfilegt er að hafa matvæli á markaði eftir að „best fyrir“ dagsetningin er liðin samkvæmt breytingum á reglugerð um upplýsingar um matvæli sem gerðar voru í fyrra. Matvælastofnun er nú þessa dagana að fara að kynna fyrir neytendum geymsluþolsmerkingar.

„Breytingin stuðlar að því að hægt verður að nýta matvælin betur. Þetta á við um þurrvörur og ýmsar aðrar vörur sem geymast lengi auk kælivöru sem ekki er hætta á að í vaxi einhverjar varasamar örverur,“ útskýrir Jónína Stefánsdóttir, sérfræðingur hjá Matvælastofnun.

Hún segir að matvælafyrirtæki verði að meta út frá faglegri þekkingu og eiginleikum matvælanna hvort þau noti merkinguna „best fyrir“ eða „síðasti notkunardagur“.

Kynningin um geymsluþolsmerkingar tengist átaksverkefni um hugarfarsbreytingu um matarsóun en Umhverfisstofnun vinnur nú að rannsókn á umfangi matarsóunar á Íslandi. Safna á upplýsingum um hversu miklum mat og drykk er hent inni á heimilum, í matarframleiðslu, í heildsölu og smásölu, á veitingastöðum og í mötuneytum. Jafnframt á að safna upplýsingum um hversu stóran hluta af matvælunum væri hægt að nýta. Rannsóknin er unnin með styrk frá Evrópsku hagstofunni.

Á vef Evrópsku neytendaaðstoðarinnar, ena.is, er bent á nokkur góð ráð frá framkvæmdastjórn neytendamála hjá Evrópusambandinu um hvernig draga megi úr sóun matvæla.
**ibs@frettabladid.is**

Breytingin stuðlar að því að hægt verður að nýta matvælin betur. Þetta á við um þurrvörur og ýmsar aðrar vörur sem geymast lengi auk kælivöru sem ekki er hætta á að í vaxi einhverjar varasamar örverur.



Jónína Stefánsdóttir, sérfræðingur hjá Matvælastofnun



Matvæli í gámi á Íslandi. Umhverfisstofnun vinnur nú að rannsókn á umfangi matarsóunar á Íslandi.

## Ráð Evrópsku neytendaaðstoðarinnar

**1. Skipuleggðu innkaupin.** Kannaðu hvað þú átt til í skápunum, gerðu innkaupalista – og farðu aldrei svöng/svangur að versla.

**2. Kannaðu dagsetningar.** Ef þú ert að kaupa eitthvað sem á ekki að neyta strax reyndu þá að finna pakkningu með rýmri fyrningardagsetningu.

**3. Hugsaðu um fjárhaginn.** Að henda mat er að henda peningum.

**4. Hugsaðu vel um ísskápinn.** Gættu þess að hann sé í góðu lagi og kæli vel. Matur geymist best við 1-5 gráður á Celsíus.

**5. Fyrst inn – fyrst út.** Gættu þess að eldri matvæli séu fremst í ísskápnum og öðrum skápum. Þá er líklegra að þú neytir þeirra fyrst og minni líkur á að þú rekist á ólystugar matarleifar aftast í ísskápnum.

**6. Skammtaðu lítið á hvern disk.** Það er alltaf hægt að fá sér aftur en óþarfi að henda mat af því að maður ræður ekki við skammtastærðirnar.

**7. Frystu.** Ef þú borðar til dæmis lítið af brauði er hætt við að það mygli og eyðileggist. Hentugra er að frysta brauðið og þíða sneiðar eftir þörfum. Það er líka gott að frysta afganga. Þá eru til örbylgjumáltíðir ef enginn nennir að elda.

**8. Nýttu afganga.** Í stað þess að henda afgöngum í ruslið má nýta þá í nesti næsta dags eða frysta til notkunar seinna. Ávextir sem eru orðnir mjúkir henta vel í bökur, brauð og skyrdrykki.

**9. Gefðu garðinum að borða.** Þótt öllum framangreindum ráðum sé fylgt fer alltaf einhver matur til spillis. Þess vegna er tilvalið að fá sér moltutunnu því að með því fæst áburður fyrir gróðurinn.

Ráð
Matur



## Hvítlauk og chili má geyma í frysti

Til þess að hvítlaukurinn þorni ekki og fari að spíra er tilvalið að geyma hann í frysti, að því er segir á vef Leiðbeiningastöðvar heimilanna. Skipta á lauknum í geira og taka hýðið utan af honum. Auðvelt er að skera hvítlaukinn þótt hann sé frosinn. Chili hættir einnig til að þorna og þess vegna er frystirinn góður geymslustaður.

Gott ráð er að skera niður afganga af osti sem farinn er að harðna, stinga inn í frysti og rífa þegar á þarf að halda eða rífa ostinn áður en hann er settur í frystinn.

Lárperu er einnig hægt að geyma í frysti. Hýði og steinn er fjarlægt, lárperan skorin í bita og henni pakkað inn í plastfilmu áður en hún er sett í plastbox. Einnig má geyma lárperumauk í frystinum.

App
Skyscanner

## Hægt að sjá hvert ódýrast er að fljúga

Skyscanner-appið gerir þér kleift að bera saman og bóka flug nú þegar styttist í sumarfrí. Hægt er að leita að ferðum frá Íslandi til „Everywhere“ og þá sérðu hvert er ódýrast að fljúga. Einnig er hægt að velja heilu mánuðina til þess að sjá hvaða dag í mánuðinum er ódýrast að fljúga.



Fyrsta klukkustundin í skammtímastæði hækkar úr 230 krónum í 500 krónur.

## Hærra gjald fyrir bílastæði

Frá og með morgundeginum, 1. apríl, kostar fyrsta klukkustundin í skammtímastæði við Leifsstöð 500 krónur. Hver klukkustund eftir það kostar 750 krónur. Fyrstu 15 mínúturnar eru gjaldfrjálsar. Fyrsta klukkustundin kostaði áður 230 krónur.

Í langtímastæði hækkar sólarhringsgjald í fyrstu viku úr 950 krónum í 1.250 krónur. Sólarhringsgjald í annarri viku hækkar úr 600 krónum í 950 krónur. Í þriðju viku hækkar sólarhringsgjaldið úr 400 krónum í 800 krónur. **– ibs**



Neytandinn **Eiríkur Orri Guðmundsson** læknir og vínáhugamaður

## Áhugamenn haldi bókhald um vín

„Ég reyni yfirleitt að eiga rautt og hvítt húsvín. Þá eitthvað rautt sem passar með flestu og sömuleiðis með það hvíta,“ segir Eiríkur Orri Guðmundsson, sem heldur úti síðunni Vínsíðan.com þar sem hann heldur uppi skrifum og fróðleik um vín.

„Maður þarf að hafa í huga verð og gæði eins og með allt annað. Þegar ég er að leita mér að einhverju reyni ég að finna eitthvað sem er óvenju gott miðað við verð,“ segir hann og bendir á að vissulega verði hver og einn að meta hversu miklu maður á að leyfa sér hvað verð varðar.

„Maður fer ekki í það ódýrasta og ekki það dýrasta. Yfirleitt er um að ræða vín sem fæst í flestum búðum, það þýðir að vínin seljast vel, það ætti að vera traust,“ segir hann. „Ég er yfirleitt að horfa á eitthvað rétt yfir 2.000 krónurnar. Það þarf að vera gott ef ég fer yfir 2.500 í venjulegu húsvíni. Sömuleiðis má fara aðeins neðar, í 1.800 til 1.900 krónur, ef það er eitthvað gott.“



Eiríkur Orri segist ekki fara í dýrasta vínið og ekki það ódýrasta. NORDICPHOTOS/GETTY

Eiríkur segir að engin sérstök þrúga eða framleiðsluland sé hentugt í þessum efnum. „Það er allur gangur á því. Undanfarin ár hefur þó oft þótt gott að kaupa frá Spáni og Ítalíu. Það sem er í boði núna kemur frá árum sem voru góð. Nánast sama hvaðan þau koma er það gott, sama er með vín frá Suður-Frakklandi.“

Hann segir að þeir sem vilja gerast áhugamenn um vín ættu að byrja að prófa sig áfram. „Svo er ágætt að halda einkabókhald um þetta á skipulagðan hátt. Einfalt er áður en maður fer að spá í einstaka framleiðendur ef maður skrifar hjá sér til dæmis „Rioja vín 2010, það var gott eða Bordeux 2009, var ekki gott,“ svo getur maður farið að prjóna utan um þetta að vild,“ segir hann og bendir fólki á að nota snjallsíma til að taka mynd af víninu og skrá það hjá sér. **– srs**



Viðskiptavinir sendu oft fyrirspurnir til Neytendasamtakanna vegna ferðaþjónustu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Mest spurt um ferðir, fjármál og fjarskipti

Neytendasamtökunum bárust alls 8.049 erindi í fyrra, sem er svipað og á árinu 2014. Þrjátíu prósent fyrirspurnanna vörðuðu þjónustukaup, 28 prósent vörukaup og 26 prósent húsaleigu. 14 prósent voru almenn erindi en 2 prósent snerust um Evrópsku neytendaaðstoðina.

Á vef Neytendasamtakanna segir að þegar kom að þjónustukaupum hafi verið algengast að kvartanir eða fyrirspurnir neytenda sneru að ferða-, fjarskipta- eða fjármálaþjónustu.

DACIA
www.dacia.is

Hugsanlega sennilega

# STÆRSTI, ÓDÝRASTI OG SPARNEYTNASTI FJÖLSKYLDUBÍLL Á ÍSLANDI

## DACIA LOGAN MCV DÍSIL




Verð kr.

**2.790.000** þús.

****Bílalán kr.279.00 innborgun og kr. 42.804 á mán í 84 mánuði.**

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)

Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*

*Miðað við uppgefna eldsneytisnotkun framleiðanda í blönduðum akstri.

**Hlaðinn staðalbúnaði m.a.;** Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass" tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.

Dacia eco2

**Mánaðarlegar afborganir af bílaláni í 84 mánuði samkvæmt fjármögunuar reiknivél Lykill.is.
Verð og afborganir geta breyst án fyrirvara. Gengið frá fjármögnun á staðnum. Árleg hlutsfallstala kostnaðar 11,41%.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# VIÐSKIPTI

## Enn segir Síminn upp starfsmönnum

Tíu manns var sagt upp hjá Símanum og dótturfélögum í gær og í fyrradag. Þeir sem sagt var upp starfa víðsvegar í samstæðu Símans. Uppsagnir hafa verið tíðar hjá Símanum það sem af er ári.

Starfsmönnum fyrirtækjasamstæðu Símans hefur fækkað um tíu prósent á þessu ári vegna hagræðingar og sölu dótturfélaganna Stöku og Talentu. Nú um mánaðamótin fækkar stöðugildum um fimmtán hjá samstæðunni, þar af hætta fimm vegna aldurs.

Fjórtán starfsmönnum Símans var sagt upp störfum í janúar og þrettán í febrúar. Í fyrra tilvikinu sagði Síminn að mikilvægt væri að sníða sér stakk eftir vexti og í seinna tilvikinu sagði Síminn að um væri að ræða áherslubreytingar í rekstri markaðs- og vefdeilda fyrirtækisins.

Í tilkynningu frá Símanum segir að harðnandi samkeppni á fjarskiptamarkaði og hækkandi rekstrarkostnaður kalli á breytingar innan fyrirtækisins. – sg

## Sammála um óbreytta vexti

Enginn nefndarmanna í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands taldi ástæðu til að breyta stýrivöxtum á síðasta fundi nefndarinnar, sem fór fram 16. mars.

Í fundargerð peningastefnunefndar sem birt var í gær kemur fram að nefndin hafi verið sammála um að líklegt væri að hækka þyrfti stýrivexti enn frekar á næstu misserum í ljósi vaxandi innlends verðbólguþrýstings þrátt fyrir að alþjóðleg verðlagsþróun og sterkari króna veiti svigrúm til að hækka vexti hægar en áður var talið nauðsynlegt.

Stýrivextirnir voru hækkaðir um 1,25 prósentustig á síðasta ári og eru nú 5,75 prósent. – ih

## Allt sama tóbakið?



Tóbakskaupmenn ræða kaup og kjör á fyrsta degi tóbaksmarkaðar í Harare, höfuðborg Simbabve. Landsmenn hafa selt tóbak að verðmæti 28 milljarða króna á fyrstu mánuðum ársins. Stærstur hluti hefur farið til nágrannalandsins Suður-Afríku og Kína. Talið er að um 350 milljónir manns reyki í Kína. Búist er við að 158 milljónir kílóa af tóbaksuppskeru ársins í Simbabve seljist en það er um 20% minna en árið 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Jóhannes Baldursson, fyrrverandi stjórnarmaður Thorsil. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Jóhannes Baldursson úr stjórn Thorsil eftir dóm

Jóhannes Baldursson, er hættur í stjórn Thorsil og Northsil, stærsta hluthafa Thorsil. Jóhannes hóf fyrr á þessu ári afplánun á Kvíabryggju vegna BK-47-málsins þar sem hann var dæmdur í þriggja ára fangelsi í Hæstarétti. Jóhannes var þar að auki dæmdur í tveggja ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í lok síðasta árs fyrir aðild sína að Stím-málinu. Þeim dómi hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Þá gaf héraðssaksóknari út ákæru á hendur Jóhannesi og fjórum öðrum fyrrverandi starfsmönnum Glitnis í markaðsmisnotkunarmáli fyrr í þessum mánuði.

Thorsil stefnir á að reisa Kísilver í Helguvík. Hákon Björnsson, forstjóri Thorsil, á 9,7 prósenta hlut í Northsil og vonast til að ljúka megi fjármögnun kísilversins fyrir apríllok. Gangi það eftir sé vonast til að framkvæmdir af hálfu Thorsil geti hafist með haustinu og framkvæmdatími verði um tvö ár. Fyrirtækið hefur fimm sinnum fengið frest til að hefja greiðslu gatnagerðargjalda, nú síðast til 15. maí.

Jóhannes var fulltrúi félagsins Traðarsteins í stjórnunum en félagið á 19,6 prósenta hlut í Northsil. Traðarsteinn er til helminga í eigu Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja, og fyrrverandi eiginkonu hans, Helgu S. Guðmundsdóttur. Northsil á svo 68 prósenta hlut í Thorsil. – ih

# Telur arðgreiðslurnar ekki hafa verið of háar

**Út frá viðskiptalegum forsendum er ekki hægt að segja að arðgreiðslur tryggingafélaganna hafi verið of háar, að mati greiningardeildar Capacent. Íslensk tryggingafélög eru mjög frábrugðin félögum í nágrannalöndunum.**

Arðsemi íslenskra tryggingafélaga hefur verið eðlileg undanfarin ár og arðgreiðslurnar sem voru fyrst ákvarðaðar á þessu ári voru ekki of háar út frá viðskiptalegum forsendum. Þetta segir Hrannar Hólm, sérfræðingur í greiningardeild Capacent. Hann heldur erindi um tryggingafélögin á morgunverðarfundi Capacent í dag undir yfirskriftinni Hvernig virka tryggingafélög? Eru háar arðgreiðslur af lágar?

Hrannar segir að afkoma íslenskra tryggingafélaga sé heldur frábrugðin afkomu félaga í nágrannaríkjum. „Tryggingafélög í nágrannalöndum eru með miklu betri tryggingarekstur, þau eru með afgang frá rekstrinum. Iðgjöld í Noregi og Danmörku standa undir rekstrarkostnaði og tjónum. Þannig hefur það ekki verið á Íslandi. Það sem kemur sér vel fyrir tryggingafélög á Íslandi er að þau lifa í hávaxtaumhverfi. Þau geta ávaxtað peninginn sem þau hafa. Það er ástæðan fyrir því að arðsemin hefur verið í lagi, en það tengist ekki tryggingarekstrinum,“ segir Hrannar.

> Hagnaðurinn í Danmörku og Noregi er byggður á tryggingarekstrinum, en á Íslandi á ávöxtun fjármuna. Við teljum að þetta geti breyst á Íslandi. Menn verða að ná betri tökum á tryggingarekstrinum, þú getur ekki treyst á þessa ávöxtun.
>
> Hrannar Hólm, sérfræðingur hjá Capacent



**9,6** milljarða króna vildu VÍS, TM og Sjóvá greiða hluthöfum sínum í arð vegna síðasta reikningsárs.

„Þannig að hagnaðurinn í Danmörku og Noregi er byggður á tryggingarekstrinum, en á Íslandi á ávöxtun fjármuna. Við teljum að þetta geti breyst á Íslandi. Menn verða að ná betri tökum á tryggingarekstrinum, þú getur ekki treyst á þessa ávöxtun. Ef vaxtastig á Íslandi lækkar einhvern tímann þá verður erfiðara fyrir tryggingafélög að reka sig.“

Hrannar segir að á undanförnum árum hafi arðsemi tryggingafélaga verið eðlileg, út af fjárfestingartækifærum. „Hún er í takt við þá kröfu sem fjárfestar gera á sitt fé sem þeir leggja inn í fyrirtækið,“ segir Hrannar.

„Arðgreiðslurnar sem ákvarðaðar voru í byrjun árs, sem eru eina leiðin fyrir hluthafa að fá ávöxtun á sínu fé, voru ekki of háar út frá viðskiptalegum forsendum. Við ætlum ekki að leggja mat á það hvað fólki finnst og hvað sé rétt eða rangt pólitískt. En hreint og klárt viðskiptalega, þegar ekki er búið að greiða út arð í langan tíma og peningurinn er búinn að safnast upp inni í félaginu, þá geturðu tekið ákvörðun um að annaðhvort greiða arðinn út til eigenda eða til tryggingahafa,“ segir Hrannar Hólm. saeunn@frettabladid.is



the PIER
20% AFSLÁTTUR
HAAG SÓFI - H/V TUNGA
ÁÐUR 229.900,- NÚ 183.920,-
Stærð: 325x143x210 cm.
MAPIRE
MINI SKEMILL
ÁÐUR 12.990,- NÚ 10.392,-
Stærð: 42xH28 cm.
3 FYRIR 2 AF KERTUM & PÚÐUM
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM
GILDISTÍMI 31. MARS – 6. APRÍL • NÝJAR VÖRUR Á PIER.IS
DUCHESS STÓLL
ÁÐUR 49.900,-
NÚ 39.920,-
Stærð: 77x72xH88 cm.
ROYAL
HÆGINDASTÓLL
ÁÐUR 69.900,-
NÚ 55.920,-
Stærð: 84x86xH93 cm.
PAPASAN STÓLL
ÁÐUR 12.990,-
NÚ 10.392,-
PAPASAN PULLA
9.990,-
HOJAI BEKKUR
ÁÐUR 19.990,- NÚ 15.992,-
Stærð: 100x30xH54 cm.
ADELINE BORÐ
ÁÐUR 29.900,- NÚ 23.920,-
Stærð: 60x60xH60 cm.
ASTI
BORÐSTOFUSTÓLL
ÁÐUR 19.990,- NÚ 15.992,-
Stærð: 46.5x57.5xH95.5 cm.
MOSELLE NÁTTBORÐ
ÁÐUR 19.990,- NÚ 15.992,-
Stærð: 48x35xH69 cm.
ESSENCE SNYRTIBORÐ
ÁÐUR 39.900,- NÚ 31.920,-
Stærð: 108.5x38xH80 cm.
A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
BAROQUE NÁTTBORÐ
ÁÐUR 25.900,- NÚ 20.720,-
Stærð: 48x38xH70 cm.
NID
KÖRFUSTÓLL
ÁÐUR 59.900,- NÚ 47.920,-
Stærð: 94xH194 cm.
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is

# Traustið



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Þrír ráðherrar í ríkisstjórninni eru á lista skattrannsóknarstjóra yfir eigendur aflandsfélaga. Mál eiginkonu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra sem á félag á Bresku Jómfrúaeyjum hefur verið í brennidepli frá því hún upplýsti um eign sína í þarsíðustu viku. Á þriðjudag kom það svo í ljós að Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Ólöf Nordal innanríkisráðherra eru tengd félögum í skattaskjólum. Bjarni átti 40 milljóna króna hlut í félagi sem staðsett var á Seychelles-eyjum, en hélt að það væri skráð í Lúxemborg. Ólöf og eiginmaður hennar voru hins vegar með umboð fyrir félag sem stofnað var í nafni þeirra hjóna á Bresku Jómfrúaeyjum sem þau tóku aldrei yfir.

Það er ekki ólöglegt að vera ríkur á Íslandi. Meira að segja getur það verið mun heppilegra en hitt, að stjórnmálamenn séu fjárhagslega sjálfstæðir.

En þorri Íslendinga á bágt með að tengja við þörfina á því að vera með sérfræðinga sem búa til félög á fjarlægum eyjum til að halda utan um milljóna fjárfestingar. Og þrátt fyrir að ekkert bendi til þess að það hafi verið nokkuð ólöglegt við þessa gjörninga, þá snúast þeir samt sem áður um skattaskjól, þar sem peningar sem verða til hér á landi eru færðir til og geymdir annars staðar, þar sem íslenskt samfélag fær ekki notið þeirra.

Mál ráðherranna þriggja eru pólitískt óheppileg. Það er óheppilegt að Bjarni hafi sagt í viðtali fyrir um ári að hann hefði ekki átt neinar eignir eða viðskipti í skattaskjólum. Það er óheppilegt að eiginkona Sigmundar ákveði að geyma fjármuni sína erlendis þegar aðrir Íslendingar búa við höft og geta ekki verið með erlendan sparnað. Og það er óheppilegt að ráðherrar hafi yfirhöfuð átt eða eigi félög í skattaskjólum á sama tíma og alþjóðasamfélagið, sem Ísland tilheyrir, berst gegn tilvist þeirra. Afar óheppilegt, en ekki ólöglegt.

En málin eru eðlisólík innbyrðis. Samkvæmt upplýsingum frá Bjarna og Ólöfu er í þeirra tilvikum um að ræða tíu ára gömul félög sem hafa ekki verið starfandi frá því þau settust í ráðherrastól. Í félagi eiginkonu Sigmundar eru hins vegar háar fjárhæðir sem ákveðið hefur verið að geyma erlendis eftir að hann tók að sér að vera helsti talsmaður alls sem íslenskt er, sér í lagi íslensku krónunnar.

Stjórnarandstaðan á Alþingi krefst þess að stjórnin víki og hyggst leggja fram þingsályktunartillögu um þingrof. Hún telur traust milli þings og þjóðar horfið – almenningur verði að fá að segja hug sinn í kosningum. Slík þingsályktunartillaga myndi varla hafa nokkrar beinar afleiðingar yrði hún samþykkt, enda er það aðeins á færi forseta Íslands ásamt forsætisráðherra að rjúfa þing formlega. Samþykkt slíkrar tillögu myndi þó líkast til hafa pólitískar afleiðingar og væntanlega vera undanfari vantrauststillögu á hendur forsætisráðherra.

Ráðherrar ríkisstjórnarinnar telja enga hættu steðja að stjórninni og standa keikir, enda með ríflegan meirihluta að baki sér. Líklegt verður að telja að stjórnin muni standa þetta af sér eins og önnur mál sem hingað til hafa komið upp. Það breytir því þó ekki að trúverðugleiki þeirra hefur beðið hnekki.

**Það er óheppilegt að ráðherrar hafi yfirhöfuð átt eða eigi félög í skattaskjólum á sama tíma og alþjóðasamfélagið, sem Ísland tilheyrir, berst gegn tilvist þeirra.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Flókið heimilisbókhald**

Sigurður Ingi Jóhannsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, sagði í fréttatíma Stöðvar 2 í gær að það væri flókið að eiga peninga á Íslandi. Þetta sagði hann í samhengi við eignir eiginkonu forsætisráðherra í skattaskjóli. Hann ætti reyndar að hlusta betur á kollega sinn í fjármálaráðuneytinu sem er búinn að sýna fram á að enn erfiðara er að eiga fjármagn í útlöndum en hann týndi heilu eignarhaldsfélagi, hélt að það væri í Mið-Evrópu en það reyndist vera á miðju Indlandshafi. Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, orðaði þetta reyndar best á Facebook í gær: „Held að flestir upplifi að það sé flókið að eiga ekki peninga.“

**Rússnesk rúlletta**

Verði tillaga um þingrof að veruleika mun hún vafalaust bitna á öllum flokkum. Stjórnarflokkarnir ganga óvinsælir til kosninga án þess að klára mikilvæg mál líkt og afnám hafta og fá ekki að leggja fram hin reglulegu kosningafjárlög. Píratar mælast stærstir en eru ekki tilbúnir til kosninga. Innviðir þeirra eru slæmir og framboð þeirra mun einkennast af óvinsælum lukkuriddurum þar sem hver höndin er uppi á móti annarri. Síðan þarf ekki að hafa mörg orð um fylgi hinna stjórnarandstöðuflokkanna. Hinar óvæntu kosningar yrðu því lítið annað en rússnesk rúlletta.

stefanrafn@frettabladid.is

# Grunnlífeyrir skertur á ný vegna lífeyrissjóða!



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Í tillögum um endurskoðun almannatrygginga er gert ráð fyrir því, að grunnlífeyrir verði skertur á ný vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. Lengi vel var samstaða um það, að ekki mætti hreyfa við grunnlífeyri almannatrygginga. Hann væri heilagur. Og þannig er þetta í Noregi. Þar fá allir grunnlífeyri án tillits til tekna. Á krepputímanum hér var talið nauðsynlegt vegna fjárhagserfiðleika að skerða grunnlífeyri. Félag eldri borgara í Rvk og LEB mótmæltu þessu og kröfðust þess, að þessi skerðing yrði afnumin. Við því var orðið 2013 eftir þingkosningarnar. Það er því furðulegt, að nú skuli strax eiga að byrja að skerða grunnlífeyri á ný vegna lífeyrissjóða.

Ég tel tillögurnar um endurskoðun almannatrygginga meingallaðar. Stærsti gallinn er sá, að það er engin kjarabót fyrir lægst launuðu lífeyrisþegana, þá sem eingöngu hafa tekjur frá TR. Þeir fá enga hækkun. Þó er það viðurkennt, að ekki sé unnt að lifa af hinum lága lífeyri. Annar stór galli er sá, að skerðingarhlutfallið, 45%, er alltof hátt eins og Landssamband eldri borgara hefur bent á. Í Noregi er engin skerðing og í Danmörku 30% eftir frítekjumark. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sendi eldri borgurum bréf fyrir síðustu kosningar og lofaði að afnema allar tekjutengingar almannatrygginga. Samkvæmt því átti að afnema alveg skerðingu lífeyris aldraðra hjá TR vegna lífeyrissjóða. Það hefði legið beint við að efna þetta loforð við endurskoðun almannatrygginga. En þvert á móti er ný skerðing tekin upp á grunnlífeyri.

Samkvæmt tillögum um TR eru öll frítekjumörk felld niður. Af því og háu skerðingarhlutfalli leiðir, að skerðing lífeyris aldraðra hjá TR vegna atvinnutekna eykst og erfiðara fyrir eldri borgara að vinna, ef þeir hafa heilsu til. Skerðing vegna greiðslna úr lífeyrissjóði minnkar lítið þrátt fyrir loforð um að afnema hana alveg.

**Lengi vel var samstaða um það, að ekki mætti hreyfa við grunnlífeyri almannatrygginga. Hann væri heilagur. Og þannig er þetta í Noregi. Þar fá allir grunnlífeyri án tillits til tekna.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Allt eða ekkert?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Kunningi minn sagði mér um daginn sögu af banka sem hann hafði og fjölskylda hans öll skipt við um margra áratuga skeið. Bankinn reyndi eftir hrun að hafa af honum húsið eins og mörgum öðrum (tíu þúsund nauðungarsölur hafa farið fram frá hruni, þrjár til fjórar á dag). Bankinn hafði þó að þessu sinni ekki erindi sem erfiði. Á lokafundinum með útibússtjóranum, að lokinni undirskrift samnings sem tryggði kunningja mínum áframhaldandi eignarhald á húsi sínu, fékk hann útibússtjóranum miða með frægri tilvitnun í John F. Kennedy Bandaríkjaforseta líkt og til að lýsa framgöngu bankans eins og hún horfði við honum: „Mitt er mitt. Þitt er samningsatriði.“ Útibússtjórinn leit á miðann og sagði: „Enda var hann skotinn.“

**Ýta og ýta**

Donald Trump, kaupsýslumaðurinn sem stefnir á að verða forsetaframbjóðandi repúblikana í Bandaríkjunum í haust, birti fræga bók um samningatækni 1987, The Art of the Deal. Þar segir hann (í þýðingu minni): „Aðferð mín við samningaborðið er sáraeinföld, hrein og bein. Ég stefni mjög hátt og held áfram að ýta og ýta til að fá mitt fram. Fyrir kemur að ég sem um minna en ég ætlaði, en oftast fæ ég vilja mínum framgengt.“ Aðferð Trumps mætti kalla „Allt eða ekkert“ sem er annað vel þekkt dæmi um ósveigjanleika í samningum. Hvorugur aðilinn getur undir venjulegum kringumstæðum ætlazt til að fá allt sitt fram. Sanngirni og sveigjanleiki í samningum felast í að mætast á miðri leið.

**Þjóðaratkvæðagreiðslu má líkja við bindandi samning um að niðurstaða hennar skuli virt. Gildir þá einu hvort hún er kölluð ráðgefandi eða bindandi þar eð þjóðin er æðri þinginu.**

**Ganga á gerðar sættir**

Eiga menn þá alltaf að reyna að mætast á miðri leið? Nei. Setjum svo að samningur hafi verið gerður og annar aðilinn biðji strax um betri samning. Á hinn aðilinn þá að setjast aftur að samningaborðinu? Ef Árni og Bjarni sömdu um að skipta landareign til helminga, á Árni þá að setjast niður strax aftur með Bjarna til að semja við hann um að skipta sínum hlut upp á nýtt? Nei, auðvitað ekki eins og ráða má af tilvitnuninni í Kennedy að framan. Þeir voru búnir að semja. Upphafsstaðan skiptir máli. Í nýjum samningum reyna sanngjarnir menn að mætast á miðri leið, en ekki að nýloknum samningum. Orð og undirskriftir skulu standa. Annað heitir að ganga á gerðar sættir.

**Þjóðaratkvæði sem samningur**

Því er þessi saga reifuð hér að sumir virðast telja það vitna um óbilgirni og einstrengingshátt að krefjast þess að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar um nýja stjórnarskrá 2012 sé virt. Hugsunin er þá sú að menn þurfi að mætast á miðri leið. Þeir sem halda þessari skoðun fram flaska á einföldu atriði: þeim láist að gera greinarmun á nýjum samningum og nýloknum samningum.

Tökum dæmi. Menn geta samið fyrir fram um úrslit í knattspyrnuleik (það er að vísu brot gegn gildandi reglum, en látum það liggja milli hluta), en menn semja ekki um úrslitin eftir á. Að loknum leik liggja úrslitin fyrir og þeim verður ekki haggað. Líku máli gegnir um kosningar. Menn og flokkar geta gert með sér bandalög fyrir kosningar, en um úrslitin verður ekki samið eftir á. Úrslitin standa. Kosningar eru bindandi. Þær ber því að skoða sem frágengna samninga, gerðar sættir, enda gerist það næstum aldrei að kosningaúrslitum sé breytt eftir á.

Þjóðaratkvæðagreiðslu má líkja við bindandi samning um að niðurstaða hennar skuli virt. Gildir þá einu hvort hún er kölluð ráðgefandi eða bindandi þar eð þjóðin er æðri þinginu. Sé atkvæðagreiðslan ráðgefandi skv. lögum þarf e.t.v. ekki að hlíta niðurstöðu hennar út í yztu æsar heldur dugir að hlíta úrslitunum efnislega. Þann skilning lagði meiri hluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, sex nefndarmenn af níu, í málið á síðasta kjörtímabili og einsetti sér því að gera aðeins orðalagsbreytingar á frumvarpi Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá en engar efnisbreytingar. Forsagan var öllum ljós. Alþingi hafði heitið þjóðinni nýrri stjórnarskrá í 70 ár án þess að efna heitið. Hefði Alþingi ætlað að nýta sér að atkvæðagreiðslan var ráðgefandi frekar en bindandi hlaut þingið að ætla sér að styrkja frumvarpið með almannahag að leiðarljósi frekar en veikja það til að þóknast sérhagsmunum. Ef Alþingi hyggst á hinn bóginn skýla sér á bak við þá staðreynd að atkvæðagreiðslan var ráðgefandi með því að brjóta efnislega gegn úrslitum atkvæðagreiðslunnar, þá eru það svik: samningsrof.

Valgerður Bjarnadóttir, einn fulltrúinn í stjórnarskrárnefnd Alþingis, lýsir vandanum vel með einkunninni sem hún gefur tillögum nefndarinnar í grein í Herðubreið: „Útkoman er sú sem afturhaldsöflin geta fallist á.“

# Forsætisráðherra sest með Kára



Ólafur Grétar Gunnarsson
fjölskyldu- og hjónaráðgjafi

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra ætlar að setjast niður með Kára Stefánssyni. Heilbrigðiskerfið verður eflaust til umræðu þar. Eitt af því sem ráðherrann getur áorkað strax er að vinna í að hans flokkur greiði atkvæði gegn breytingum á áfengislöggjöfinni.

Kári tók nýlega undir andmæli allra fagstétta sem vinna að menntun og velferð barna varðandi breytingar á áfengislöggjöfinni. Þegar Kári stofnaði Velferðarsjóð íslenskra barna árið 2000 var full þörf á að hlúa betur að börnum á Íslandi. Sjóðurinn hefur frá stofnun styrkt um meira en 800 milljónir króna margvísleg verkefni sem hlúa að velferð og geðheilbrigði barna. Enn er aðkallandi að sinna geðheilbrigðismálum barna betur, eins og langir biðlistar segja til um. Nú hefur allsherjar- og menntamálanefnd samþykkt frumvarpið um breytt fyrirkomulag á sölu áfengis. Í samþykkt nefndarinnar kemur fram að heimilisofbeldi muni aukast með breyttu fyrirkomulagi á sölu áfengis. Undirritaður veit ekki til þess að slík samþykkt máls með yfirlýsingu um afleiðingar samþykktar hafi átt sér stað áður á alþingi eða í þingum landa sem við berum okkur saman við. Heimilisofbeldi hefur margvíslegar alvarlegar afleiðingar, ekki síðst á geðheilbrigði barna. Í miklum meirihluta tilfella eru börn og barnshafandi konur fórnarlömb.

Eitt mikilvægasta viðfangsefni samfélagsins er að efla geðheilbrigði barna. Það er málefni sem stofnanir samfélagsins sem fjalla um heilsu og almannaheill eru einhuga um. Allar fagstéttir sem vinna að menntunar- og velferðarmálum hafa bent á skaðann sem aukið aðgengi að áfengi veldur. Samtök foreldrafélaga og samtök barna og ungmenna eru í hópi þeirra sem eru andvíg sölu áfengis í matvöruverslunum. Meira en 70 prósent kvenna eru samkvæmt könnun Fréttablaðsins andvíg því að selja áfengi í verslunum.

**Eitt helsta þrekvirki velferðarkerfisins er árangurinn sem náðst hefur í jafnrétti kynjanna en með því að fara gegn vilja kvenna og barna í þessu máli er stigið risaskref afturábak í jafnréttismálum.**

Eitt helsta þrekvirki velferðarkerfisins er árangurinn sem náðst hefur í jafnrétti kynjanna en með því að fara gegn vilja kvenna og barna í þessu máli er stigið risaskref afturábak í jafnréttismálum. Hér er um að tefla stærra mál en svo að það snúist bara um hver fær að selja hvað. Aðgerða er þörf og flokkur ráðherrans dugar til að fella frumvarpið. Í leiðinni að tryggja að heilbrigðiskerfið veiti fjármagn til geðheilbrigðisþjónustu, frekar en vinnu vegna afleiðingar aukinnar áfengisneyslu.

Hvort ætlar forsætisráðherra Íslands að standa með þjóðinni eða forsvarsmönnum verslunarinnar í þessu mikilvæga máli?

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

MYNDBANDAGERÐ MEÐ
ADOBE PREMIERE PRO
FRÁBÆRT VERKFÆRI TIL AÐ KLIPPA OG HANNA EIGIN MYNDBÖND EÐA STUTTMYNDIR.



HEFST 3. MAÍ
www.ntv.is
ntv
Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn

# Hjálpumst að!



**Sema Erla Serdar**
formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar og frambjóðandi til varaformanns Samfylkingarinnar.

Samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna eru meira en 60 milljónir á flótta í heiminum í dag. Helmingurinn af þeim er börn. Vegna aukinna átaka, borgarastyrjalda og ofbeldis í Mið-Austurlöndum og Afríku hefur hlutfall þeirra sem óskað hafa eftir alþjóðlegri vernd vaxið svo um munar síðustu ár og ljóst er að ekkert lát verður þar á næstu árin.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna áætlar að meira en ein milljón einstaklinga hafi komið sjóleiðina til Evrópu árið 2015. Það er dropi í hafið ef litið er á heildarmyndina. Meira en helmingurinn af þeim sem hafa komist lífs af yfir til Evrópu eru konur og börn en 30% þeirra sem drukknuðu á Miðjarðarhafinu í fyrra voru börn. Mikil aukning hefur verið á því að ungar stúlkur og fatlaðir einstaklingar leggi á flótta og ljóst er að ástandið er grafalvarlegt.

Börn á flótta eru sérstaklega viðkvæmur hópur sem mikilvægt er að hlúa að. Öryggi þeirra og grundvallarréttindi eru ekki tryggð og börn á flótta eiga frekar á hættu að verða fórnarlömb misnotkunar, kúgunar, ofbeldis, vændis eða mansals auk þess sem þau eiga frekar á hættu að stríða við langvarandi líkamlega eða andlega erfiðleika vegna upplifunar þeirra á flótta.

Evrópa stendur frammi fyrir gríðarlegri áskorun. Lík rekur upp á strendur Evrópu, örvæntingarfullir hælisleitendur krækja sér undir lestarvagna, gaddavírsgirðingar eru settar upp innan landamæra Evrópu, eigur flóttamanna eru teknar af þeim, fjölskyldum er gert

**Það samfélag sem við byggjum og skiljum eftir fyrir næstu kynslóð á ekki að vera samfélag sem elur á þjóðernisrembingi og ótta við nágrannann heldur samfélag sem byggist á umburðarlyndi, samstöðu og réttlæti.**

erfitt að sameinast, ofbeldisfullar árásir eru gerðar á flóttamannamiðstöðvar, hrækt er á börn, ráðist er á flóttamenn og aðra sem ekki eru innfæddir og getuleysi evrópskra stjórnvalda veldur áhyggjum.

### Mismunun virðist meginstefið

Samhliða því vex þjóðernishyggja og fordómar aukast í evrópskum samfélögum, samtök og stjórnmálaflokkar sem ala á útlendingaandúð og múslimahatri eru stofnaðir og þeir sem þegar voru til stækka hratt. Reiðin beinist að ákveðnum hópum í samfélaginu og mismunun virðist vera meginstefið í áróðri þeirra sem ala á ótta og andúð í garð náungans.

Á umrótstímum eins og þeim sem við stöndum frammi fyrir núna er mikilvægt að muna að íslensku samfélagi hefur ekki og mun ekki stafa ógn af innflytjendum, fjölmenningu eða flóttamönnum sem hingað koma, sem eiga ekkert skylt við hryðjuverkamenn, nema að því leyti að þeir eru að flýja vígamenn hryðjuverkasamtaka í Sýrlandi og nágrannaríkjunum.

Um er að ræða menn, konur og börn sem ekki hafa gert neinum neitt nema að hafa fæðst í Sýrlandi. Um er að ræða milljónir manna sem eru fórnarlömb stríðs sem þau eiga engan þátt í að hafa skapað. Þrátt fyrir það er búið að brennimerkja þau, láta þeim líða eins og þau séu óvelkomin og byrði fyrir þennan og hinn sem kvartar undan því að verið sé að ráðast á trú þeirra og menningu með því að taka á móti flóttamönnum, sem er einmitt það sem hryðjuverkamennirnir vilja.

Það er mikilvægt að muna að við erum öll fyrst og fremst fólk, sama hvar við fæðumst, hvernig við erum á litinn eða hvað við trúum á. Við eigum öll sama rétt á mannréttindum, réttlæti og jöfnuði. Það besta sem við getum gert núna er að hjálpast að, taka vel á móti þeim sem hingað koma og gera okkar besta til þess að tryggja að allir sem hér eru fyrir og þeir sem hingað koma verði virkir þátttakendur í samfélaginu. Þar skipta móttökurnar mestu máli.

Það er núna sem við ákveðum hvernig samfélag okkar og komandi kynslóða verður. Það samfélag sem við byggjum og skiljum eftir fyrir næstu kynslóð á ekki að vera samfélag sem elur á þjóðernisrembingi og ótta við nágrannann heldur samfélag sem byggist á umburðarlyndi, samstöðu og réttlæti.

# Þjóðaratkvæði um lýðskrum



**Vésteinn Valgarðsson**
varaformaður Alþýðufylkingarinnar

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa sætt mikilli gagnrýni fyrir að svíkja kosningaloforð um þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald ESB-viðræðna. Þar hefur stjórnarandstaðan talað einu máli. En um hvað snýst málið?

### Viðræðurnar og fyrirvararnir

Aðildarumsóknin 2009 var með fyrirvörum um landbúnað og sjávarútveg. Samninganefndir Íslands og ESB ræddu hvernig Ísland mundi aðlaga sig að regluverki ESB, þangað til kom að þessum fyrirvörum. Þá stöðvuðust viðræðurnar, því ESB veitir ekki undanþágur af því tagi sem fyrirvararnir áskildu. Og íslenska nefndin hafði ekki umboð til að víkja frá þeim.

Svo um hvað ætti að kjósa? ESB ræðir ekki fyrirvarana. Alþingi gæti að vísu fellt þá niður en það væri þá ígildi nýrrar umsóknar og fæli í sér eindreginn aðildarvilja.

Afstaða ríkisstjórnarinnar er skýr, sem og afstaða Samfylkingarinnar. En hvað segja VG? Og hvað segja Píratar?

VG segjast vera á móti aðild. Flestir þingmenn flokksins studdu samt umsóknina 2009, svo það er greinilega óljóst hver stefnan er, ef þau þá hafa stefnu. Vilja þingmenn VG hætta við fyrirvarana? Krafa VG um þjóðaratkvæði hlýtur að þýða það, ef hún þá þýðir eitthvað. Hvernig líst andstæðingum ESB-aðildar á það?

Á heimasíðu Pírata stendur að það sé „ekki hlutverk stjórnmálaflokka að taka afstöðu með eða á móti aðild“. Afstaða Pírata virðist aðallega snúast um málsmeðferðina, að lofa „upplýstri“ ákvörðun og „hlutlausum“ upplýsingum. Jæja, en vilja þeir aðild eða ekki? Flokkur sem stefnir í að ryðja til sín þingsætunum þarf að svara því – því hvert er hlutverk stjórnmálaflokka ef ekki þetta? Það er óábyrgt að kjósa flokk sem veit ekki hvað hann vill í einu helsta hagsmunamáli landsins.

### „Viðræðusinni“

Tvær skoðanir á málinu eru rökréttar: með og móti. Það er ekki rökrétt að vilja samningaviðræður nema maður vilji aðild. Því er ótrúlegt að stór hluti landsmanna sé hvorki með né á móti, heldur segist „bara vilja viðræður“ eða „kíkja í pakkann“. Það er auðvelt að kíkja í þá 28 pakka sem þegar eru til. Þar er ekki fagurt um að litast. En ef

**Hlutverk stjórnmálafólks og -flokka er ekki að láta eins og efnisatriði ESB-umræðunnar komi sér ekki við, heldur að mynda sér ígrundaða skoðun og berjast síðan fyrir henni.**

fólk getur ekki dregið ályktanir af því, þá dugar ekki annað en aðild, og að fylgjast svo með þróuninni næstu 20-30 ár, eða þangað til ekki verður aftur snúið, því við verðum gróin föst.

Þessi stórskrítna viðræðuhyggja er komin frá stjórnmálamönnum sem hafa komið sér í þá stöðu að geta stigið í hvorugan fótinn: hvorki stutt aðild beint, því það mundi afhjúpa þá sem blábera hræsnara, né barist gegn henni því þá yrði þeim sparkað úr hjónarúminu. Velja frekar orðalepp sem lætur vel í eyrum en þýðir ekkert – kannski elsta bragð stjórnmálanna.

Í lýðræðislegum stjórnmálum þarf að tala skýrt. Loðin loforð eru lýðskrum og tækifærisstefna felustaður svika og blekkinga. Hlutverk stjórnmálafólks og -flokka er ekki að láta eins og efnisatriði ESB-umræðunnar komi sér ekki við, heldur að mynda sér ígrundaða skoðun og berjast síðan fyrir henni.

Fullveldissinnar eiga nokkra valkosti í kosningum 2017. Það eru ríkisstjórnarflokkarnir, girnilegir fyrir þá sem vilja nota fullveldið til spillingar og klíkuveldis forréttindahópa. Hins vegar er það Alþýðufylkingin, ef fólk vill frekar nota fullveldið til vinna að jöfnuði, félagsvæðingu og félagslegu réttlæti.

# Rammaáætlun og góð lögfræði



**Tryggvi Felixson**
vann við 1. áfanga rammaáætlunar

Orkumálastjóri grípur þann 17. mars 2016 til andsvara við grein minni í Fréttablaðinu 3. mars og fullyrðir að ég „afflytji texta og innihald laga um Rammaáætlun þannig að það henti mínum málstað“.

Sú staðreynd að deilt er um merkingu laga um verndar- og orkunýtingaráætlun bendir til þess að þau hefðu mátt vera skýrari. Líklega getum við orkumálastjóri sammælst um það.

Á hinn bóginn er það afleit hugmynd að Orkustofnun geti ákveðið að skoða beri virkjanir á svæðum sem Alþingi hefur ákveðið að skuli fara í friðlýsingarferli. Málflutningur sem upphefur valdsvið Orkustofnunar í vinnu við rammaáætlun og sem endavendir ákvörðunum Alþings er ekki sannfærandi.

Það er grundvallaregla rammaáætlunar að svæði sem fara í verndarflokk verði ekki tilefni til frekari átaka gagnvart virkjunaráformum. Þetta kemur skýrlega fram í 3 gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Þar segir að með áætluninni sé „mótuð stefna um hvort

**Það er grundvallarregla rammaáætlunar að svæði sem fara í verndarflokk verði ekki tilefni til frekari átaka gagnvart virkjunaráformum. Þetta kemur skýrlega fram í 3 gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun.**

landsvæði þar sem er að finna virkjunarkosti megi nýta til orkuvinnslu eða hvort ástæða sé til að friðlýsa það eða kanna frekar“. Verði ekki eftir þessum fyrirmælum laganna farið bresta forsendur rammaáætlunar.

Verkefnisstjórn er ráðgjafandi nefnd sem skal byggja sínar tillögur á faglegu mati á upplýsingum. Orkustofnun skal sjá til þess að virkjunartillögur uppfylli tiltekin skilyrði sem geri þær matshæfar. Þegar verkefnisstjórn skilar af sér hefst pólitísk meðferð á tillögum verkefnisstjórnar sem lýkur með ályktun Alþingis. Þannig skal tryggja lýðræðislega ákvörðun í kjölfar faglegrar umfjöllunar. Hefði Alþingi valið þá leið sem orkumálastjóri lýsir eftir, skapast algjör óvissa um friðlýsingarferlin sem Alþingi hefur samþykkt. Þar með hefði löggjafinn stofnað til meiri vanda en hann vildi leysa.

# Computer says NO – um orð og efndir



**Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir**
þingmaður, situr í velferðarnefnd Alþingis

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks eru sett fram markmið í heilbrigðismálum sem hljóma ágætlega í eyrum landsbyggðarþingmanns. Þau eru í stuttu máli þessi:

Styrkja skal grunnþjónustu á landsbyggðinni.

Landsmenn njóti aðgengis að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu.

Íbúar landsins fái notið þeirrar grunnþjónustu sem gera á kröfu um í þróuðu nútímasamfélagi.

En hverjar eru efndirnar? Ekki hefur enn komið ein króna til fjölda heilsugæslustöðva á landsbyggðinni vegna stórfelldra launahækkana lækna þar sem lausráðnir verktakar eru við störf. Staðir sem reiða sig alfarið á verktakalækna eru til dæmis Ólafsvík, Hólmavík, Grundarfjörður og Stykkishólmur.

### Ekki möguleiki á fastráðningu

Alkunna er að ekki hefur verið möguleiki undanfarin misseri að fastráða lækna víðast hvar á landsbyggðinni þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Þessi vandkvæði hafa verið á Snæfellsnesi, Patreksfirði, Ísafirði, Hólmavík, víða á Austurlandi og á Suðurlandi. Til að forðast þjónustufall hafa stjórnendur ráðið lækna í verktöku. Þannig hefur verið unnt að halda uppi þjónustu, stundum skertri, þó að við hafi verið unað.

Læknaverktakar eru ekki inni í launakerfi ríkisins. Þeir fá ekki greitt samkvæmt reikningi eins og hver annar seljandi/veitandi þjónustu. Forstöðumenn hafa tjáð mér að þar sem þessi læknisþjónusta er ekki inni í launakerfinu hafi ekki verið gert ráð fyrir neinum launakostnaði lækna á viðkomandi heilsugæslustöðvum vegna 30-40% launahækkana lækna á liðnu ári. Segir sig sjálft að með því að taka ekki svo stórfelldar launahækkanir með í reikninginn er verið að rýra framlög til heilsugæslunnar svo nemur tugum milljóna á ári í tilviki einstaka stöðva.

### Engin viðbrögð frá ráðuneyti

Reiknilíkanið sem notast er við í öllum öðrum meginatriðum hefur verið tekið úr sambandi þegar kemur að launarekstri heilsugæslustöðvanna. Nú þegar vantar um 40% í launagrunn lækna á framangreindum stöðvum. Við þessu hefur heilbrigðisráðuneytið ekki brugðist. Svörin þar á bæ eru einfaldlega „the computer says NO“. Á meðan flæðir undan starfseminni á landsbyggðinni og íbúar upplifa sig í stöðugri varnarbaráttu.

**Læknaverktakar eru ekki inni í launakerfi ríkisins. Þeir fá ekki greitt samkvæmt reikningi eins og hver annar seljandi/veitandi þjónustu. Forstöðumenn hafa tjáð mér að þar sem þessi læknisþjónusta er ekki inni í launakerfinu hafi ekki verið gert ráð fyrir neinum launakostnaði lækna á viðkomandi heilsugæslustöðvum vegna 30-40% launahækkana lækna á liðnu ári.**

Því er spáð að með þessu áframhaldi verði mjög farið að draga úr læknisþjónustu á nefndum svæðum fyrir árslok 2016, árið 2017 verði óviðráðanlegt að óbreyttu.

Hvað ætlar heilbrigðisráðherra að gera? Ætlar hann að una þessari þróun? Var það þetta sem hann átti við þegar sett voru fram markmiðin um að styrkja grunnþjónustu á landsbyggðinni, tryggja að landsmenn njóti aðgengis að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu og að íbúar landsins fái notið þeirrar grunnþjónustu sem gera á kröfu um í þróuðu nútímasamfélagi?



REYKJAVÍK NATURA, FÖSTUDAGINN 1. APRÍL KL. 13:00

# Dagur verkfræðinnar

## Við horfum til framtíðar og veitum yfirsýn yfir líklega þróun verkfræðinnar á Íslandi næstu árin.

13:00 Setning: Kristinn Andersen, formaður Verkfræðingafélags Íslands.
13: 10 Verkfræðin á Íslandi – framtíðarsýn: Jón Atli Benediktsson, rafmagnsverkfræðingur og rektor Háskóla Íslands.

SALUR A

### Verkfræði skapar verðmæti

**Andblær – nýtt loftræstikerfi.**
*Jóhannes Loftsson verkfræðingur, Breather Ventilation.*

**Hljóðhönnun. – Til hvers?**
*Ólafur Hjálmarsson verkfræðingur, Trivium ráðgjöf.*

**Lauf forks – reiðhjólagafflar úr koltrefjum. Eðlisfræðilegar og markaðslegar ástæður velgengni.**
*Benedikt Skúlason verkfræðingur, Lauf Forks.*

**Tækninýjungar í fiskvinnslu.**
*Helgi Hjálmarsson verkfræðingur, Valka.*

KL. 14:50 – 15:20
Kaffihlé

**Upptekni umhverfissinninn.**
*Snjólaug Ólafsdóttir verkfræðingur, Andrými ráðgjöf.*

**Vitundarvakning um öryggismál.**
*María Stefánsdóttir verkfræðingur, Mannvit.*

**Samspil erfiðleikastigs og hugræns vinnsluminnis í flugumferðastjórn.**
*Eydís Huld Magnúsdóttir verkfræðingur, Háskólinn í Reykjavík.*

**Pro-Flex – A Novel Prosthetic Foot. – Design and Biomechanical Outcomes Insight.**
*Christophe Lecomte verkfræðingur, Technical Product Lead Feet – R&D Össur.*

STJÓRN:
*Sveinbjörn Pálsson verkfræðingur, Tempo.*

SALUR B

### Rafmagnsverkfræðingadeild VFÍ 75 ára

**Rafvæðing dreifbýlisins og strengvæðing.**
*Pétur Einir Þórðarson verkfræðingur, framkv.stj. Tæknisviðs RARIK.*

**Stjórnbúnaður í virkjunum.**
*Valur Knútsson verkfræðingur, Landsvirkjun.*

**Útflutningur orkuþekkingar. Frá Grænlandi til Tanzaníu.**
*Guðbjörn Gústafsson verkfræðingur, Verkís.*

**Róbótar í raforkukerfum.**
*Eggert Þorgrímsson verkfræðingur, Efla.*

KL. 14:50 – 15:20
Kaffihlé

**Verður Ísland ávallt eyja? Möguleg tenging íslenska raforkukerfisins við umheiminn.**
*Gunnar Tryggvason verkfræðingur, ráðgjafi KPMG.*

**Fimmta kynslóð farsímakerfa.**
*Sæmundur Þorsteinsson verkfræðingur, Háskóli Íslands.*

**Hjartsláttarmælingar í stórum og smáum villtum dýrum.**
*Ásgeir Bjarnason verkfræðingur, Stjörnu-Oddi.*

**Frumkvöðlar í íðorðasmíð. Kynning á starfi Orðanefndar RVFÍ í 75 ár.**
*Sigurður Briem verkfræðingur, formaður ORVFÍ.*

STJÓRN:
*María Sigríður Guðjónsdóttir verkfræðingur, lektor við HR.*

BÍÓSALUR

### Rafmagnsverkfræðingadeild VFÍ 75 ára
### Ofurtölvur og gagnaver

**Íslensk – danska ofurtölvuverkefnið.**
*Hafdís Karlsdóttir viðskiptafræðingur, settur Veðurstofustjóri.*

**The numerical weather forecast for Denmark. – Now produced in Iceland.**
*Phd. Thomas Lorenzen, System Analyst, The Danish Meterorological Institute.*

**Gallaþolin umfremdarhönnun á ofurtölvu Íslands.**
*Þorvaldur E. Sigurðsson verkfræðingur, TESCON.*

**Ísland – framtíð gagnavera og ofurtölva.**
*Helgi Helgason B.Sc. í verkfræði, Director of Operations, Verne Global.*

KL. 14:50 – 15:20
Kaffihlé

**Möguleikar þrívíddarprentunar fyrir verkfræðinga.**
*Svavar Konráðsson, nemi í vélaverkfræði.*

**Team Spark kappakstursbíllinn.**
*Verkfræðinemar HÍ.*

**Team Sleipnir kappakstursbíll og Vélfugl.**
*Verkfræði- og tæknifræðinemar HR.*

STJÓRN:
*Vigfús Gíslason verkfræðingur, Veðurstofu Íslands, stallari RVFÍ.*

## LÉTTAR VEITINGAR Í LOK DAGS
## ALLIR VELKOMNIR - FRÍTT INN

Skráning fer fram á skrifstofu VFÍ
í síma 535 9300 og á skrifstofa@verktaekni.is

Verkfræðingafélag Íslands

H:N Markaðssamskipti / SIA

# Verjum íslenska laxastofna




**Jón Helgi Björnsson**
formaður Landssambands veiðifélaga

**Viktor Guðmundsson**
formaður Landssambands stangaveiðifélaga

Fyrirhugaður er mikill vöxtur í laxeldi á Íslandi á komandi árum. Samtals hefur verið sótt um framleiðsluleyfi á um 100-120 þúsund tonnum af laxi. Gróflega má því áætla að um 50 milljónir frjórra norskra laxa verði á sundi í sjókvíum við strendur Íslands ef af þessum áformum verður. Því miður er það þannig, þrátt fyrir besta búnað og ítarlegar verklagsreglur, að laxar sleppa úr kvíum. Veiðimálastofnun hefur bent á að samkvæmt norskum rannsóknum megi áætla að það sleppi einn lax úr sjókvíum fyrir hvert framleitt tonn af laxi. Ef fyrrgreindar áætlanir ganga eftir gætu því um 100-120 þúsund laxar sloppið úr sjókvíum á hverju ári.

Til þess að setja þessar tölur í samhengi þá veiðast að meðaltali um 50.000 villtir laxar á Íslandi árlega. Miðað við algengt veiðihlutfall, sem er um 60%, ganga þá um 83.000 laxar í íslenskar ár á hverju sumri. Hrygningarstofninn er þá um 33-50.000 fiskar. Samkvæmt þessu eru allar líkur á að fleiri frjóir laxar af norskum eldisuppruna sleppi úr sjókvíum á hverju ári heldur en sem nemur stofnstærð íslenska laxastofnsins og um þrefalt fleiri að meðaltali en stærð hrygningarstofnsins. Ekki þarf að fjölyrða um afleiðingar þessa fyrir íslenska laxastofna.

**Skýrar sannanir um afleiðingar liggja fyrir**

Ný skýrsla Norsk institutt for naturforskning (NINA) sýnir hrollvekjandi afleiðingar af stórfelldu laxeldi fyrir stofna villtra laxa í Noregi. Í nýlegri skýrslu stofnunarinnar kom fram að af 125 stofnum villtra laxa sem voru rannsakaðir var þriðjungur með milda erfðamengun og þriðjungur með alvarlega eða mjög alvarlega erfðamengun. Áhrif erfðablöndunar eru háð hlutfalli innblöndunar en ef um mikla og langvarandi innblöndun er að ræða er hún óafturkræf. Norski eldislaxinn er erfðafræðilega frábrugðinn íslenska laxastofninum, hraðvaxta, verður seint kynþroska og er aðlagaður að eldi en ekki því að þrífast í íslenskri náttúru. Afleiðingin af erfðablöndun verður hnignun og útrýming þeirra villtu stofna sem fyrir eru.

**Áætlanir um eldi í Ísafjarðardjúpi**

Þrjár ár renna í Ísafjarðardjúp sem skila um 150-500 laxa meðalveiði hver. Ætlunin er að framleiða á svæðinu 6.800 tonn af laxi á hverju ári. Engar líkur eru á því að þessar ár sem hafa ekki stærri stofna en raun ber vitni þoli nábýli við sjókvíaeldi sem inniheldur 2,8 milljónir eldislaxa. LV hefur bent atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu á nauðsyn þess að friða Ísafjarðardjúp fyrir eldi norskra laxa en ráðuneytið sýnir því miður ekki þá umhverfisábyrgð að verða við beiðni sambandsins um friðun.

**Afleiðingin af erfðablöndun verður hnignun og útrýming þeirra villtu stofna sem fyrir eru.**

**Ólöglegt er að valda erfðamengun**

Íslensk lög kveða á um bann gegn blöndun laxastofna. Óheimilt er með öllu að flytja laxastofna milli veiðivatna og ekki má nota innflutta stofna til fiskræktar. Að okkar mati jafngildir jafn umfangsmikið sjókvíaeldi og nú er fyrirhugað því að sleppa norskum laxi beint í íslenskar laxveiðiár.

Mörg þeirra fyrirtækja sem eru að hasla sér völl í þessum iðnaði hérlendis hafa sótt sér hlutafé til norskra laxeldisfyrirtækja, þeirra sömu og hafa valdið því að ástand villtra laxastofna í Noregi er með þeim hætti að einungis um þriðjungur þeirra er án erfðamengunar. Norsk stjórnvöld eru nú að marka þá stefnu að laxeldið taki meira tillit til umhverfisins og eldið fari í vaxandi mæli fram í lokuðum kerfum. Með þeirri aðferð er hvorki laxalús eða strokulaxar vandamál lengur. Hingað sækja því norsku fyrirtækin í ókeypis eldisleyfi þar sem allt er gert upp á gamla mátann með tilheyrandi skaðlegum áhrifum á villta laxastofna.

Við viljum með þessari grein hvetja alla þá sem vilja verja íslenskar laxveiðiár að berjast með öllum tiltækum ráðum gegn þessari hættu sem nú steðjar að óspilltum, villtum laxastofnum og einstakri náttúru Íslands.

BÍLGREINASAMBANDIÐ

**Aðalfundur**
**Bílgreinasambandsins 2016**

**Fimmtudaginn 14. apríl kl. 14:00**
**á Grand Hótel Reykjavík**

Fundur hefst á málstofu.

Að henni lokinni taka við venjubundin aðalfundarstörf.

Nánari dagskrá verður auglýst síðar.

**Við skorum á félagsmenn að mæta !**

# Gefum heilanum gaum: Forvarnir fyrir Alzheimerssjúkdóm



**Brynhildur Jónsdóttir**
M.Sc. í sálfræði, Sálfræðiþjónustu LSH, Landakoti

Alzheimerssjúkdómurinn er framsækinn og óafturkræfur heilasjúkdómur sem smám saman veikir hugarstarf fólks, þangað til það getur ekki lengur sjálft framkvæmt einföldustu athafnir daglegs lífs. Áður en fyrstu einkenni koma fram í hegðun hefur sjúkdómurinn þó dreift úr sér í heilanum í mörg ár eða jafnvel áratugi.

Ýmsir þættir, bæði erfðafræðilegir og lífsstílstengdir, geta aukið eða minnkað líkurnar á að fólk greinist með Alzheimerssjúkdóm, en stærsti áhættuþátturinn er þó aldur. Miklar breytingar eru að verða á aldurssamsetningu vestrænna þjóða og af þessum sökum er búist við að heildarfjöldi Alzheimerssjúklinga muni aukast um 110% frá árinu 2010 til ársins 2050.

Þessi framtíðarspá veldur mörgum áhyggjum og skrifuðu 109 vísindamenn frá 36 löndum undir áskorun til forystumanna G8 ríkjanna árið 2013, um að gera forvarnir fyrir heilabilun að einu af forgangsverkefnunum í heilbrigðisþjónustu. Þessir vísindamenn töldu að í um það bil helmingi tilfella sé Alzheimerssjúkdómur til kominn af völdum þekktra áhættuþátta og með því að gera átak í að minnka þessa áhættuþætti mætti fækka sjúkdómstilfellum um fimmtung fyrir árið 2025. Aðrir hafa reiknað út að 10-15% minnkun á nokkrum áhættuþáttum Alzheimerssjúkdómsins, geti haft í för með sér fækkun sjúkdómstilfella um 1,1 til 3 milljónir á heimsvísu.

Í grófum dráttum má skipta sjúkdómsferli Alzheimerssjúkdóms í þrennt, þ.e. upplifaða minnisskerðingu, væga vitræna skerðingu og heilabilun, eftir stigvaxandi alvarleika sjúkdómsins. Fólkið sem er lengst komið í sjúkdómsferlinu og er komið á stig heilabilunar, á oft kost á dagþjálfun á endurhæfingardeildum fyrir aldraða. Engin sérhæfð endurhæfing er þó í boði fyrir fólk með upplifað minnistap eða væga vitræna skerðingu. Hér er því mikið rúm til endurbóta.

**Einungis greining en engin meðferð**

Í fyrsta lagi mætti beina forvörnum að fólki á miðjum aldri sem sumt er byrjað að þróa með sér heilabilunarsjúkdóm án þess að finna fyrir verulegum einkennum. Þetta mætti gera með markvissum aðgerðum sem miða að því að minnka reykingar, auka hreyfingu, hvetja til holls mataræðis, minnka sykursýki og meðhöndla háþrýsting. Í öðru lagi mætti bjóða fólki með allra fyrstu einkenni Alzheimerssjúkdóms, en er ennþá vel starfhæft í daglegu lífi, upp á endurhæfingu sem miðar að því að halda því sem lengst frá heilabilunarstiginu, t.d. með markvissri hreyfingu, hugrænni þjálfun, félagslegri virkni o.s.frv. Eins og staðan er í dag fær fólk á allra fyrstu stigum Alzheimerssjúkdómsins einungis greiningu en enga meðferð, að undanskildum lyfjum sem í sumum tilfellum geta hægt á framgangi sjúkdómsins í takmarkaðan tíma. Það er dapurleg staða að fá greiningu um allra fyrstu stig heilabilunarsjúkdóms en engin úrræði til að spyrna við fótum.

**Eins og staðan er í dag fær fólk á allra fyrstu stigum Alzheimerssjúkdómsins einungis greiningu en enga meðferð, að undanskildum lyfjum sem í sumum tilfellum geta hægt á framgangi sjúkdómsins í takmarkaðan tíma.**

Við lesum daglega í fjölmiðlum um aðþrengt heilbrigðiskerfi þar sem starfsfólk er á harðahlaupum við að halda öllu gangandi, oft á tíðum við óviðunandi aðstæður. Miðað við mannfjöldaspár mun álagið í fyrirsjáanlegri framtíð að öllum líkindum aukast ennþá meira ef ekkert verður að gert. Við þekkjum öll einstaklinga sem hafa náð háum aldri án þess að hugrænni færni þeirri hraki svo neinu nemi. Við vitum líka að hægt er að gera ýmislegt til að stuðla að því að sem flest okkar geti lifað lengi við góða heilsu og heilbrigt hugarstarf. Með því að fara í markvissar forvarnir getum við sparað peninga og aukið lífsgæði einstaklinga í samfélagi okkar og létt álagi af heilbrigðiskerfi framtíðarinnar.

*Lengri útgáfu þessarar greinar má finna á heilahreysti.is*

# Stefnur og sýnir



**Gestur Ólafsson**
arkitekt og skipulagsfræðingur

Fyrir nokkru átti ég orðaskipti við formann Umhverfis- og skipulagsnefndar í Reykjavík um það hvort til væri borðleggjandi húsnæðisstefna í borginni. Lærifeður mínir í skipulagsfræðum fyrir margt löngu fóru ekki í grafgötur með það hvað stefna þyrfti að innihalda til þess að geta staðið undir nafni. Þar sem ákveðin stefna í húsnæðismálum skiptir miklu fyrir alla borgarbúa er kannski rétt að rifja þessi atriði upp, svona til þess að forðast misskilning.

Þau helstu atriði sem hér um ræðir eru einkum fjögur. Í fyrsta lagi þarf það sem stefnan nær til að vera mælanlegt – t.d. fjöldi íbúða; fermetrar eða rúmmetrar. Í öðru lagi þarf stefnan að vera framkvæmanleg og gera þarf grein fyrir fjármögnun. Í þriðja lagi þarf stefnan að vera tímasett svo að hægt sé að fylgjast með framvindu hennar – t.d. 1.000 íbúðir á ári næstu 5 ár. Í fjórða lagi þarf svo einhver að vera ábyrgur fyrir framkvæmd viðkomandi stefnu. Til viðbótar má bæta því við að nú er almennt talin kurteisi við almenning að meta bæði jákvæð og neikvæð áhrif af viðkomandi stefnu áður en hún kemur til framkvæmda.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, bls. 164 er að finna stefnu borgarinnar í húsnæðismálum sem ber heitið „Húsnæði fyrir alla“. Þar segir m.a. í markmiðum að: „Leitast verði við að tryggja fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta fyrir alla félagshópa.“ Þessu er fylgt eftir með ýmsum almennum yfirlýsingum um af hverju skuli taka mið og m.a. sagt að: „Húsnæðisstefnan byggist á markmiðum um sjálfbæra þróun og hagkvæma uppbyggingu borgarinnar.“ Auðvitað er öllum frjálst að trúa hverju sem er, en samkvæmt því sem hér hefur verið sagt að ofan er þetta of óljóst til þess að hægt sé að kalla þetta stefnu. Til að vekja engar óraunhæfar væntingar hjá fólki ætti því að velja þessu eitthvert annað nafn.

Nú kann vel að vera að einhverjir Íslendingar telji okkur ekki þurfa að vanda stefnumörkun og ákvarðanatöku, eftir því sem þekkingu á þessu sviði fleygir fram og við getum haldið áfram með okkar „framtíðarsýnir“ og að skipa helstu hagsmunaaðila eða vini í nefndir til þess að ráða fram úr flóknum málum. Biflían er líka full af sögum um fólk sem sá sýnir (e: visions) og talaði tungum og hvers vegna ættum við þá að færa okkur í nyt þekktar aðferðir samtímans og kenningar um ákvarðanir (e. decision theory) við stefnumótun og nútíma skipulag ef við getum komist upp með annað?

**Kynni sér fræðin**

Þeir sem bjóða sig fram til þess að móta stefnu og taka ákvarðanir fyrir okkur hin gerðu hins vegar rétt í að kynna sér þessi fræði og nota þau við úrlausn mála. Ef það hefði verið gert vissum við Reykvíkingar t.d. hvaða stefna ríkti því að ákveðið var að skipuleggja turn fyrir innsiglingarvitann í Reykjavík og hver bar ábyrgð á að framfylgja þeirri stefnu sem kostaði okkur borgarbúa marga milljónatugi að ekki sé minnst á aðrar hremmingar sem við Reykvíkingar stöndum frammi fyrir á þessu sviði.

**Þeir sem bjóða sig fram til þess að móta stefnu og taka ákvarðanir fyrir okkur hin gerðu hins vegar rétt í að kynna sér þessi fræði og nota þau við úrlausn mála.**

Íslenskir stjórnmálaflokkar fá umtalsvert fé úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þess að standa forsvaranlega að stefnumörkun og ákvörðunum og allar líkur eru á að ungt, vel menntað fólk, geri kröfu um að tiltæk þekking verði notuð við framtíðarstefnumótun og skipulag. Ef við sem þjóð ætlum okkur eitthvað í framtíðinni held ég að við þurfum að geta orðað það skýrar en að tala óljóst um einhverja þokubakka eða sýnir á sjóndeildarhringnum. Þetta vita aðrar þjóðir, eins og t.d. Bandaríkjamenn sem aldrei hefði tekist að koma manni á tunglið ef þeir hefðu ekki notað tiltæka aðferðafræði samtímans.

Það skiptir kjósendur vaxandi máli að fá eitthvað annað en almennt orðagjálfur frá stjórnmálamönnum um einhverjar „framtíðarsýnir“ til þess að kjósendur geti bæði valið á milli einstaklinga og flokka og kallað þá til ábyrgðar sem móta viðkomandi stefnu og eiga að framfylgja henni.


4BLS KIPPA ÚT :)
NÝJUSTU GRÆJURNAR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF ÖLLUM NÝJUSTU GRÆJUNUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Í apríl fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum með 3.5% lántökugjaldi og 405kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga
AÐEINS 100 STK
240GB SSD
Frábærir SSD diskar frá Silicon Power með háhraða TLC og Toshiba stýringu, Windows ræsir sig á örfáum sek.
9.990
120GB AÐEINS 6.990
5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 14.900
GXT 363
Mögnuð 7.1 leikjaheyrnartól með hljóðnema og öflugum 50mm vibration búnaði sem tryggir nötrandi bassa.
9.900
NÖTRANDI 7.1 LEIKJAHEYRNARTÓL
15 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 44.900
SLIM BAZEL ÖRÞUNNUR RAMMI
TRUE BLACK VA LED TÆKNI MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN
27" SKJÁR
Örþunnur Slim Bezel VA-LED skjár með 178° True To Life sjónarhorn og nýrri True Black tækni!
29.900
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
MEÐ Í FERÐALAGIÐ
SPILAÐU TÓNLIST EÐA SYNGDU MEÐ Í ALLT AÐ 50 TÍMA MEÐ INNBYGGÐRI RAFHLÖÐU
FIËSTA GO
PARTÝ HLJÓÐKERFI
VERTU ROKK KONUNGURINN MEÐ ÞESSU ÖFLUGA 40W RMS FERÐAHLJÓÐKERFI, ÞRÁÐLAUST MEÐ BLUETOOTH, TENGIST ÖLLUM SNJALLTÆKJUM OG ÓTRÚLEGT Í KARÍÓKÍ
19.990
NÝ LEIKJADEILD Á NEÐRI HÆÐINNI Í HALLARMÚLANUM
TÖLVUTEK
31. MARS 2016 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# ÚRVALIÐ ER

## Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EIT

1920x1080 FHD ANTI-GLARE SKJÁR MEÐ BLUELIGHT SHIELD!

3 LITIR

### E5-473

**NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA**

Nýjasta kynslóð fartölva með Full HD skjá, öflugra þráðlausu neti, enn hraðari SSHD harðdisk og TrueHarmony hljóðkerfi.

- Intel Pentium Dual Core 3556U 1.7GHz
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 14" FHD LED AntiGlare 1920x1080
- Intel HD Graphics DX12 skjákjarni
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

FÆST Í ÞREMUR LITUM

acer

**99.990**

FÆST Í 3 LITUM

53S0

### ES1-520

- AMD A4-5000 Quad Core 1.5GHz
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED AntiGlare 1366x768
- 4GB AMD HD 8330 DX12 skjákjarni
- 2.0 hljóðkerfi með góðum hátölurum
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 480p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**59.990**

QUAD CORE Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

3 LITIR

1920x1080 FHD ANTI-GLARE SKJÁR MEÐ BLUELIGHT SHIELD!

### E5-552

- AMD A10-8700P Quad Core 3.2GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 8GB AMD R6 Carrizo DX12 skjákjarni
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.1, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**119.990**

FÆST Í 3 LITUM

1920x1080 FHD COLORBLAST SKJÁR MEÐ BLUELIGHT SHIELD!

BAKLÝST LYKLABORÐ FULLRI STÆRÐ

DOLBY DIGITAL PLUS HOME THEATER

acer

107 AIO

VANDAÐ LYKLABORÐ OG MÚS

### ASPIRE ZC

- AMD Beema Quad Core E2-6110 1.5GHz
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 7200RPM diskur
- 20" HD+ LED Glare 1600x900 skjár
- 4GB AMD R2 128GCN DX12 skjákjarni
- 2.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- 1080p FHD High Sense vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

**79.990**

ÚRVAL AF SKJÁTÖLVUM!

BURSTUÐ TITANIUM ÁFERÐ ;)

256GB SSD STÝRIKERFISDISKUR

### GIGABYTE

**mini BRIX i5 SKYLAKE TÖLVUTILBOÐ**

- GIGABYTE mini BRIX i5 borðtölva
- Intel Core i5-6200U 2.8GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD M.2 PCIe SP900 diskur
- 1GB Intel HD 520 DX12 skjákjarni
- 867Mbps Dual WIFI AC og BT 4.2
- 4xUSB3, GB Lan, HDMI, Display Port
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

**149.990**

ÚRVAL AF BRIX FRÁ 69.990

NÝ KYNSLÓÐ ENN ÖFLUGRI!

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING FYLGIR MEÐ!

Bluetooth

THONET & VANDER state.of.the.art.sound

### KUGEL BT

**HÁGÆÐA 2.0 HLJÓÐKERFI**

Mögnuð hljómgæði í þessu ótrulega 2.0 Bluetooth hljóðkerfi frá Thonet & Vander með ofur öflugum 6.5" Rage Bass bassa-keilum og hárnákvæmum silki tweeter.

- Hágæða Thonet & Vander hljóðkerfi
- 140W RMS og 40Hz - 20kHz tíðnissvið
- Rage Bass 6.5" bassakeilur í viðarboxi
- Hárnákvæmur 1" tweeter úr 100% silki
- Óaðfinnanlegur hljómur yfir allt tíðnissviðið
- BT 4.0, RCA og ljósleiðara inngangar
- Þráðlaus fjarstýring með Equalizers
- Kristaltær tónlist, kvikmyndir og leikir

**49.990**

BLUETOOTH ÞRÁÐLAUST

TYTAN BT

FRÁBÆR FJARSTÝRING FYLGIR MEÐ!

Trust

### TYTAN BT

**2.1 HLJÓÐKERFI**

- Hágæða 2.1 hljóðkerfi frá Trust
- 60W RMS skila öflugum hljóm
- Djúpur bassi með viðarbassaboxi
- Nákvæmur og vandaður tweeter
- Hægt að tengja þráðlaust með Bluetooth
- AUX og heyrnartóla tengi í styrkstilli
- Falleg hönnun og ótrúleg hljómgæði

**19.990**

BLUETOOTH ÞRÁÐLAUST!

4 LITIR

BACKUP PLUS

### 1TB Slim

**STÓRGLÆSILEGUR FERÐAFLAKKARI**

Örþunnur og fisléttur ferðaflakkari með tímamóta hugbúnaði fyrir flestar tölvur og tæki, afritaðu myndasafnið beint af síma eða tölvu eða beint úr Facebook og álíka miðlum.

- Örsmár Seagate USB3.0 ferðaflakkari
- Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
- Fær straum úr USB tengi
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- Vistaðu beint á flakkarann í Facebook
- Örþunnur og fisléttur aðeins 150 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

SEAGATE

**12.990**

2TB AÐEINS 19.990

UPPLIFÐU! 360°

FREEFLY VR

### FREEFLY VR

**LÚXUS 360° VR GLERAUGU**

- Hágæða VR sýndarveruleikagleraugu
- Dúnmjúkur andlitspúði úr Faux-leðri
- 120° sjónarsvið veitir bestu upplifunina
- Viðar 42mm linsur með þokuvörn
- Fyrir nær alla 4.7" - 6.1" snjallsíma
- Auðvelt að koma símanum fyrir og stilla af
- Fislétt hönnun, aðeins 295 grömm
- Bluetooth fjarstýring fyrir helstu aðgerðir

**14.990**

KOMDU AÐ PRUFA:)

250% ÖFLUGRI

ICONIA

2 LITIR

### B1-750

- 7" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Quad Core Z3735G 1.83GHz Burst
- Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
- 8GB flash og allt að 64GB Micro SD
- 300Mbps WiFi net, Bluetooth 4.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 7 tímar
- USB2 micro og Micro SD kortalesari
- Tvær vefmyndavélar 5MP og 0.3MP
- Android 4.4 stýrikerfi og fjöldi forrita

**19.990**

FÆST Í 2 LITUM

1280x800 IPS HD FJÖLSNERTISKJÁR 178° SJÓNARHORN

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 9.5mm OG 540gr

acer

1TB PORSCHE 2.5" **16.990** — 2TB AÐEINS 24.990 — LACIE — **1TB FERÐAFLAKKARI**

4TB PORSCHE **29.990** — 3TB AÐEINS 24.990 — LACIE — **4TB PORSCHE FLAKKARI**

M7700 **4.990** — 2 LITIR — GIGABYTE — **ÞRÁÐLAUS MÚS**

747 **14.990** — ROCK100 HEYRNARTÓL FYLGJA — SILICON BUMPER VARNARHLÍF — mali 3D GRAPHICS — **7" SPJALDTÖLVA**

16GB WIFI **79.990** — 10 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ! — ÚRVAL AF iPAD Á VERÐI FRÁ 44.990 — **16GB iPad Air 2**

HV100 **9.990** — ADATA — USB3 — **1TB FERÐAFLAKKARI**

3TB EXPANSION **19.990** — 8TB 49.990 — SEAGATE — USB3 — **3TB USB3 FLAKKARI**

CRUZ 16" **7.990** — CRUZ BAKPOKI Fartölvubakpoki með plássi fyrir allt aukadótið :) — 3 LITIR — Trust — **FARTÖLVUBAKPOKI**

VERÐ FRÁ **2.990** — ALVÖRU GALLABUXNA EFNI ;) — Trust — **SPJALDTÖLVUHLÍF**

6" KOBO **29.990** — LES ÍSLENSKAR RAFBÆKUR — KOBO GLO HD — **FRÁBÆR LESTÖLVA!**

GIGABYTE · LACIE · Silicon Power · OCZ A Toshiba Group Company · ZOWIE · SEAGATE · TÖLVUTEK

# DREGUR ÚR ÓÞÆGILEGUM EINKENNUM

**Provision kynnir** Augnþurrkur og hvarmabólga eru algengir augnsjúkdómar og brýnt að leita meðferðar við þeim. Augnhvílan er ein nýjasta varan frá Provision en það er hitapoki sem lagður er á augu. Hitameðferðin dregur úr einkennum augnþurrks og hvarmabólgu.


**María Elfarsdóttir, sölustjóri Provision**

„Þurrkur í augum er afar útbreiddur sjúkdómur og raunar ein af algengustu ástæðum heimsókna til augnlækna og sjóntækjafræðinga," segir María Elfarsdóttir, sölustjóri Provision. Hún lýsir því að augnþurrkur sé margþættur sjúkdómur sem hafi neikvæð áhrif á yfirborð augans.

„Ástandinu fylgja óþægindi, sjóntruflanir og óstöðugleiki í tárafilmu, sem getur hugsanlega skaðað yfirborð augans. Því er brýnt að leita meðferðar um leið og augnþurrks eða hvarmabólgu verður vart," segir hún og útskýrir að hvarmabólga sé einnig ein algengasti augnsjúkdómur á Íslandi.

**HITINN HJÁLPAR**

María segir algengustu meðferðina við augnþurrki og hvarmabólgu vera þá að nota gervitár, hreinsa augnhvarma, hita þá og nudda. „Þetta er gert til að koma eðlilegri starfsemi kirtla í augnhvörmum af stað, þannig að nóg verði til af fituefnum. Til þess að fá fituefnin í augnlokunum til að bráðna þarf að hita augnlokin. Þetta má til dæmis gera með heitum bökstrum og nuddi á augnhvarma til að dreifa fituefnunum sem hafa bráðnað við upphitun," lýsir hún. Nýjasta varan frá Provision, augnhvílan eða Eyebag, miðar að því að veita þessa meðferð á auðveldan og þægilegan hátt.

**NÝJUNG Á MARKAÐI**

„Augnhvílan er margnota hitapoki sem fylltur er með hörfræjum og hitaður í örbylgjuofni í um 30 til 40 sekúndur," segir María. Hitameðferðin getur dregið úr einkennum sem eru tengd augnþurrki og hvarmabólgu en það eru til dæmis: Erting í augum, rauð augu, þroti í kringum augun, aðskotahlutartilfinning, sviði í augum, þreyta í augum, óskýr sjón og útferð í augum. „Einnig er gott að slaka á með augnhvílunni ef fólk þjáist af höfuðverk eða bara þreytu og/eða þrota í augum," segir María. Ef augnhvílan er notuð tvisvar á dag með reglulegu millibili á hún að hafa jákvæð áhrif á eftirfarandi: Hvarmabólgu, vanstarfsemi í fitukirtlum, augnþurrk, vogris, augnhvarmablöðrur og rósroða í hvörmum/augnlokum.

„Mjög gott er að nudda augnhvarmana eftir að augnhvílan er tekin af en góðar lýsingar á nuddinu og notkun augnhvílunnar er að finna í bæklingi sem fylgir augnhvílunni," segir María.

**Augnhvílan fæst í flestum apótekum. Sjá nánar á www.provision.is**

## JÁKVÆÐ ÁHRIF

Ef augnhvílan er notuð tvisvar á dag með reglulegu millibili á hún að hafa jákvæð áhrif á eftirfarandi:

- Hvarmabólgu
- Vanstarfsemi í fitukirtlum
- Augnþurrk
- Vogris
- Augnhvarmablöðrur
- Rósroða í hvörmum/Augnlokum


**Hitameðferðin með augnhvílunni getur dregið úr einkennum sem eru tengd augnþurrki og hvarmabólgu.**

> Ég hef þjáðst af miklum augnþurrki og hvarmabólgu og er búin að nota augnhvíluna í rúmlega tvo mánuði og finnst hún gera mér mikið gagn. Hún er líka mikil hvíld fyrir augun. Ég mæli eindregið með henni.
>
> Hugrún Marinósdóttir



**VÖRURNAR FRÁ PROVISION FÁST Í APÓTEKUM UM ALLT LAND**

Augnheilbrigði

# Hvarmabólga og þurr augu.

Thealoz inniheldur trehalósa sem er náttúrulegt efni sem finnst í mörgum jurtum og dýrum sem lifa í mjög þurru umhverfi.

Trehalósi eykur viðnám þekjufrumna hornhimnunnar gegn þurrki. Droparnir eru án rotvarnarefna og má nota með linsum.




Fæst í öllum helstu apótekum.

provision













Skósafnið sem Jóhann Gunnlaugsson notar mest þessa dagana. Í efri röð (f.v.): Loake, Red Wing, Chippewa og Clarks. Í neðri röð (f.v.): Alden, Wolverine og Clarks. MYND/ANTON BRINK

# ÞAÐ ÞARF SMÁ HUND

Grunnurinn að skóáhuga **Jóhanns Gunnlaugssonar** er áhugi á góðu handverki og klassískri hönnun. Enda kýs hann helst að klæðast vönduðum og dýrum skóm því þeir endast miklu lengur.

Skóáhuginn hefur fylgt Jóhanni Gunnlaugssyni, 35 ára gömlum tæknimanni hjá Öskju, í mörg ár og virðist bara aukast með árunum. Hann segist lítið fyrir skó og fatnað sem hefur tímabundinn líftíma og er háður tískusveiflum. Frekar kýs hann dýrari og vandaðri vörur sem endist lengi.

**HVERSU MIKIÐ ER HÆGT AÐ LEGGJA Á SIG FYRIR GÓÐA SKÓ?**

Fyrir nokkrum árum sá ég skó í gamalli bíómynd sem ég kolféll fyrir. Ég gat ekki hætt að hugsa um þá og fann þá á netinu eftir smá leit. Ég bauð konunni til New York í „borgarferð“ um haustið og keypti skóna sem eru Alden Indy Boot og sjá má hér til hliðar.

**HVAÐ HEILLAR MEST VIÐ VANDAÐA SKÓ?**

Það er eitthvað við það að handfjatla góðan og vel smíðaðan grip. Mér finnst sorglegt hvernig gott handverk er farið að víkja í auknum mæli fyrir ódýrari framleiðslu. Í flestum tilvikum gerum við bestu kaupin þegar við fjárfestum í vandaðri vöru þrátt fyrir að hún sé dýrari, því hún endist lengur. Góðir og vandaðir leðurskór kosta eins og tvö pör af vinsælum strigaskóm. Flestir eru þó ekki lengur en eitt ár í sömu strigaskónum meðan góðir leðurskór eru að detta í að vera „tilgengnir“ á þeim tíma.

**HVERNIG SKÓR ERU Í MESTU UPPÁHALDI?**

Ég er mest fyrir klassísk „workboots“ þó fíngerðari skór heilli einnig, líkt og klassískir Oxford-skór. Allir skórnir mínir voru upphaflega hannaðir fyrir tugum ára en eru algerlega tímalausir í útliti. Ég er ekki mikið fyrir fatnað eða skó sem hafa tímabundinn líftíma háðan tískusveiflum.



1000 mile Watson frá Wolverine.

**KALLAR ÍSLENSKT VEÐURFAR Á ÁKVEÐNA SKÓ?**

Vegna veðurfarsins hér nota ég mikið uppháa og harðgerari skó sem þola meira. Ég nota t.d. mjög mikið grófbotna Iron Ranger frá Red Wing sem eru albestu vetrarskór sem ég hef átt. Þeir hafa verið í mestu uppáhaldi hjá mér, þá helst vegna notagildis frekar en fagurfræðinnar.



„Góðir skór verðar fallegri með árunum meðan skór sem eru verri að gæðum verða oft sjoppulegir,“ segir Jóhann Gunnlaugsson skóáhugamaður. MYNDIR/ANTON BRINK

**HVERSU MÖRG SKÓPÖR ERU Í GANGI?**

Ég er með 6-8 pör í notkun hverju sinni. Stundum fær maður nóg af skóm í bili, pakkar þeim og hvílir. Sumir skór henta ekki öllum árstíðum eins og önnur klæði og því ber að gefa þeim hvíld af og til.

**HVERNIG HUGSAR ÞÚ UM SKÓNA ÞÍNA?**

Ég pússa þá reglulega og strýk svo yfir með rökum klút. Ef saltblettirnir eru þrálátir þá nota ég milda leðursápu en það borgar sig að fara varlega í þeim efnum enda oft mikið af náttúrlegum olíum og vaxi í leðrinu. Svo þarf að rífa reimarnar úr og maka næringu eða olíu, hvort sem á við. Láta þá standa yfir nóttina og pússa svo upp með góðum mjúkum bursta.

**TEKUR EKKI TÍMA AÐ GANGA SKÓ TIL?**

Góðir skór verða fallegri með árunum meðan skór sem eru verri að gæðum verða oft sjoppulegir.



Jóhann lagi mikið á sig fyrir þessa skó, Alden Indy Boots 403.

Þegar leðrið mýkist og skórnir mótast þá eru þeir orðnir að þínum, ekki fyrr. Það þarf að vera smá hundur í þeim svo þeir nái að sýna sitt besta.

**ERU EINHVER SÉRSTÖK SKÓKAUP FYRIRHUGUÐ?**

Næst eru það Alden Blucher í Shell Cordonvan leðri frá bandaríska skóframleiðandanum Alden. Þeir hafa verið í sigtinu í talsverðan tíma og nú verður af því.



Loake Burford úr 1880 Collection frá Loake Shoemakers.

# DEBENHAMS

HELENA RUBINSTEIN | LACLINIC MONTREUX

SAMSTARF SEM ER EINSDÆMI

ÁRANGUR Á MÖRKUM FEGRUNARLÆKNINGA



Re-PLASTY
PRO FILLER

[EYE & LIP CONTOUR SERUM-IN-BLUR]

GEFUR SAMSTUNDIS SJÓNRÆNA FYLLINGU ÁN INNSPRAUTUNAR




DAG FRÁ DEGI DREGUR ÚR LÍNUM OG HRUKKUM

www.helenarubinstein.com

# HELENA RUBINSTEIN KYNNING

## Í DEBENHAMS 31. MARS - 6. APRÍL.

Flott snyrtibudda með Helena Rubinstein lúxusstærðum fylgir þegar keyptar eru tvær eða fleiri HR vörur.*




**VEIST ÞÚ AÐ 2/3 AF SJÁANLEGUM ÖLDRUNARMERKJUM ANDLITSINS ERU Í KRINGUM AUGU OG VARIR OG ÞAR MYNDAST ÞAU YFIRLEITT FYRST?**

Helena Rubinstein býður upp á augnkrem og varakrem fyrir kröfuharðar konur sem vilja sýnileg áhrif og langtíma virkni á línur og hrukkur.

PROFILLER EYE AND LIP var hannað í samvinnu við lýtalækna á LACLINIC-MONTREUX í Sviss. Kremið dregur sjáanlega úr línum og hrukkum á minna en mánuði og að auki verða þær strax minna sjáanlegar vegna sjónrænna áhrifa („blurring").

**20% AFSLÁTTUR AF FORCE C3 OG ÖLLUM AUGNKREMUM FRÁ HELENA RUBINSTEIN**



Við mælum með nýja ferska fljótandi og orkugefandi C vítamín kreminu sem veitir samstundis og varanlega ljómandi og fyllta húð.

Finndu okkur á facebook

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**

**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**

# PLAST ÁSAMT ULL Í AÐALHLUTVERKI

Draumur **Hönnu Margrétar Arnardóttur** nema í fatahönnun er að vinna við fagið í framtíðinni og vera með eigin merki. Á nýlegri tískusýningu gerði hún línu þar sem prjón og plast runnu saman í eitt.

Hanna Margrét Arnardóttir, nemi í fatahönnun í Listaháskóla Íslands, segir fatahönnunarnema vera orðna meðvitaðri um umhverfisvernd og sjálfbærni en áður. „Það hefur mikið verið talað um endurnýtingu og sjálfbærni í skólanum og það sem er að gerast í heiminum í þeim málum. Á tískusýningu annars árs nema í faginu sem fram fór um miðjan mánuðinn endurnýttum við flíkur úr Rauða krossinum og gáfum þeim nýtt líf. Sýningin heppnaðist vel og var ótrúlega skemmtileg,“ segir Hanna Margrét.



Stíll Hönnu Margrétar sjálfrar skín í gegn í hönnun hennar upp að vissu marki. „Sjálfri finnst mér gaman að klæða mig í flott föt en mér verður að líða vel í þeim. Stíllinn minn fer yfirleitt eftir skapinu og dagsforminu,“ lýsir hún. MYND/HANNA ANDRÉSDÓTTIR

## ERFITT AÐ VINNA MEÐ PLASTIÐ

Hún gerði þrjú lúkk sem sýnd voru á sýningunni eins og aðrir nemendur og byrjuðu þau á því að fara saman í Rauðakrossbúð til að fá hugmyndir. „Við fundum þar eitthvað sem okkur fannst áhugavert og unnum út frá því. Ég fann þar eitthvert plasttengt efni sem mig langaði að vinna með þannig að ég fór þaðan í Seglagerðina og fékk alls kyns afganga frá þeim þannig að línan mín var úr dúkaplasti eins og er notað í tjaldvagna,“ lýsir Hanna Margrét og bætir við að það hafi alls ekki verið auðvelt að sauma úr plastinu. „Ég saumaði til dæmis einn jakkann held ég sex sinnum þar til hann varð flottur.“

Í fötin notaði Hanna Margrét einnig prjónaföt úr Rauða krossinum. „Hugmyndin var að vinna bæði með prjón og plast, mjúk efni með hörðum. Ég klippti meðal annars gamla afaprjónapeysu niður í strimla, saumaði prjónið svo við gúmmíið og gerði jakka úr þessu. Svo gerði ég annan jakka úr fernum buxum þannig að þetta var svolítið púsl.“

## REYNSLA Í ÚTLÖNDUM

Stíll Hönnu Margrétar sjálfrar skín í gegn í hönnun hennar upp að vissu marki en henni þykir gaman að sjá aðra í einhverju sem hún hefur hannað. „Og þá sérstaklega í einhverju sem mér finnst töff og hipp og kúl en ég myndi ekki endilega púlla. Sjálfri finnst mér gaman að klæða mig í flott föt en mér verður að líða vel í þeim. Stíllinn minn fer yfirleitt eftir skapinu og dagsforminu,“ lýsir hún.

Hanna Margrét hefur haft áhuga á hönnun frá því hún tók þátt í Stíl, árlegri hönnunarkeppni félagsmiðstöðva, þegar hún var í grunnskóla. Eftir það lærði hún grunn í fatahönnun í FG og átti sér þann draum að komast inn í Listaháskólann. Sem hún svo gerði. „Ég komst líka inn í Margrethe-skólann í Danmörku en ákvað að vera hér og sé ekki eftir því.“

> „Það var ekki auðvelt að sauma úr plastinu. Ég saumaði einn jakkann sex sinnum þar til hann varð flottur.
> Hanna Margrét Arnardóttir

Eftir átta vikna starfsnám á vegum skólans í París í fyrra varð Hönnu Margréti ljóst að hana langar í frekara nám í faginu eða í meira starfsnám. „Í París upplifði ég hvernig þessi heimur er. Ég var í átta vikna starfsnámi hjá fatahönnuði þar sem ég hjálpaði við að undirbúa tískusýningu, skar út efni, fór í sendiferðir og fékk svo að upplifa þetta af alvöru á sýningunni við að klæða módelin í baksviðs. Það er mikið stress sem fylgir þessu og mikil vinna en ótrúlega skemmtileg. Mig langar að fara út og fá reynslu og sjá hvernig þetta virkar allt. Það er hundrað prósent öruggt að ég vil vinna við fatahönnun í framtíðinni og draumurinn er að vera með eitthvað eigið.“



Hanna Margrét gerði þrjú lúkk sem sýnd voru á tískusýningu annars árs nema við LHÍ í samstarfi við Rauða krossinn á dögunum.



Fötin í línu Hönnu Margrétar voru mestmegnis úr plasti. MYND/ERNIR









TRI

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

SHIMANO

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND
















ParkTool

# WWW.TRI.IS

#cube_your_life!

Verslunin er opin:

Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga kl. 10:00 - 16:00

# LITRÍKT OG SUMARLEGT HJÁ STELLU

Aðdáendur **Stellu McCartney** geta farið að hlakka til sumarsins. Vor- og sumarlínan hennar þykir einstaklega vel heppnuð, litrík og glaðleg. Skór og sólgleraugu Stellu vekja líka athygli enda er óhætt að segja að frumleiki ráði för.

Stella er fyrir löngu búin að geta sér gott orð sem tískuhönnuður. Hún er óhrædd við að fara eigin leiðir. Í vor- og sumartísku hennar gætir fjölbreytileika. Þar má sjá alveg síða og ökklasíða kjóla til að klæðast daglega í sólinni. Sömuleiðis sýndi hún pils og stuttar, víðar buxur. Stella leikur sér með liti og köflótt efni er áberandi. Tískusérfræðingar segja föt Stellu henta vel fyrir hressar, sportlegar og hamingjusamar konur. Fyrir þær konur sem falla fyrir mjúkum línum og fallegum litum. Þetta er þægilegur fatnaður.

Stella hefur framleitt skó sem hafa verið gríðarlega vinsælir. Þeir eru með þykkum botni og reimaðir. Nú kemur hún með sandala með svipuðum botni.



**Þessir skór frá Stellu McCartney eru afar vinsælir.**



**Sumarsandalar frá Stellu McCartney. Skórnir eru afar sérstakir, svo ekki sé meira sagt.**



**Hér er önnur týpa af þessum vinsælu skóm.**





**Töffaraleg sólgleraugu sem henta jafnt fyrir stelpur og stráka.**






**Og þriðja útgáfan af skónum. Hér í vinsælum bronslit.**



**Það var mikið um röndótt og köflótt hjá Stellu McCartney í sumarlínunni.**

**Fallegur ökklasíður kjóll, sparilegur í sumarbrúðkaupin. Kjóllinn var sýndur á tískuviku í París þegar Stella McCartney sýndi vor- og sumartískuna 2016.**

**Annar fallegur sumarkjóll frá Stellu.**



# VORYFIRHAFNIR OG GLÆSIKJÓLAR

Sumarfrakkar frá kr. **22,900** | Vattjakkar frá kr. **19,900** | kjólar frá kr. **16,900**.



BERNHARÐ LAXDAL

Laugavegi 63 • S: 551 4422

www.laxdal.is

Vertu vinur á Facebook






# SAGAN Í HUNDRAÐ FLÍKUM

Tískusafnið í Bath á Englandi hefur opnað skemmtilega sýningu sem segir sögu tískunnar í hundrað flíkum.

Tískusafnið Fashion Museum Bath hefur yfir að ráða gríðarmiklu safni af klæðnaði sem spannar afar breitt tímabil. Elstu flíkurnar eru frá sautjándu öld og þær nýjustu aðeins nokkurra ára gamlar.

Í mars var sett upp sýning í safninu, A History of Fashion in 100 Objects, þar sem valdar voru flíkur sem eru einkennandi fyrir hvert tímabil síðustu fjögur hundruð ára. Gaman er að sjá hvernig tískan hefur þróast.

Sýningin stendur fram í janúar árið 2018 og því nægur tími fyrir Íslendinga sem eiga leið um þennan sögufræga bæ að koma við í safninu og sjá það allra besta úr tísku síðustu fjögurra alda.

**Nánar má fræðast um safnið á www.fashionmuseum.co.uk**



**1982** Ballkjóll eftir Emanuel.



**1760** MYNDIR/FASHION MUSEUM BATH



**1800**



**1830**



**1880**



**1947** Svört dragt (Daisy) eftir Christian Dior sem Margot Fonteyn klæddist.



**1974** Kjóll eftir Jean Muir.



**2015** Ullarkjóll frá Roland Mouret

# Malbik

31. mars 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Höfði | Brimborg | Malbikun KM | Hlaðbær Colas | Malbikun og völtun

# Byggt á fagmennsku og þekkingu

**Malbikunarstöðin Höfði hf.** hefur þjónað landsmönnum í áratugi með góðum árangri. Fyrirtækið sinnir fjölbreyttum verkefnum víða um land og leggur mikla áherslu á rannsóknir og umhverfisvænar lausnir og býður upp á besta fáanlega malbikið á markaðnum.




**„Við vinnum að umhverfisvænum lausnum og því eru rannsóknir mikilvægur þáttur í starfsemi okkar. Starfsfólk okkar leggur metnað í framleiðslu öruggasta og endingarbesta gatnagerðarefnis sem völ er á," segir Halldór Torfason, framkvæmdastjóri Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.** MYNDIR/VILHELM

Síðan á fjórða áratug síðustu aldar hefur Malbikunarstöðin Höfði hf. lagt malbik á vegi landsins af fagmennsku sem bæði byggir á reynslu og þekkingu. Verkefni fyrirtækisins eru fjölbreytt enda er markaðssvæðið stórt, frá Hvammstanga í norðri og til Víkur í Mýrdal í austurátt að sögn Halldórs Torfasonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins. „Það eru engin verkefni okkur óviðkomandi því við sinnum þeim öllum, bæði stórum og smáum. Stærstu verkefnin vinnum við fyrir Vegagerðina, Reykjavíkurborg og stærstu sveitarfélög landsins en auk þess sinnum við fjölbreyttum verkefnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga."

Malbikunarstöðin framleiðir að sögn Halldórs besta fáanlega malbik á markaðnum og er í fararbroddi í gatnagerð og vegalagningu. „Við höfum rekið okkar eigin grjótnámu og vinnum möl í allar gerðir malbiks. Efnið úr grjótnámu okkar uppfyllir kröfur sem gerðar eru í Evrópu varðandi t.d. slitþol, frostþol og styrk. Einnig flytjum við inn steinefni sem standast ströngustu kröfur."

Slíkir þættir skipta mestu máli við aðstæður eins og ríkja hér á landi að sögn Halldórs enda er nagladekkjaumferð hér mikil auk þess sem sveiflur frá frosti til þíðu eru líklega fleiri hér á landi yfir veturinn en víðast hvar annars staðar.

### Umhverfisvænar lausnir

Hann segir malbikunarstöðina vera framarlega í tækniþróun, með það að markmiði að lágmarka mengun. „Við vinnum að umhverfisvænum lausnum og því eru rannsóknir mikilvægur þáttur í starfsemi okkar. Starfsfólk okkar leggur metnað í framleiðslu öruggasta og endingarbesta gatnagerðarefnis sem völ er á. Því fylgja stöðugar rannsóknir og gæðaeftirlit á margvíslegum malbikstegundum ásamt því að þróa nýjar. Það má því segja að fagmennska og góð þjónusta ráði ríkjum í starfsemi fyrirtækisins."

Mikið hefur verið rætt og ritað í vetur um slæmt ástand gatnakerfis höfuðborgarsvæðisins. Margir gagnrýna þar malbikið en Halldór gefur ekki mikið fyrir þá gagnrýni þótt hann sé sammála því að ástandið sé ekki gott. „Á höfuðborgarsvæðinu starfa tvö malbikunarfyrirtæki, við og Hlaðbær-Colas hf. Bæði þessi fyrirtæki hafa verið með vottað gæðakerfi í nokkur ár samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (ISO 9001) og framleiðsluvörur beggja fyrirtækjanna eru CE-vottaðar." Hann bendir einnig á að Höfði sé með vottað umhverfisstjórnunarkerfi (ISO 14001) auk þess sem bæði fyrirtækin sæti eftirliti frá alþjóðlega vottuðum eftirlitsaðilum.

> **Efnið úr grjótnámu okkar uppfyllir kröfur sem gerðar eru í Evrópu varðandi t.d. slitþol, frostþol og styrk. Einnig flytjum við inn steinefni sem standast ströngustu kröfur.**
>
> *Halldór Torfason*

### Lágar fjárveitingar

Helstu skýringar á slæmu gatnakerfi megi frekar rekja til allt of lágra fjárveitinga undanfarin ár til viðhalds slitlaga. „Veðurfar síðustu tveggja vetra hefur verið mjög erfitt með sífelldum frost-þíðusveiflum með tilheyrandi áraun á slitlagið en þar sem er mikil umferð er það oftast slit sem ræður endingartíma. Þá má benda á vaxandi umferð þungra ökutækja, t.d. aukinn akstur með ferðamenn í rútum og stórum fjallabílum, sem oft eru á negldum hjólbörðum. Veghaldarar hafa þurft að bregðast við í fjársveltinu undanfarin ár með reddingum til skamms tíma. Þegar nýtt slitlag er loks lagt yfir úr úrvals hráefnum er kominn innbyggður galli í vegkroppinn sem mun skila sér upp á yfirborðið, eins og gerst hefur hingað til, og valda skemmdum, því miður oftast fyrr en síðar. Þar sem um umferðarlitlar götur er að ræða er það hins vegar öldrun malbiksins sem ræður endingu og sé viðhaldi ekki sinnt skemmast þær óhjákvæmilega líka."

**Allar nánari upplýsingar um Malbikunarstöðina Höfða má finna á www.malbik.is.**




**Fyrirtækið ræður yfir fimm útlagnarvélum sem notaðar eru við fjölbreytt verkefni víða um land.**



**Þeir eru flottir, kadilakkarnir. Þessi fremsti er Cadillac Fleetwood Brougham d'Elegance árgerð 1976.** MYNDIR/BJÖRN BLÖNDAL

# Strákadraumar í bílakjallara

**Cadillac-klúbburinn á Íslandi** var stofnaður af rithöfundunum Einari Kárasyni og Ólafi Gunnarssyni árið 2005 en þeir félagar fóru í bílferð á kadilakk eftir Route 66 í Bandaríkjunum. Þeir gáfu út bók um ferðina og á næstunni verður frumsýnd kvikmynd um hana.

Jóhann Vilhjálmsson, Jói byssusmiður, eins og hann er kallaður, er núverandi formaður klúbbsins. Hann segir að um tuttugu manns séu virkir félagar í klúbbnum en margir sem koma að honum. Á þriðjudagskvöldum er fundað og þá eru öllum velkomið að kíkja í heimsókn. „Ólafur Gunnarsson var formaður fyrstu árin, enda er hann mikill kadilakkaðdáandi eins og Einar. Þessi klúbbur er tengdur ameríska Cadillac-klúbbnum sem heitir CLC eða Cadillac LaSalle Club en hann er með deildir um allan heim. Klúbburinn er ekki mjög formlegur hér á landi, engin félagsgjöld og yfirleitt eru kosningar rússneskar,“ útskýrir Jói.



**Jóhann, Róbert og Maggi í Texas á 10 ára afmæli íslenska Cadillac-klúbbsins.**



**Jóhann Vilhjálmsson ásamt stofnfélögum í Cadillac-klúbbnum, Svenna í Plús Film, Steina í Svissinum, Einari Kárasyni og Ólafi Gunnarssyni.**

### Eðalbílar frá gullöldinni

Bílarnir eru geymdir í Cadillackjallara í Faxafeni þar sem klúbburinn er til húsa. Þar hafa verið haldin blúskvöld og ýmsir skemmtikraftar troðið upp. „Það eru hátt í tuttugu flottir kadilakkar í kjallaranum núna. Við geymum þá inni á vetrum en förum með þá út á vorin. Fyrirhuguð er vorferð hjá okkur í maí,“ segir Jói og bætir við að kjallarinn sé eins og félagsmiðstöð. „Við hittumst einu sinni í viku, menn dytta að bílunum og rabba saman. Elsti bíllinn er frá árinu 1962. Þetta eru eðalbílar frá gullöldinni. Um 1976 kom bensínkreppa og þá hættu Kanarnir að framleiða þessa stóru dreka og fóru í eyðslugrennri bíla. Kadilakkinn er áhugamál hjá okkur og sumir eiga fleiri en einn bíl. Það er hobbí að vinna í bílunum, enda er miklu auðveldara að gera við gamla bíla en þessa nýju tölvustýrðu. Áður fyrr unnu menn viðgerðir í höndunum og mín kynslóð fékkst mikið við að fixa bíla sem er ekki hægt lengur. Þessir bílar eru ekkert mikið keyrðir og eiginlega ekkert í snjó. Þess vegna eru þeir enn til. Sumir þeirra hafa verið lengi á Íslandi en aðrir voru fluttir inn á meðan dollarinn var ódýr. Það voru ekki margir Íslendingar sem áttu kadilakk, einna helst forstjórar stórfyrirtækja,“ segir Jói.

### Ekið um á skýi

Cadillac-klúbburinn fór í vorferð á Blönduós í fyrra sem var vel heppnuð, að sögn Jóa. Síðan var landsmót á Skógum. „Við erum alltaf við Hörpu á menningarnótt í Reykjavík með bílana. Þeir eru líka vinsælir fyrir brúðkaup, myndatökur, auglýsingar og annan fagnað. Sumrin eru tíminn okkar,“ segir Jói og bendir á að margt ungt fólk hafi aldrei séð svona dreka áður. „Ég sá þá á mínum yngri árum á götunum en svona bílar sjást ekki lengur. Það er mjög gott að keyra þessa bíla þótt þeir séu komnir til ára sinna, það er í raun engu líkt. Mér finnst ég aka á skýi þegar ég fer á rúntinn,“ segir hann einlægur.

Allir eru bílarnir sjálfskiptir. Eldri bílarnir eru með sjálfskiptinguna í stýrinu. Jói segir að framleiðendur Cadillac hafi alltaf verið framarlega í þróun og hönnun. „Nýjungar í bílahönnun komu oft frá þeim,“ segir hann.

Þegar Jói er spurður hvort auðvelt sé að fá varahluti svarar hann að netið hafi gjörbreytt þeirri stöðu. „Ég byði nú ekki í það ef ekki væri eBay. Fyrir tuttugu árum fékk maður viftureim í alla bíla á bensínstöðvum. Svo er ekki lengur.“



**Jóhann Vilhjálmsson er svolítið blússlegur þar sem hann situr um borð í eðalvagni af gerðinni Cadillac.**

### Smíðar byssur og hnífa

Í síðustu viku var upphafskvöld Blúshátíðar í Reykjavík haldið í Cadillac-kjallaranum. Þar voru um áttatíu gestir, bæði innlendir og frá Bandaríkjunum. „Það eru allir velkomnir að kíkja til okkar á þriðjudagskvöldum. Við erum stundum með kaffi og vöfflur eða pitsur svo það er alltaf eitthvað um að vera.“

Fyrir utan að vera forfallinn kadilakk-aðdáandi er Jói öflugur veiðimaður. Hann smíðar bæði byssur og veiðihnífa. Hægt er að skoða hnífana á heimasíðunni icelandicknives.com. Þá hefur Jói farið með hópa til Póllands í veiðiferðir árlega. „Það eru mjög skemmtilegar ferðir,“ segir hann.

Cadillac-klúbburinn er með Facebook-síðuna Islenski Cadillac klúbburinn. **elin@365.is**

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

# Hágæða vinnuföt í miklu úrvali




## Öryggisvörur

uvex · MILLER · OTTER · TOE GUARD · Timberland PRO · Honeywell · SOLID GEAR

Vinnuskór • Heyrnahlífar • Öndunargrímur
Vinnuvettlingar • Eyrnatappar • Gleraugu
Hjálmar • Fallvarnarbúnaður

## Tæki og múrfestingar

HILTI

Lasermælar • Höggborvélar • Skurðar-/Slípivélar
Demantsbor-/skurðarvélar • Batterísvélar
Skot-/Gasbyssur • Brunaþéttiefni
Skrúfvélar • Múrfestingar • Byggingafrauð

**HAGI ehf** • Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S: 414-3700 • hagi@hagi.is

# Vanrækslan verður að taka enda

Áralöng vanræksla, fjárskortur og kæruleysi eru skýringarnar á slæmu ástandi gatnakerfis höfuðborgarsvæðisins að mati **Stefáns Ásgrímssonar** hjá FÍB. Hann kallar eftir heildstæðri stefnu fyrir höfuðborgarsvæðið með skilgreindum markmiðum og leiðum.

Gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins er í mjög slæmu ástandi sem fyrst og fremst má rekja til áralangrar vanrækslu, fjárskorts og kæruleysis að sögn Stefáns Ásgrímssonar, ritstjóra FÍB blaðsins, sem hefur fjallað mikið um gæði slitlaga á liðnum árum. „Á höfuðborgarsvæðinu hefur viðhaldi og endurbótum verið lítið sinnt um margra ára skeið og samgönguæðarnar fengið að drabbast niður. Víða má finna djúp hjólför sem fyllast af vatni í votviðrum og djúpar og hvassar holur. Þetta veldur umtalsverðri og vaxandi hættu á slysum, meiðslum og mann- og eignatjóni.“

Yfir þessu síversnandi ástandi hafa ráðamenn lengstum yppt öxlum að sögn Stefáns og borið ýmsu við, t.d. fjárskorti eftir hrun eða jafnvel afneitað því að ástandið sé eins slæmt og það er. „Það er eins og þeir vilji sumir ekki skilja að vega- og gatnakerfið er nokkurs konar æðakerfi samfélagsins. Það er hættulegt fyrir allar tegundir samgangna og mjög dýrkeypt að láta það drabbast niður. Vanrækslan verður að taka enda ef ekki á verr að fara.“

Hann segir það mýtu að aðstæður og veðurfar hér á landi séu á einhvern hátt öðruvísi og erfiðari en annars staðar, að hér ríki séríslenskar aðstæður sem séu einstakar og krefjist séríslenskra lausna. „Svo er hreint ekki. Víða annars staðar eru mjög svipaðar aðstæður án þess að samgönguæðarnar drabbist niður eins og hér. Víða erlendis er hluti bíla á negldum vetrarhjólbörðum eins og hér. Víða er veðrátta og loftslag svipað og hér án þess að samgönguæðakerfið eyðileggist.“

## Þarf að nýta þekkinguna

Auðvitað er skýringa að leita í mörgum þáttum að hans sögn, eins og viðhaldi og í sjálfri vegagerðinni. „Ekki er nóg að benda á einn afmarkaðan þátt eins og t.d. neglda vetrarhjólbarða. Spyrja verður líka hvernig undirbygging vega og gatna sé, hvernig er slitlagið og hversu þykkt er það? Einnig hvernig er grjótmulningurinn í því og bindiefnið, hvernig er tjaran sem notuð er og hversu heitt var malbikið þegar það var lagt út? Síðast en ekki síst verður að skoða hversu mikil umferðin er og hversu mikil er umferð þungra ökutækja eins og vöru- og rútubíla.“

Hann segir þá miklu uppsöfnuðu tæknilegu þekkingu í vegagerð, sem er til staðar hér, ekki hafa fengið að njóta sín í höfuðborginni, bæði vegna fjárskorts en einnig vegna þess að margir kjörnir fulltrúar aðhyllast svokallaðan bíllausan lífsstíl og vilja veg bílaumferðar sem minnstan. „Gallinn er bara sá að höfuðborg Íslands er afar dreifbýl og með ófullkomið almenningssamgöngukerfi. Bílanotkun verður því ekki útrýmt í einu vetfangi. Slæmt ástand vega og gatna á svæðinu kemur niður á sérhverjum samgöngumáta.“

Í kjölfar harðrar gagnrýni hafa starfsmenn borgarinnar lagað verstu malbiksholurnar að sögn Stefáns. „Það átak er því enn ein viðbrögðin við manngerðu vandræðaástandi sem bæði peninga- og hugmyndaskortur og einsýni hafa skapað. Enn þá vantar almenna sátt um heildstæða byggða-, skipulags- og samgöngustefnu fyrir höfuðborgarsvæðið með skilgreindum markmiðum og leiðum. Slík sátt verður að liggja fyrir áður en ráðist er í að framkvæma hugdettur um róttækar breytingar á samgöngum.“

Hann segir einnig að í sparnaði og niðurskurði eftirhrunsáranna hafi veghaldarar leitast við að spara sem mest með því að kaupa síður hágæðamalbik. „Enn fremur hafa þeir reynt að spara með því að leggja malbikið sem þynnst út, jafnvel enn þynnra en staðlar mæla fyrir um. Afleiðingarnar sýna sig fljótt í hjólförum og holumyndun. Það er því enginn sparnaður af þessu þegar upp er staðið. Verðmunur á ódýrasta og dýrasta malbikinu er um tuttugu prósent en gæðamunurinn er verulegur. Dýra, slitsterka malbikið endist miklu betur en það ódýra. Dæmi um slíkt slitlag er á Hringbraut frá hringtorginu Hagatorgi að Hofsvallagötu. Þrátt fyrir 40 þúsund bíla sólarhringsumferð undanfarin 15 ár sér lítið á malbikinu þar.“



**„Á höfuðborgarsvæðinu hefur viðhaldi og endurbótum verið lítið sinnt um margra ára skeið og samgönguæðarnar fengið að drabbast niður,“ segir Stefán Ásgrímsson hjá FÍB.** MYND/GVA


Kraftfag býður upp á fyrsta flokks þjónustu varðandi allt sem við kemur malbikun og gatnaframkvæmdum.








Gerum verðtilboð:

- Við bjóðum aðstoð og ráðleggingar varðandi val á lausnum fyrir viðskiptavini
- Ástandsskoðanir og úttektir
- Malbikun gatna, bílastæða og göngustíga
- Malbiksviðgerðir, sprungufyllingar og aðrar lagfæringar
- Gröftur og uppúrtekt á gömlu malbiki eða steypu
- Jarðvinna, lagnavinna og undirbúningur vegna malbikunar

Tökum að okkur verkefni fyrir einstaklinga, húsfélög, fyrirtæki, verktaka og sveitarfélög.

KRAFTFAG

Sími 8965332 | kraftfag@simnet.is | Óseyri 2 | 600 Akureyri




Volvo P6820C malbikunarvél að leggja út malbik.




Þjónustubifreið Volvo atvinnutækja og Volvo L180H hjólaskófla í Vatnsskarðsnámu.




Volvo SD135B jarðvegsvaltari.




Volvo P6820C malbikunarvél sem Loftorka Reykjavík fær afhenta á næstu dögum.

# Malbikunarvélar og valtarar frá Volvo CE hjá Volvo atvinnutækjum

**Brimborg** fer með umboð Volvo atvinnutækja sem eru í eigu Volvo AB í Svíþjóð. Þar ber að nefna Volvo CE vinnuvélar, Volvo Trucks vörubifreiðar, Volvo Bus hópferðabifreiðar, Volvo Penta bátavélar og Renault Trucks vörubifreiðar. Kristinn Már Emilsson, framkvæmdastjóri atvinnutækjasviðs hjá Brimborg, segir að öll framleiðsla Volvo atvinnutækja sé undir ströngum gæðakröfum þar sem megingildin í hönnun og framleiðslu séu: Quality, safety and environmental care eða: Gæði, öryggi og umhyggja fyrir umhverfinu.

### Volvo CE vinnuvélar. Sterkar þegar kemur að malbikunarvélum og völturum

Þegar kemur að malbikunarvélum og völturum þá er Volvo CE með breiða framleiðslulínu. Í dag eru framleiddar margar stærðir malbikunarvéla og með mismunandi undirvögnum frá Volvo CE. Bæði stórar vélar eins og ABG 9820 sem eru hugsuð í stærri verk þar sem hámarks malbikunarbreidd getur verið allt að 16 metrar og einnig minni vélar sem henta í smærri verk. Eins og áður sagði þá eru malbikunarvélarnar frá Volvo fáanlegar með tvenns konar undirvögnum, annars vegar á beltum og hins vegar á hjólum. Hægt er að fá þessar vélar með mismunandi breiddum á útleggjurum en „DuoTamp High Density“ útleggjararnir frá Volvo CE þjappa malbikið mjög vel þegar það er lagt sem gerir það að verkum að minna þarf að valta yfirborð malbiks þegar malbikunarvélin hefur unnið sína vinnu.

### Brimborg afhendir Volvo P6820C malbikunarvél á næstu dögum til Loftorku Reykjavík ehf.

Loftorka Reykjavík ehf. mun fá afhenta nýja Volvo P6820C malbikunarvél á næstu dögum en vélin er nýlega komin til landsins.

Er hér um að ræða fyrstu Volvo malbikunarvélina sem Volvo atvinnutækjasvið hefur afhent til þessa.

Hér er á ferðinni Volvo malbikunarvél í millistærð sem hentar mjög vel við krefjandi aðstæður.

### Afkastamiklir valtarar frá Volvo CE

Töluvert framboð er af völturum í framleiðslulínu Volvo CE en hún skiptist í jarðvegsvaltara og malbiksvaltara. Eru valtararnir frá Volvo CE fáanlegir frá 2,5 tonnum upp í allt að 15 tonn að þyngd. Er þeim sem vilja kynna sér frameiðslu Volvo CE betur bent á nýja heimasíðu Volvo vinnuvéla á Íslandi eða www.volvoce.is.

### Volvo atvinnutækjasvið á Bauma 2016 í München í apríl

Kristinn vill geta þess að starfsmenn Volvo atvinnutækjasviðs verða á Bauma vinnuvélasýningunni daganna 11.-13. apríl eða mánudag til miðvikudags, en Volvo CE er með stóran bás í höll C4 merktan Stand 327 og jafnframt með stórt útisvæði fyrir utan sýningarhöllina. Mun Volvo CE kynna nýjar stórar og öflugar Volvo vinnuvélar til sögunnar á sýningunni að þessu sinni, sem verður án efa áhugavert að sjá. Allir eru að sjálfsögðu velkomnir á sýningarbás Volvo CE þar sem starfsmenn Volvo atvinnutækjasviðs verða sýningargestum til halds og trausts.

> » Starfsmenn Volvo atvinnutækjasviðs verða á Bauma vinnuvélasýningunni dagana 11. til 13. apríl eða mánudag til miðvikudags, en Volvo CE er með stóran bás í höll C4 merktan Stand 327 og jafnframt með stórt útisvæði fyrir utan sýningarhöllina.

### Hádegismóar 7, lóð undir starfsemi Volvo atvinnutækja

Volvo atvinnutækjasvið Brimborgar hefur stækkað talsvert í umfangi undanfarið auk þess sem aðrar rekstrareiningar innan Brimborgar hafa gert það líka. Hönnunarvinna í sambandi við nýtt húsnæði undir starfsemi Volvo atvinnutækja er vel á veg komin, en að mörgu þarf að hyggja þegar byggja þarf utan um starfsemi sem þjónusta þarf margvísleg atvinnutæki stór og smá. Eru því án efa spennandi tímar fram undan hjá Volvo atvinnutækjasviði Brimborgar.

### Heimasíður Volvo atvinnutækja og samfélagsmiðlar

Heimasíður Volvo atvinnutækja hjá Brimborg hafa verið uppfærðar töluvert upp á síðkastið og eru þær í dag samtals fjórar. Fyrir Volvo vinnuvélar **www.volvoce.is**, Volvo vörubifreiðarnar **www.volvotrucks.is**, fyrir Volvo strætisvagna og rútur **www.volvobus.is** og fyrir Volvo Penta bátavélar **www.volvopenta.is**. Jafnframt er haldið úti Facebook-síðu hjá Volvo atvinnutækjum þar sem reynt er að koma á framfæri fréttum og öðru efni er tengist því sem atvinnutækjasviðið er að gera hverju sinni og þeim vörumerkjum sem Volvo atvinnutækjasvið hefur með að gera.

Að lokum vill Kristinn minnast á það að vegna aukinna umsvifa er þörf fyrir góða liðsmenn í hóp fagmanna á Volvo atvinnutækjaverkstæðunum. Nýtt símanúmer Volvo atvinnutækja er **515 7070**.

# Gæði og reynsla eru einkunnarorðin

**Malbikun KM** er eina malbikunarfyrirtækið á Norðurlandi sem er með vottun á gæðakerfi sitt frá Samtökum iðnaðarins. Starfsmenn fyrirtækisins búa yfir mikilli reynslu, veita snögga og fagmannlega þjónustu og eru þekktir fyrir vönduð vinnubrögð og góðan frágang.



Starfsmenn Malbikunar KM hafa verið hvað þekktastir fyrir góðan frágang og vönduð vinnubrögð auk þess að veita snögga og fagmannlega þjónustu.



> **„Sífellt er kallað eftir meiri kröfum til verktaka um að vinna eftir og vera með vottuð gæðakerfi.**
>
> *Jón Smári Sigursteinsson, verkefnastjóri hjá Malbikun KM*

Malbikun KM ehf. var stofnað árið 1998 af Kristjáni B. Árnasyni og Margréti Stefánsdóttur. „Aðalstarfsemi fyrirtækisins byggist á malbikunarframkvæmdum og verkefnum sem þeim tengjast. Einnig tekur fyrirtækið að sér jarðvinnuverkefni, snjómokstur, fræsingu, málun bílastæða, sópun og fleira," segir Jón Smári Sigursteinsson verkefnastjóri.

Jón Smári segir Malbikun KM hafa unnið að stórum sem smáum malbikunarverkefnum víða um land auk þess að sinna öðrum sérhæfðari verkum. Einnig á fyrirtækið eignarhlut í bikgeymslustöðinni Nesbiki og malbikunarstöðinni Norðurbiki. „Ekkert verk er of stórt eða of lítið fyrir Malbikun KM. Fyrirtækið hefur verið hvað þekktast fyrir góðan frágang og vönduð vinnubrögð auk þess að veita snögga og fagmannlega þjónustu."

## Kröfur um vottað gæðakerfi

Starfsmenn Malbikunar KM búa yfir mikilli reynslu í malbikun. Fastráðnir starfsmenn fyrirtækisins eru átta en yfir sumartímann bætast við fjórir til fimm starfsmenn.

Einn stærsti viðskiptavinur Malbikunar KM undanfarin ár er Vegagerðin svo og sveitarfélög á Norður- og Austurlandi. Eitt af stærstu verkum fyrirtækisins er malbikun á Akureyrarflugvelli og Óshlíðargöngum í samvinnu við Hlaðbæ-Colas.

„Sífellt er kallað eftir meiri kröfum frá fyrirtækjum og opinberum aðilum til verktaka um að vinna eftir og vera með vottuð gæðakerfi. Malbikun KM er eina malbikunarfyrirtækið á Norðurlandi sem er með vottun á gæðakerfi sitt frá Samtökum iðnaðarins sem veitir okkur forskot á aðra samkeppnisaðila hér fyrir norðan. Malbikun KM er eina fyrirtækið hér á Íslandi sem hefur sérhæft sig í flotmalbiki (gussasphalt). Flotmalbik hefur verið lagt á tugi fjósa hér á landi og þá aðallega í mjaltabása og mjólkurhús," lýsir Jón Smári.

## Sækja verkin víða

Malbikun KM vinnur að mestu út frá starfsstöð sinni á Akureyri en samkvæmt Jóni Smára þarf fyrirtækið einnig að sækja verk sín út á land til dæmis á Egilsstaði, Ísafjörð, Reykjavík og fleiri staði. „Ein af ástæðum þess að Malbikun KM þarf að sækja verkin sín út á land er að Akureyrarbær kýs að framleiða sitt eigið malbik og leggja það á götur sínar og býður aldrei út nein verkefni sem tengjast gatnaviðhaldi eða malbikun. Það er skrítið að þetta skuli viðgangast á svæði þar sem virk samkeppni er ríkjandi í útlögn malbiks, reyndar er Akureyri eina sveitarfélagið á Íslandi sem býður ekki út þessi verk, þannig að það má segja að langstærsti kaupandi á malbiki og malbiksvinnu á Akureyri er bæjarfélagið sjálft, eins einkennilega og það hljómar."











Við erum á Facebook
Nordurbik

- **NORÐURBIK** hefur tvær færanlegar malbikunarstöðvar sem einfalt er að flytja hvert á land sem er án mikillar fyrirhafnar.
- **NORÐURBIK** býr yfir margra ára reynslu í framleiðslu á malbiki fyrir m.a. flugvelli, götur, bílaplön og stíga.
- **NORÐURBIK framleiðir kalt viðgerðarmalbik sem hefur m.a. reynst m jög vel til holuviðgerða.**

Norðurbik ehf · Ægisnesi 2 · 603 Akureyri · nordurbik@simnet.is · 896 1334 · 896 1390

# Húsnæði & viðhald

31. mars 2016



## Gerði upp hús afa og ömmu

**Kristinn Björnsson** eignaðist hús afa síns og ömmu við Aðalstræti á Akureyri fyrir rúmum áratug. Hann hefur síðan þá unnið að því að gera húsið upp á sem upprunalegastan hátt. Hann og kona hans, Edda S. Friðgeirsdóttir flytja inn í sumar.

MYND/AUÐUNN NÍELSSON


**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

**ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR**

**Hafðu samband**
**Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband**
**info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



Finndu okkur á Facebook





**Átt þú gamalt hús sem þarf að gera við - hvar á að byrja?**

**Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa.**

Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni miðvikudaga kl. 15 - 17
og á sama tíma í síma 411 6333.

**HÚSVERNDARSTOFA**

Minjastofnun Íslands
ÁRBÆJARSAFN
IÐAN fræðslusetur
www.idan.is

„Þetta er hús sem afi og amma áttu en þau keyptu það árið 1929. Amma bjó í húsinu til ársins 2002 og ég tók við því eftir að hún féll frá,“ segir Kristinn um húsið við Aðalstræti 32 á Akureyri sem hefur tekið stakkaskiptum síðastliðin ár og er nú orðið hin mesta bæjarprýði.

Hann segir aldur hússins aðeins á reiki og ekki nákvæmlega vitað hvenær fyrsti hluti þess var byggður. „Hússins er ekki getið í fasteignaskrá fyrr en 1898 þegar það var portbyggt. Þá voru hækkaðir veggir, sett ris og skipt um glugga og klæðningu. Byggingar fóru ekki á skrá fyrr en þær voru meira virði en 500 krónur og þarna hefur sá múr líklega verið rofinn,“ útskýrir Kristinn en einhverjar heimildir benda til að húsið hafi verið risið árið 1857 og jafnvel fyrir árið 1840.







Aðalstræti 32 áður en framkvæmdir hófust (efst t.v.), meðan á framkvæmdum stóð (neðst t.v.) og loks eins og það lítur út í dag (t.h.).

## Mikil en skemmtileg vinna

Þegar Kristinn tók við húsinu lá fyrir að vinnan yrði ærin. „Húsið hafði verið klætt að utan með asbesti til að þétta það. Fyrsta verkið var því að taka asbestið af sem þýddi geimfaragalla og tilheyrandi græjur,“ segir Kristinn glettinn. Klæðningin undir asbestinu var sums staðar orðin fúin að neðan, öll fótstykki voru farin og grindin einnig fúin að hluta. „Þó minnst í elsta hlutanum en meira í viðbyggingunum,“ lýsir Kristinn sem fékk Húsafriðun til liðs við sig og fékk þar ráðleggingar um hvernig best væri að standa að málum. „Niðurstaðan var sú að ég fékk góðan smið í vinnu, Rúnar Búason, sem hefur unnið fyrir Þjóðminjasafnið meðal annars við endurbyggingu á húsum,“ segir hann.

> Ég áttaði mig á áður en við byrjuðum að þetta yrði gríðarlega mikil vinna. Mér fannst afskaplega skemmtilegt að byrja að rífa og sjá úr hverju húsið var gert og velta fyrir mér upprunanum.
>
> *Kristinn Björnsson*

Gert var við grindina eins og hægt var en öðrum hlutum hennar var skipt út. „Allt var þetta tappað saman og gert á gamla mátann enda reyndum við að vera trúir því sem við höfðum í höndunum,“ segir Kristinn en sett var ný klæðning utan á húsið og nýir gluggar.

## Útihurðin komin á sinn stað

Margt var endurnýtt úr húsinu. Til dæmis er sagan af útidyrahurðinni skemmtileg. „Útidyrahurðinni, sem hafði verið í húsinu til ársins 1940, hafði verið skipt út fyrir nýmóðins hurð. Henni var hins vegar ekki hent heldur var hún notuð sem hurð milli fjóssins og verkstæðisins. Þessa hurð tókum við, gerðum upp og settum á sinn upprunalega stað.“

Kristinn segir afskaplega gaman að gera upp svona gamalt hús og honum hafi aldrei fallist hendur. „Ég áttaði mig á áður en við byrjuðum að þetta yrði gríðarlega mikil vinna. Mér fannst afskaplega skemmtilegt að byrja að rífa og sjá úr hverju húsið var gert og velta fyrir mér upprunanum,“ segir Kristinn sem telur að húsið hafi upprunalega verið smíðað upp úr efniviði úr öðru húsi. „Við réðum það af þiljum sem aldrei voru sýnilegar í þessu húsi að viðirnir eru feikigamlir og hafa vafalaust verið aðfluttir.“

Kristinn vann sjálfur mikið í húsinu. Hann er rafiðnfræðingur en segist alinn upp á smíðaverkstæði. „Líklega er það eitthvað genetískt að vilja smíða því báðir afar mínir og pabbi voru smiðir,“ segir hann.

## Flytja inn í sumar

Þó Kristinn hafi strax vitað að hann langaði til að gera húsið upp hafði hann engin sérstök plön um hvað síðan ætti að gera við það. „Ég sá fyrir mér að ég gæti notað það sem sumarbústað sem ég gæti gengið í á hálftíma,“ segir hann glaðlega en í vetur tóku hann og eiginkona hans, Edda S. Friðgeirsdóttir, ákvörðun um að flytja í húsið. „Það er afskaplega gott að vera þarna,“ segir Kristinn sem stefnir á flutninga í byrjun sumars. **solveig@365.is**



Húsið er mikil bæjarprýði í dag.






## Hillur í handriði

Þessi skemmtilega hannaði eldhúskrókur kemur í ljós þegar gengið er upp stiga í þessu fallega húsi í Minneapolis í Bandaríkjunum. Þarna er fagurfræðin höfð að leiðarljósi um leið og allir kostir hússins eru nýttir. Eldhúsborðið stendur við glugga þar sem hægt er að horfa út í garð. Stigahandriðið er nýtt sem hillueining sem gefur pláss fyrir bækur, blöð eða skrautmuni. Horft er frá eldhúsi. Einstaklega skemmtileg hönnun. Þetta hús var nýlega endurhannað af Fiddlehead Interior Design í Bandaríkjunum og gert upp af Streeter & Associates en á síðu þeirra má skoða fallega hönnuð íbúðarhús.

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Bryndís Hauksdóttir| bryndis@365.is | s. 512-5434
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson



WOODLAND kr. 24.300



HENGIPOTTAR kr. 6.490



PETER STÓLL kr. 49.900



MOTTA 60x90 kr. 9.980




FLINGA TÍMARITAHILLUR




OLAF BORÐSTOFUBORÐ 100x200/300 kr. 219.900



COCO LJÓS kr. 22.400



BIRGIT EIKARSKENKUR kr. 252.700

# - HÚSGÖGN OG FYLGIHLUTIR FYRIR HEIMILIÐ -



CUPID MARBLE kr. 17.800



FRÁBÆRT ÚRVAL
AF PÚÐUM



COUTURE KLUKKA kr. 13.900



LEÐURSKEMILL kr. 49.400



OMG kr. 34.650



SMILE LEÐURSÓFI 217 CM kr. 336.000



kr. 14.450 / kr. 12.300



OAK TRAY BORÐ 78X45 kr. 46.800 / 46X55 kr. 22.300



BETINA SKENKUR 200 CM kr. 131.000



CARMEN kr. 99.800

*STILLANLEGIR HNAKKAPÚÐAR*



LUIGI SÓFI 276X162 CM kr. 316.300

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

# Standsetja gamalt hús í Mosó

Guðfinna Birta Valgeirsdóttir og Stefán Pálsson festu kaup á gömlu húsi í Mosfellsbæ sem þau eru að breyta og bæta. Þau vonast til þess að geta flutt inn áður en þeirra fyrsta barn fæðist, eftir átta vikur og segja nauðsynlegt að setja sér rauhæf markmið.

„Við keyptum Markholt í nóvember vitandi að það þyrfti að gera heilmikið. Við skiptum um þak, rifum niður veggi og innréttingar og lögðum hita í gólfin. Þetta hefur verið stanslaus vinna en við sjáum fyrir endann á þessu,“ segir Guðfinna Birta Valgeirsdóttir en hún og kærastinn, Stefán Pálsson, standa á haus þessar vikurnar í framkvæmdum.

### Raunhæf markmið

„Við erum langt komin með eldhúsið og baðherbergið er að verða tilbúið en við bæði stækkuðum baðherbergið og opnuðum eldhúsið meira. Núna er verið að vinna í þakinu að innan og leggja lokahönd á forstofuna. Stefán er smiður og pabbar okkar beggja eru þaulvanir og hjálpa okkur mikið. Ég er lítið í þessu sjálf, komin 32 vikur á leið. Það er ómetanlegt að geta fengið svona mikla aðstoð. Við vonumst til að geta flutt inn áður en barnið fæðist,“ segir Guðfinna hress og bætir við að nauðsynlegt sé að setja sér raunhæf markmið þegar ráðist er í framkvæmdir sem þessar.

„Mitt helsta ráð til fólks í sömu sporum er að gera sér strax grein fyrir því að áætlaður innflutningsdagur á aldrei eftir að standast. Við þurftum til dæmis að bíða eftir þurri helgi til að skipta um þakið og það er nánast ómögulegt á þessum tíma árs,“ segir hún hlæjandi. „Annað ráð er svo að hafa augun opin fyrir tilboðum og kaupa ekki allt í einum rykk.“



Guðfinna Birta Valgeirsdóttir stendur í framkvæmdum með kærastanum, Stefáni Pálssyni, en þau festu kaup á gömlu húsi í Mosfellsbæ sem taka þurfti í gegn. MYND/VILHELM

### Bloggar um framkvæmdirnar

Guðfinna heldur úti blogginu Guðfinnabirtablogspot.is um framkvæmdirnar og segir bæjarbúa fylgjast með framkvæmdunum í Markholti.

„Með blogginu langaði mig bæði til að halda utan um framfarirnar og eins er húsið þekkt í Mosfellsbæ. Það mun taka miklum breytingum og okkur finnst því gaman að Mosfellingar geti fylgst með hvað við erum að gera. Það fylgjast margir með og tala um þetta í bænum sem mér finnst skemmtilegt. Það hafa líka margir sagt mér sögur sem þeir eiga um húsið og lýst því hvernig þar var innanstokks áður. Það finnst mér dýrmætt.“



Baðherbergið fyrir breytingar. MYND/GUÐFINNA BIRTA



Baðherbergið var stækkað örlítið og lagt nýjum flísum. MYND/VILHELM



Staðan á eldhúsinu í dag. Eldavélin komin á annan stað, nýir skápar og borðplata. MYND/VILHELM



Veggir brotnir niður inn í eldhúsið. MYND/GUÐFINNA BIRTA



# VORIÐ NÁLGAST



Niðurfellanleg hliðarborð

## Landmann gasgrill
Triton 2ja brennara

8,0 KW

- Orka 8 KW = 27.300 BTU
- 2 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi sem skapar einstaklega jafnan hita
- Kveiking í öllum tökkum
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Postulínsemaleruð efri grind
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- 4 hjól með bremsu

POWER THERMAL SPREADING SYSTEM PTS

**79.900**

Nr. 12903

LANDMANN Er frá Þýskalandi



Niðurfellanleg hliðarborð

## Landmann gasgrill
Triton 3ja brennara

10,5 KW

- Orka 10,5 KW = 36.000 BTU
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi sem skapar einstaklega jafnan hita
- Kveiking í öllum tökkum
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Postulínsemaleruð efri grind
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu - 4 hjól

POWER THERMAL SPREADING SYSTEM PTS

**98.900**

Nr. 12931

Einnig til hvítt grátt og svart

LANDMANN Er frá Þýskalandi



POWER THERMAL SPREADING SYSTEM PTS

## Landmann gasgrill
Triton 4ra brennara

- Gashella í hliðarborði

14,8 KW

- Orka 14,8 KW = 50.500 BTU
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi sem skapar einstaklega jafnan hita
- Kveiking í öllum tökkum
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Postulínsemaleruð efri grind
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu - 4 hjól

**124.900**

Nr. 12962

Einnig til rautt

LANDMANN Er frá Þýskalandi



TEST WINNER!

## Landmann gasgrill
Avalon 4ra brennara

18,7 KW

- Orka 18,7 KW = 64.000 BTU
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Postulínsemaleruð efri grind
- Rafkveikja
- Gashella
- Auðveld þrif

**159.900**

LANDMANN 50

GASGRILL Í 50 ÁR

Nr. 12792

LANDMANN Er frá Þýskalandi



POWER THERMAL SPREADING SYSTEM PTS

## Landmann gasgrill
Avalon 4ra brennara

18,7 KW

- Orka 18,7 KW = 64.000 BTU
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Postulínsemaleruð efri grind
- Ljós í tökkum
- Rafkveikja - Gashella
- Auðveld þrif

**189.900**

Nr. 12799

www.grillbudin.is

LANDMANN Er frá Þýskalandi



POWER THERMAL SPREADING SYSTEM PTS

## Landmann gasgrill
Avalon 5 brennara

22,8 KW

- Orka 22,8 KW = 78.000 BTU
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Innrauður ofurbrennari fyrir hina fullkomu steik
- Grillgrindur úr pottjárni
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Grillteinn og bakbrennari
- Gashella

**269.900**

Nr. 12798

www.grillbudin.is

LANDMANN Er frá Þýskalandi



2,7 KW

## Landmann ferðagrill

Kraftmikið, létt og þægilegt ferðagasgrill.
Grillið leggst vel saman og er því fyrirferðalítið og meðfærilegt

Grillflötur: 46 x 27 cm
Orka: 2,7KW = 8.600 BTU

**19.900**

Nr. 12050

www.grillbudin.is

LANDMANN Er frá Þýskalandi



10,5 KW

## Landmann gasgrill
Grill Chef 3 brennara

- Orka 10,5 KW = 36.000 BTU
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Ryðfrítt lok með mæli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Postulínsemaleraðar grillgrindur
- Kveiking í öllum rofum
- Postulínsemaleruð efri grind
- Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu sem auðveldar

**57.900**

Nr. 12721

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Opið 11-18 virka daga og 11-16 Laugardaga

Komdu og fáðu ráðleggingar

# Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | Sími 554 0400 | Við hliðina á Bónus | www.grillbudin.is




Af síðunni Skreytum hús. Gamall bekkur fær nýtt líf. Smekklega gert.




Margir kannast við gömlu hillusamstæðurnar sem voru á mörgum heimilum á sjöunda og áttunda áratugunum. Hér hefur ein slík fengið andlitslyftingu.



Fallegt barnaherbergi.




Hér má sjá á nokkrum myndum hvernig eldhússkápar fengu nýtt hlutverk.

# Að skreyta hús er eins og súrefni

**Soffía Dögg Garðarsdóttir** hefur haldið úti vinsælum netsíðum undir nafninu Skreytum hús. Hún segist njóta þess að gera fallegt í kringum sig. Skreytum hús byrjaði sem bloggsíða en hefur núna undið upp á sig og 22 þúsund manns fylgja Facebook-síðunni.

Soffía Dögg segist hafa byrjað á þessu árið 2010 þegar hún var í fæðingarorlofi. „Samstarfskonur mínar voru mjög áhugasamar um hvernig ég ætlaði að gera strákaherbergið svo ég fór að blogga. „Mjög fljótlega fjölgaði heimsóknum og 2012 keypti ég síðan lénið sem ég er að blogga á enn í dag, sem er www.skreytumhus.is, og setti upp Like-síðu fyrir bloggið. Svo ákvað ég að gera líka Facebook-hóp undir sama nafni, svo að þeir sem lesa síðuna geti skipst á skoðunum og deilt því sem þeir eru að gera og leitað ráðlegginga. Þar að auki er SkreytumHús-söluhópur og SkreytumHús-garðsíðan. Að skreyta og gera fallegt er bara svona súrefnið fyrir mig," útskýrir Soffía Dögg.

Hún segir að áhuginn sé mikill. „Það er stöðugt að bætast í hópinn og í dag eru meðlimir tæplega 22.000. Í söluhópnum eru líka um 13.000 og það er frábært að sjá framhaldslífið sem mublur og hlutir eru að fá þarna inni. Mér finnst líka gaman að sjá að það er alltaf að fjölga í hópi herramanna á síðunni, en fyrst um sinn voru það aðallega konur sem sóttu hana."

## Lifandi hópur

Hvað er fólk helst að spyrja um?

„Úff, það er svo sannarlega farið um víðan völl. Allt frá nýjum eldhúsinnréttingum að skápalykt og allt bara milli himins og jarðar. Það er verið að biðja um ráðleggingar og svo er oft bara verið að sýna eitthvað nýtt sem er verið að brasa. Þetta er ótrúlega fjölbreytt, lifandi og skemmtilegt. Aldursbilið er mjög breitt, sumir eru að breyta heilum heimilum en aðrir bara herbergjum heima hjá foreldrum sínum. En ef ég ætti að giska á aldur „meðalpóstarans" er hann líklega á milli 35 og 45."

*Er fólk að nýta gamalt eða spá í nýtt?*

„Ég myndi segja að það væri allur gangur þar á. Það eru margir að gera upp húsgögn og gera þeim til góða sem er frábært. Ég hef í þessi fimm ár verið mikið í því að endurnýta og gera gömlu til góða inni á blogginu. Mér finnst spennandi að „versla" bara í geymslunni hjá sér og beita síðan spreybrúsanum eða málningarpenslinum."

## AB-mjólk á gluggana

*Hafa komið upp tískutrend á síðunni?*

„Já, trendin koma alltaf upp. Rétt eins og í öllum góðum saumaklúbbum, þá „mætir ein í nýju dressi" og fleiri fylgja á eftir. Á tímabili var verið að mála rúður með AB mjólk (í stað þess að nota filmur á gluggana) og svo er mikið verið að filma húsgögn og innréttingar. En þetta er allt saman skemmtilegt, og það er alltaf þannig að ein góð hugmynd kveikir margar aðrar góðar. Fólki finnst gaman að sýna það sem það er að bardúsa og það gefur mörgum innspýtingu í að gera eitthvað sjálft. Það eru margir sem eiga erfitt með að sjá fyrir sér hvernig hlutirnir koma til með að líta út eftir breytingu og sjá síðan eitthvað sniðugt sem hvetur þá af stað."

*Hvað finnst þér það skemmtilegasta sem hefur komið upp?*

„Ég held að það skemmtilegasta sé bara félagsskapurinn sem myndast í kringum þetta. Í þessum risahópi hefur lítið sem ekkert komið upp af leiðindum eða skítkasti. Fólk kemur vel fram sem er líka alveg nauðsynlegt, því að það er mjög persónulegt að setja inn myndir af heimili sínu og opna það fyrir „almenningi"."

*Hvað er mest spurt um?*

Mér finnst þetta vera mjög breytilegt. Eldhús, stofur og barnaherbergi koma fyrst upp í hugann en þó er þetta öll flóran. Hópurinn er mjög lifandi og það kemur inn fjöldinn allur af póstum á hverjum degi, þannig að allir ættu að finna eitthvað sem þeim þykir skemmtilegt að skoða þarna."



Soffía Dögg með börnum sínum. MYNDIR/EINKASAFN

## Vilja búa vel

Finnst þér vera uppsveifla í því að fólk sé að breyta, byggja eða bæta?

„Ef maður miðar bara við fjölgun fólks innan hópsins þá held ég að það hljóti að vera. Ég held bara að flestir vilji búa vel og þá á ég við að búa þannig að þeim líði vel heima hjá sér og að heimilið sé að þjóna þeim. Það er mjög mikilvægt að breyta til eftir breyttum aðstæðum og sníða heimilið að þörfum fjölskyldunnar. Bæði í að breyta og bæta, og svo auðvitað að líka bara að losa út það sem er ekki lengur í notkun."

*Finnur þú fyrir aukinni neysluvæðingu undanfarið í gegnum síðuna?*

„Ég er ekki viss um að það sé aukin neysluvæðing í gegnum síðuna, en við sem þjóð erum mjög fljót að segja að „allir" eigi hitt og þetta. Auðvitað sér einhver hlut hjá næsta manni og langar að eignast eins. Það gerist þarna inni rétt eins og í raunheimum. Ég er nokkuð viss um að það er enginn að kaupa eitthvað, bara til þess að kaupa. Ég kýs að trúa því að fólk kaupi sér hlut sem heillar og það langar til að eignast. Maður heyrir samt alltaf gagnrýnisraddir, má nefna Omaggio-vasana og ég bara blæs á. Ef þig, mig eða bara einhvern langar í röndóttan vasa sem er reyndar í fullkominni stærð fyrir litla vendi (þessi 20 cm) þá sé ég bara ekki af hverju það ætti að koma illa við einhvern annan sem hefur ekki áhuga á þessum sama vasa. Ég er sjálf lítið að spá í hvaðan hluturinn er, eða „hverra manna hann er" – en ef mér finnst eitthvað fallegt þá skiptir litlu máli hvort hluturinn kemur úr Rúmfatalagernum eða Epal. Ég veit að margir taka eflaust andköf, en svona er þetta bara," segir Soffía Dögg. **elin@365.is**

**Ágæti fasteignaeigandi !**

**Vegna mikillar sölu vantar okkur fasteignir á höfuðborgarsvæðinu, á söluskrá.**

**Ef þú ert í söluhugleiðingum, endilega hafðu samband sem fyrst, í síma 5334200 eða : arsalir@arsalir.is**

ÁRSALIR FASTEIGNAMIÐLUN 533 4200

Ársalir ehf fasteignamiðlun
Sími: 533 4200 og 892 0667
Engjateigi 5, 105 Rvk, arsalir@arsalir.is



Björgvin Björgvinsson, löggiltur fasteignasali

# DAIKIN
**KÆLING OG HITUN**




## Daikin Ururu Sarara

Nýjasta útfærsla af loft í loft varmadælum til hitunar eða kælingar.

Innbyggt raka og þurktæki sem tryggir rétt rakastig.
Bakteríu sía og aðgerð til að vinna gegn myglu.
Tekur freskt loft inn að utan.




## Mesta úrval af loft í loft varmadælum - Verð frá 198.400.-



| PIXO 20 | SIESTA N 25/35 | CALDO X 35 | NEXURA X 35 |
|---|---|---|---|
| kW 3,5 | kW 5,5 / 6,5 | kW 7.2 | kW 7.0 |
| Meðalnotkun kW 0,59 | Meðalnotkun kW 0,72 / 1,45 | Meðalnotkun kW 0.82 | Meðalnotkun kW 0.97 |
| SCOP 4,67 | SCOP 4,4 / 4,06 | SCOP 4.85 | SCOP 4.11 |
| Orkuflokkur A++ | Orkuflokkur A+ / A+ | Orkuflokkur A++ | Orkuflokkur A+ |

### Daikin Monobloc loft í vatn

Frábær lausn fyrir gólfhita eða ofnakerfi sem er einföld og fljótleg í uppsetningu.

5 og 7 kW útgáfa í boði.

Ódýr og einfaldur kostur til hitunar, hámarks orkusparnaður.

A++
COP 5,0




### Daikin Altherma jarðvarmadæla



Álagsstýrð varmadæla útbúin með besta búnaði sem völ er á, hámarks orkusparnaður til hitunar.

Einstaklega hljóðlát, stílhrein hönnun sem passar vel inn á öll heimili.

2,5 - 13kW, 180L neysluvatnskútur, hringrásadælur, þensluker, öryggislokar og þrýstimælar allt innbyggt.

Allt að 85% orkusparnaður.

A+++
COP 5,9

### SWEP varmaskiptar

Varmaskiptagrindur fyrir sumarhús, íbúðarhús og neysluvatn.



### Kynnið ykkur mögulegan orkusparnað á www.verklagnir.is

Verklagnir hafa sérhæft sig í orkusparnaði fyrir köldu svæðin og náð einstaklega góðum árangri, við byggjum á margra ára reynslu framleiðanda okkar ásamt því að veita bestu mögulegu þjónustu til að tryggja ánægða viðskiptavini.

Vertu velkomin til okkar og við ráðleggjum þér hvernig er best að spara orku.

**517 0270**
**VERKLAGNIR.IS**
**Sérfræðingar í varmadælum!**

Verklagnir ehf.
Smiðjuvegur 70
200 Kópavogur
Gul gata
Info@verklagnir.is
www.verklagnir.is



## Fræðsla um málun húsa

Fræðslufundur um yfirborðsmeðhöndlun utanhúss verður haldinn 18. maí í Árbæjarsafni á vegum Húsverndarstofu. Þar verður fræðsla í formi fyrirlestra um málun á útveggjum, þaki, hurðum og gluggum og eftir því hvort um timbur, stein eða málm er að ræða.

„Þarna munu málarameistarar og aðrir sérfræðingar sem allir búa yfir mikilli reynslu fara yfir hvaða efni og aðferðum er best að beita í hverju tilfelli fyrir sig,“ segir Ólafur Ástgeirsson, sviðsstjóri byggingа- og mannvirkjasviðs Iðunnar fræðsluseturs.

Fundurinn fer fram milli klukkan 16 og 18 og er ætlaður bæði almenningi og fagmönnum. Allir velkomnir og ókeypis inn. Að Húsverndarstofu standa Iðan fræðslusetur, Borgarsögusafn og Minjastofnun Íslands.



**Gylfi Gylfason með bók sína um Grjótaþorpið.** MYND/DAGBLAÐIÐ VÍSIR

## Grjótaþorpið lifir

Mörgum finnst vafalaust skrítið að hugsa til þess í dag en miklar deilur stóðu um Grjótaþorpið svokallað í miðbæ Reykjavíkur á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Komu þar m.a. við sögu hagsmunaaðilar, hugsjónafólk úr röðum húsverndunarsinna og ýmsir þjóðþekktir einstaklingar.

Snemma á sjöunda áratug síðustu aldar þótti byggðin úrelt og illa farin. Borgarráð samþykkti nýtt aðalskipulag árið 1962 þar sem m.a. var gert ráð fyrir hraðbraut þar. Nokkrum árum síðar fór þó viðhorf borgarbúa að breytast, ekki síst með stofnun Torfusamtakanna árið 1973. Þrátt fyrir breytt viðhorf var ástand flestra húsanna mjög slæmt.

Borgaryfirvöld áttu á þessum tíma erfitt með að komast að niðurstöðu um framtíð hverfisins þar sem reynt var að koma til móts við hagsmuni fasteignaeigenda annars vegar og húsverndunarsinna hins vegar sem vildu varðveita gömlu bæjarmyndina.

Í borgarstjóratíð Davíðs Oddsonar voru byggð tvö ný hús sitt hvorum megin Moggahallarinnar svokölluðu en byggðin hefur að mestu fengið að standa óbreytt síðan þá enda löngu búið að ráðast í endurbætur á flestum húsum, helluleggja götur og fjarlægja ónýt grindverk. Grjótaþorpið er því komið til að vera.

*Heimild: husvernd.wordpress.com*

## AFLIÐ UPPLÝSINGA UM ASBESTIÐ

Asbest var notað sem byggingarefni hérlendis allt til ársins 1980 en asbest er samheiti yfir nokkrar steintegundir sem allar eiga það sameiginlegt að mynda þráðkennda kristalla. Asbestþræðir eru til margra hluta nytsamlegir, til dæmis sem hljóð- eða hitaeinangrun en nú er notkun asbests til einangrunar í húsum bönnuð á flestum stöðum í heiminum.

Viðhald og jafnvel niðurrif á húsum sem voru byggð á árunum 1950-1980 verður algengara eftir því sem árin líða og það eru einmitt hús sem byggð voru á þessum árum sem mestar líkur eru á að asbest hafi verið notað í. Asbest er tiltölulega meinlaust sé það látið vera en brotnar auðveldlega niður sé átt við það og myndar fínsallað ryk sem festist í lungum við inndöndun. Skaði kemur oft ekki fram fyrr en áratugum síðar, sem steinlunga eða krabbamein. Afar mikilvægt er því að umgangast efnið rétt og fá upplýsingar og álit sérfróðra manna um meðhöndlun asbests.





# Sprungufyllingar gefa góða raun

**Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas (MHC) að Gullhellu í Hafnarfirði rekur stærstu malbikunarstöð Íslands sem sinnir verkefnum um land allt. MHC vinnur einnig hörðum höndum að því að þróa nýjar leiðir til að auka gæði og endingu vega. Helsta nýjungin er sprungufylling.**


Viðgerð á flugvelli.


Unnið að sprunguviðgerðum á Vesturlandsvegi.

MHC var stofnað árið 1987 og er hluti af alþjóðlega verktakafyrirtækinu Colas AS sem hefur höfuðstöðvar í Frakklandi. Fyrirtækið er með aðalstöðvar við Gullhellu í Hafnarfirði. „Þar rekum við stærstu malbikunarstöð á Íslandi sem afkastar um 240 tonnum af malbiki á klukkustund,“ segir Gunnar Örn Erlingsson, sviðsstjóri hjá MHC, en jafnframt rekur fyrirtækið biktanka og framleiðir bikþeytu á Óseyrarbraut við Hafnarfjarðarhöfn og rekur biktank á Akureyri.

Mikill metnaður ríkir innan fyrirtækisins og árið 2008 var gæðastjórnunarkerfi þess vottað skv. kröfum ISO 9001, fyrst verktakafyrirtækja á Íslandi. „Öll malbiksframleiðsla í Hafnarfirði hefur verið CE-merkt og við stefnum að vottun umhverfisstjórnarkerfis í júní.“

## Áratuga reynsla

MHC sinnir jafnt stórum sem smáum verkefnum. „Sem dæmi hefur fyrirtækið malbikað flest jarðgöng hér á landi og framkvæmt öll stærri verkefni á alþjóðaflugvöllum landsins,“ segir Gunnar, enda hafi MHC yfir að ráða einvala starfsfólki með áratuga reynslu.

Hann segir tækjakostinn afar góðan og hann sé í sífelldri endurnýjun. „Um þessar mundir er til dæmis ný útlagningarvél komin til landsins og verið að bæta við völturum.“

MHC starfar um allt land og hefur þjónað landsbyggðinni með færanlegum verksmiðjum síðan 1996. „Á þessum tuttugu árum hefur verið ferðast vítt og breytt um landið og einnig hefur tilfallandi verkefnum á Grænlandi verið sinnt,“ lýsir Gunnar.

## Vinna að endurbótum

Mikil umræða hefur verið í samfélaginu undanfarin ár um lélegt ástand vegakerfisins. Gunnar segist telja að þar megi um kenna samspili viðhaldsleysis, lélegra ákvarðana, erfiðs veðurfars og óvandaðra vinnubragða.

Eftir hrun var mikill niðurskurður í öllu sem tengdist verktakabransanum og voru malbiksframkvæmdir þar engin undantekning. „Í stað þess að sitja með hendur í skauti á þessum árum fórum við í mikla þróunarvinnu sem miðaði að endurnýtingu og endurbótum á vöruflokkum sem fyrirtækið býður upp á,“ segir Gunnar en í samstarfi við háskólana á Íslandi, Colas DK í Danmörku og Colas AS í Frakklandi voru gerðar tilraunir með glermalbik, endurunnið malbik, endurvinnslu í heitt malbik auk þess sem gerðar voru tilraunir með ný íblöndunarefni í bikhluta malbiksins. „Þróunarstarfið á „hrunárunum“ hefur aukið færni okkar í að meta aðstæður og gert okkur betur í stakk búin til þess að ráðleggja og meta þarfir viðskiptavinarins,“ segir Gunnar.

## Góður árangur sprungufyllinga

Ein af hugmyndunum úr þróunarvinnunni var að skoða nánar sprungufyllingarefni. „Í mörg ár hefur Hlaðbær Colas flutt inn efni til að fylla í sprungur í vegyfirborði, en gríðarlega mikilvægt er að loka yfirborði vega þannig að vatn komist ekki í burðarlagið, frjósi þar og þiðni á víxl,“ útskýrir Gunnar en á síðastliðnu ári fjárfesti MHC í sérútbúnu tæki til að sprauta heitu biki og sprunguviðgerðarefnum til að vinna bug á vandamálinu. „Það er von okkar að veghaldarar kveiki á perunni varðandi þessa aðferð,“ segir Gunnar og bendir á að búið sé að gera tilraunir á Vesturlandsvegi með góðum árangri.

**Nánari upplýsingar má finna á www.colas.is**


## Veðurfar á Íslandi reynir til hins ýtrasta á yfirborð vega.

**Ástæður eru einkum þessar:**

- Mjög tíðar hitasveiflur til skiptis í frosta- og þýðuköflum. Slíkar sveiflur eru mjög slítandi fyrir yfirborð vega, sérstaklega ef raki er mikill í undirlagi.
- Yfirborð vega er oft blautt.
- Mikil notkun á salti til hálkuvarna.
- Mikil notkun nagladekkja.
- Þungaflutningar á vanbyggðum vegum.
- Frostlyftingar.

## Aðferðafræði:

Þegar gera á við sprungur í vegum þarf að byrja á að hreinsa sprunguna vel, t.d. með því að háþrýstiblása upp úr sprungunum. Þegar búið er að hreinsa, þarf að velja sprungufyllingarefnið eftir dýpt og breidd sprungunnar ásamt tegund yfirborðsefnis. Að því loknu er efninu hellt í sprunguna með þar til gerðum áhöldum. Í sumum tilfellum er fínum sandi dreift yfir bindiefnið.

## SPRUNGUVIÐGERÐAREFNI – lengir líftíma gatna

### ÖRYGGISMÁL

Efnin eru ekki flokkuð sem hættuleg. Nota skal viðeigandi öryggishlífar þegar heit efni eru meðhöndluð. Sjá nánar um efnin á öryggisblaði fyrir hvert efni.

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæjar-Colas í síma 565 2030 og á heimasíðu okkar www.colas.is

HLAÐBÆR COLAS

Gullhellu 1, 221 Hafnarfjörður
Sími: 565 2030
colas@colas.is, www.colas.is



# Sinna allri almennri malbiksvinnu

Fyrirtækið **Malbik og völtun,** Stórhöfða 35, hefur starfað á sömu kennitölu í 28 ár. Starfsmenn þess hafa margra áratuga reynslu af malbiksvinnu. Fyrirtækið býr yfir góðum tækjakosti og fékk nýverið afhenta tvo nýja malbiksvaltara sem koma að góðum notum í sumar.

„Við sinnum allri almennri malbiksvinnu og holuviðgerðum á öllu frá bílastæðum og göngustígum til stærri gatna,“ segir Valgarð Einarsson, annar eigenda Malbiks og völtunar. „Þetta eru yfirleitt smærri og meðalstór verkefni sem við tökum að okkur og við komum þangað sem okkar er þörf,“ segir hann glettinn.

Malbik og völtun hefur starfað fyrir fjölmörg sveitarfélög. „Við höfum unnið mikið fyrir Mosfellsbæ, Hafnarfjörð og Kópavog sem dæmi,“ segir Valgarð en starfsemin er að komast í fullan gang þessa dagana enda hefur veður farið skánandi.



> Saltpækillinn hefur afar slæm áhrif á göturnar. Þær eru baðaðar upp úr þessum saltpækli allan sólarhringinn og ég tel nauðsynlegt að skipta honum út fyrir annað efni.
> *Jón Bjarni Jónsson*

Valgarð Einarsson og Jón Bjarni Jónsson við einn af nýjum völturum fyrirtækisins. MYND/HANNA

### Góður tækjakostur

Fyrirtækið býr yfir góðum tækjabúnaði og var til að mynda að fá afhenta tvo nýja malbiksvaltara í síðustu viku, annan stóran og hinn lítinn. Fyrirtækið á einnig hefil og önnur tæki til að gera klárt fyrir malbik. Valgarð minnist líka á umhverfisvænt og skilvirkt tæki. „Þetta er gashitari sem endurnýtir malbikið sem er fyrir,“ segir Valgarð en tækið er keyrt yfir skemmda svæðið og hitar undirlagið upp í 140-160°C á um það bil sjö mínútum. Ef þörf krefur er malbiki bætt ofan í skemmdirnar og svo bræðir tækið í raun saman það malbik sem fyrir er og það sem er bætt við. Þetta gerir það að verkum að viðgerðin er samskeytalaus og er því mun endingarmeiri. „Þetta hentar vel þar sem eru tvö lög af malbiki og engar skemmdir í burðarlagi,“ segir Valgarð.

### Slæm staða á vegunum

Jón Bjarni Jónsson, hinn eigandi Malbiks og völtunar, segir stöðuna á götum landsins slæma, sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu. „Það er nauðsynlegt að taka til í þessum málum en það er eins og með annað, að peningana vantar,“ segir hann og vill meina að helsti skaðvaldurinn sé saltpækillinn. „Göturnar eru baðaðar upp úr þessum pækli allan sólarhringinn og ég tel nauðsynlegt að skipta honum út.“

### Áratuga reynsla

Malbik og völtun var stofnað árið 1988 og verður því 28 ára gamalt.

„Það hefur verið rekið á sömu kennitölu frá upphafi,“ segir Valgarð og bendir á að innan fyrirtækisins sé að finna margra áratuga reynslu í malbiksvinnu.

Nánari upplýsingar má fá í síma 587 9033.



Í ár verða tæpir 13 km af malbiki endurnýjaðir á götum borgarinnar.

# Malbikað í borginni fyrir 710 milljónir

Kostnaður við malbiksframkvæmdir í Reykjavík í sumar er áætlaður 710 milljónir króna samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar. Vegagerðin eyðir að auki 450 milljónum í malbikun á stofnbrautum.

Viðgerðir á illa förnum götum eftir veturinn eru þegar hafnar og hefur víða verið fyllt í holur en Reykjavíkurborg áætlar að verja um 150 milljónum króna til malbiksviðgerða í ár.

Malbiksyfirlagnir munu kosta borgina 560 milljónir. Alls gerir þetta 710 milljónir króna.

Malbik er víða illa farið eftir umhleypingasaman vetur. Þá hefur umferð á höfuðborgarsvæðinu aukist mikið auk þess sem sparað hefur verið í viðhaldi á malbiki frá hruni.

Í ár verða tæpir 13 km af malbiki endurnýjaðir á götum borginnar með fræsingu og malbikun. Malbikslögn yfir eldra slitlag er áætluð rúmir 4 km. Í heild verður því lagt malbik á tæpa 17 km á 65 stöðum í borginni.

Meðal stórra verkefna eru: Bugða frá Kambavaði til Búðatorgs, Suðurlandsbraut og Laugavegur, Norðlingabraut frá Þingtorgi að Helluvaði, Skógarsel frá Árskógum að Ölduseli, Bústaðavegur frá Háaleitisbraut að Grensásvegi, Stóragerði frá Heiðargerði að Smáagerði, Fjallkonuvegur, Víkurvegur, Hofsvallagata, Framnesvegur, Skúlagata.

Rúm 14 þúsund tonn af sjóðandi heitu malbiki fara á göturnar í sumar.

Stofnbrautir, sem eru um 100 km af gatnakerfi höfuðborgarinnar, eru í forræði Vegagerðarinnar. Vegagerðin áætlar að eyða 450 milljónum króna í viðgerðir og malbikun stofnbrauta borgarinnar í ár.

# Kannaði slitlag vega

**Illugi Þór Gunnarsson** varði nýverið MS-ritgerð sína í byggingaverkfræði sem fjallar um viðhaldsaðgerðir klæðingaslitlaga og samanburð á þeim.

Klæðing er sú slitlagsgerð sem mest er notuð á vegum með bundnu slitlagi á Íslandi utan stærstu þéttbýlisstaðanna. Allt frá uppgreftri innihaldsefna að útlögn og gerð slitlagsins losna skaðlegar lofttegundir út í andrúmsloftið, en bindiefnið hefur mest áhrif að sögn Illuga. „Markmið verkefnisins var að bera saman klæðingaslitlög með þrjár mismunandi gerðir bindiefna, þjálbik, bikþeytu og þunnbik, með tilliti til umhverfisáhrifa, kostnaðar og endingar,“ segir Illugi en það gerði hann með því að skoða kolefnisspor klæðingargerðanna frá uppgreftri efna þar til klæðing var klár til notkunar. Hann kannaði kostnað á fermetra við kaup og flutning hráefnanna og útlagnarkostnað fyrir hverja gerð.

„Helsta niðurstaðan var sú að klæðing með þjálbiki virðist hentugust. Þetta miðast þó við þær upplýsingar sem ég hafði að vinna úr,“ segir Illugi og setur þann fyrirvara að í þessum niðurstöðum sé ekki tekið inn í það viðhald sem þarf að sinna á yfirlögnunum. „Endingin á yfirlögnunum getur verið mjög breytileg og enn eru ekki til neinar upplýsingar um endingu á klæðingu með bikþeytu á Íslandi,“ segir Illugi sem mun halda áfram að velta fyrir sér vegagerð á næstunni enda hefur hann störf hjá Vegagerðinni á næstunni.



Illugi Þór Gunnarsson kannaði slitlag vega í MS-ritgerð sinni í byggingaverkfræði. MYND/PJETUR


Endurskins-
og hlífðar-
fatnaður
Dynjandi býður upp á hlífðar- og öryggis-
fatnað sem uppfyllir ströngustu kröfur.
Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.
DYNJANDI
allt fyrir öryggið
Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

# Frægir vegir og þjóðleiðir

Flókið vegakerfi þræðir sig um allan heiminn og spennandi að ferðast um leiðir sem hlotið hafa þann vafasama heiður að teljast hættulegustu leiðir í heimi eða liggja hæst yfir sjávarmáli.




Route 66 er haldið við í nokkrum fylkjum en vegurinn var tekinn út úr þjóðleiðakerfi Bandaríkjanna árið 1985.

## Hættulegustu vegir í heimi

Stelvio Pass í Ölpunum og vegurinn um Yungas í Bólivíu eru sagðir hættulegustu vegir í heimi. Stelvio Pass var gerður 1820 og á honum eru 48 krappar beygjur sem hafa reynst ökumönnum erfiðar.

Á snarbröttum fjallveginum um Yungas í Bólivíu lætur fjöldi ferðamanna lífið á hverju ári, en vegurinn var gerður á fjórða áratug síðustu aldar og voru paragvæskir stríðsfangar látnir leggja veginn. Vegurinn er varla þriggja metra breiður og einungis um 80 kílómetra langur. Hann hefur fengið það vafasama heiti „Dauðaleiðin“.



Dauðavegurinn í Bólivíu.



Karakoram er hæsti malbikaði vegur í heimi.



Stelvio Pass, einn hættulegasti vegur í heimi.

## Hæsti vegur í heimi

Karakoram-leiðin um Himalajafjöll er talin liggja hæst vega í heimi eða 4.876 metra yfir sjávarmáli. Pakistan og Kína gerðu með sér samkomulag árið 1963 um að leggja malbikaðan veg í félagi. Karakoram Highway teygir sig 805 kílómetra. Vegurinn var opnaður almennri umferð árið 1986 og tengir Xinjiang-hérað í Kína við Islamabad, höfuðborg Pakistans.

## Breiðasta gata í heimi

Katy Freeway í suðurhluta Bandaríkjanna er talin breiðasta hraðbraut í heimi en á köflum eru 18 akreinar. Hraðbrautin teygir sig 1.420 kílómetra, og liggur meira en einn þriðji hluti hennar um Texas. Hún var lögð árið 1959.



Katy Freeway er breiðasta hraðbraut í heimi.

## Frægasta þjóðleið í heimi

Þjóðvegur 66 í Bandaríkjunum er ein af frægustu hraðbrautum í heimi og ein af fyrstu aðalleiðum um Bandaríkin, frá Chicago til Kaliforníu. Vegurinn var 3.945 kílómetra langur og var almenn umferð um hann frá 1926 til ársins 1985 en þá var þjóðvegur 66 tekinn út úr aðalþjóðleiðakerfi Bandaríkjanna. Um þessa leið hafa verið samin dægurlög og á sjöunda áratugnum voru í gangi sjónvarpsþættir í Bandaríkjunum sem kölluðust Route 66. Áratugum saman blómstraði þjónusta við veginn og var lengi barist gegn því að hann færi út úr aðalleiðakerfinu. Nokkur fylki hafa haldið upp á kafla leiðarinnar undir merkinu „Historic Route 66“.

GSG

NÚ ER RÉTTI TÍMINN FYRIR
MALBIKSVIÐGERÐIR!




GSG




➡ GSG EHF. BÝÐUR UPP Á SAMSKEYTALAUSAR VIÐGERÐIR Á ÖLLUM HOLUM, SPRUNGUM OG RÖNGUM VATNSHALLA SEM MYNDAST Í MALBIKI.



Til viðgerðanna notum við svokallaðan gashlemm en hann gerir okkur kleift að hita upp malbik í kringum skemmdir. Með þessu móti mætir heitt malbik heitu malbiki og náum við þannig að koma í veg fyrir að samskeyti verði sjáanleg. Samskeyti eiga það til að brotna upp mjög fljótt eftir viðgerð ef þessi aðferð er ekki notuð.

Stærð skemmdana skiptir ekki máli þar sem hægt er að hólfa hlemminn niður í hinar ýmsu stærðir. Heildarstærð hlemmsins er 4,5 m² en hægt er að gera hitun við hitun án þess að samskeyti sjáist og er þess vegna hægt að gera við tugi fermetra í einu án þess að gæði viðgerðanna rýrni.





Á meðan hitunin á sér stað kveiknar og slökknar til skiptis á hituninni til að malbikið brenni ekki. Það er mjög mikilvægt að gamla malbikið brenni ekki því þá er ekki hægt að endurnýta það með nýju.

Þegar nýju malbiki hefur verið bætt í er viðgerðin jöfnuð út í rétta hæð og að lokum er svo valtað yfir.



➡ Útkoman er samskeytalaus malbiksviðgerð sem stenst allar kröfur og hefur góðan líftíma.

GSG BÝÐUR EINNIG UPP Á ANNARSKONAR MALBIKUN. MÁ ÞAR M.A. NEFNA:

- ➡ Malbikun á vegum, heimreiðum og plönum
- ➡ Malbikun á göngu- og hjólastígum
- ➡ Malbikun á hraðahindrunum og römpum
- ➡ Bráðabirgðaviðgerðir þar sem aðstæður leyfa ekki annað

Ekki hika við að hafa samband við mig til að fá tilboð eða nánari upplýsingar um okkur!

Þorvarður Kristjánsson framkvæmdastjóri
Eins og áður sagði sluppu þau ótrúlega vel en Pétur viðurkennir að þetta hafi verið óþægileg lífsreynsla. „Þetta var sjokk, maður hefur aldrei lent í neinu svona áður. Sjokkið hefði samt verið meira ef einhver hefði meiðst," sagði Pétur en bílveltan virtist ekki hafa mikil áhrif á þá Viðar í leiknum á Króknum á mánudagskvöldið.

„Ég var mjög heppinn og fann nánast ekki fyrir neinu eftir þetta. Ég fékk aðeins í hægra herðablaðið en var orðinn góður eftir 2-3 daga. Verkurinn ágerðist ekkert. Viðar var aðeins stífur í bakinu en er held ég orðinn góður."

Það ræðst í kvöld, eftir oddaleik Stjörnunnar og Njarðvíkur, hvort Stólarnir mæta KR eða Haukum í undanúrslitunum. Pétur og félagar mættu báðum þessum liðum í úrslitakeppninni í fyrra; slógu Hauka út í undanúrslitunum en töpuðu svo fyrir KR í úrslitaeinvíginu. Þangað ætla Stólarnir sér annað árið í röð.

„Það er stefnan. Það var svo gaman í fyrra að okkur langar aftur," sagði Pétur Rúnar að endingu.

ingvithor@365.is




## Pétur dýrkar að spila með Viðari

Pétur Rúnar og Viðar Ágústsson eru jafnaldrar (fæddir 1996) og æskuvinir. „Hann er mánuði eldri en ég. Hann á afmæli 3. janúar en ég 20. febrúar. „Ég átti heima fyrir neðan hann og við erum búnir að vera bestu vinir síðan við vorum litlir," segir Pétur um félaga sinn sem er loksins að fá verðskuldaða athygli fyrir spilamennsku sína á báðum endum vallarins.

„Það er alltaf tekið meira eftir sókninni en vörninni en núna er hann farinn að gera sig gildandi í sóknarleiknum. Vörnin hefur alltaf verið til staðar en núna er hann farinn að skora, kallinn," sagði Pétur sem nýtur þess að spila með vini sínum.

„Ég dýrka að spila með honum. Hann segir kannski ekki mikið á vellinum en hann er baráttuhundur og maður veit að hann skilar alltaf sínu."

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Haukar - Grindavík 58-61**
**Stigahæstar:** Helena Sverrisdóttir 21/22 fráк./5 stoðs., Jóhanna Björk Sveinsdóttir 10, Dýrfinna Arnardóttir 9, Pálína María Gunnlaugsdóttir 5 - Whitney Frazier 24, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 11/10 frák., Björg Guðrún Einarsdóttir 7, Petrúnella Skúladóttir 7/5 stoðs., Ingunn Embla Kristínardóttir 7.
*Staðan er 1-0 fyrir Grindavík.*

**Snæfell - Valur 69-62**
**Stigahæstar:** Haiden Denise Palmer 31/9 frák./5 stoðs./5 stolnir, Gunnhildur Gunnarsdóttir 20, Berglind Gunnarsdóttir 15, Alda Leif Jónsdóttir 3 - Karisma Chapman 28/16 frák./5 stolnir, Ragnheiður Benónísdóttir 11/13 frák., Guðbjörg Sverrisdóttir 7/6 frák./5 stolnir, Hallveig Jónsdóttir 6, Bergþóra Holton Tómasdóttir 5/5 fráköst, Dagbjört Samúelsdóttir 5.
*Staðan er 1-0 fyrir Snæfell.*

### SARA BJÖRK FYRST HETJA OG SVO SKÚRKUR Í SÁRU TAPI



Íslenska landsliðskonan Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði eina markið þegar sænska liðið Rosengård vann 1-0 sigur á Evrópumeisturum Frankfurt í seinni leik liðanna í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar í Þýskalandi í gærkvöldi. Frankfurt vann fyrri leikinn 1-0 og því varð að framlengja. Úrslitin réðust á endanum í vítakeppni þar sem Sara Björk klikkaði á fyrstu spyrnunni. Það var eina vítaspyrnan sem fór forgörðum en það þýddi að Frankfurt vann því vítakeppnina 5-4 og komst í undanúrslitin. Sara Björk skoraði markið sitt með laglegum skalla á 28. mínútu leiksins.

### NÍUNDI ODDALEIKUR JUSTINS

Stjarnan tekur á móti Njarðvík í kvöld í hreinum úrslitaleik um sæti í undanúrslitum Domino's-deildar karla í körfubolta en KR, Tindastóll og Haukar eru þegar komin áfram.

Þetta er annað árið í röð sem Stjarnan og Njarðvík mætast í oddaleik í átta liða úrslitum úrslitakeppninnar en Njarðvík vann 92-73 sigur í Ljónagryfjunni fyrir ári. Að þessu sinni eru Stjörnumenn hins vegar á heimavelli en það má deila um hversu gott það er enda hafa útiliðin unnið fyrstu fjóra leikina.

Stjörnumenn og þá sérstaklega Justin Shouse þekkja það vel að spila oddaleik en leikurinn í kvöld verður níundi oddaleikur Justins í úrslitakeppninni. Justin hefur þrisvar fagnað sigri en fimm sinnum verið í tapliði. Justin er með17,8 stig og 7,4 stoðsendingar að meðaltali í þessum átta oddaleikjum sínum.




## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.50 | Stjarnan – Valur | Sport 2 |
| 18.45 | Körfuboltakvöld | Sport |
| 19.15 | Stjarnan – Njarðvík | Sport |
| 20.50 | Víkingur R. – ÍA | Sport 3 |
| 19.15 | Stjarnan – Njarðvík | Ásgarður |
| 19.30 | Fram – Akureyri | Safamýri |
| 19.30 | FH – ÍR | Kaplakriki |
| 19.30 | Afturelding – ÍBV | Varmá |
| 19.30 | Grótta – Víkingur | Nesið |

www.lyfja.is

# CLINIQUE

## Clinique dagar í Lyfju dagana 31. mars – 6. apríl.

**20%** afsláttur af Clinique vörum fimmtudag og föstudag.

Kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900 kr eða meira.*

**Kaupaukinn inniheldur:**
Liquid facial soap
All about eyes
Superdefence SPF 20
High impact mascara
Pop lip colour + primer

*á meðan birgðir endast.







**Nýtt**
Lúxus krem-maski sem gerir húðina fyllri og þéttari.

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

**ATH. gildir í: Lyfju Lágmúla, Laugavegi, Nýbýlavegi, Smáratorgi, Smáralind og Reykjanesbæ**

LYFJA
– Lifið heil



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Páls Helgasonar**
tónlistarmanns,
Reykjavegi 59, Mosfellsbæ.

Guð blessi ykkur öll.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Bjarney Einarsdóttir**

---



✝

**Guðný Ó. Halldórsdóttir**
Háteigi,

lést á Landakoti
þann 28. mars síðastliðinn.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Halldór Teitsson** **Guðrún H. Teitsdóttir**
**Ágúst Már Gröndal** **Anna Guðný Gröndal**

---



✝

Okkar ástkæri
**Gunnar Jónsson**
Skólastíg 14, Stykkishólmi,

andaðist 22. mars.
Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 2. apríl kl. 14.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi, 0309-13-209020, kt. 620269-7009.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Gerður G. Gunnarsdóttir** **Steinar Jónsson**
**Sæmundur Gunnarsson** **Helga Guðnadóttir**
**Jón H. Gunnarsson** **Ólöf Guðrún Guðmundsdóttir**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Sólveig Eggerz Pétursdóttir**
listmálari,

sem lést 16. mars síðastliðinn, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju á morgun, föstudaginn 1. apríl, kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélagið Ás.

**Sigrún Árnadóttir** **Eiríkur Hans Sigurðsson**
**Elín Árnadóttir** **Arnþór Helgason**
**Helga Árnadóttir**
**Stefán Pétur Eggerz Árnason**
**Árni Baldur Ólafsson** **Þrúður Sigurðardóttir**
**Hrólfur Pétur Eggerz Ólafsson** **Anna Þóra Viðarsdóttir**
**Árni Birgisson** **Elfa Hrönn Friðriksdóttir**
**og langömmubörnin.**

---

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---

# Ekkert hættur að mála

## Fjöllistamaðurinn Ketill Larsen opnar málverkasýningu í dag í Tjarnarsal Ráðhússins. Hann er ekki einn á ferð því fjölskylda hans er listfeng líka og fær sitt rými.

„Á ég að tala íslensku, frönsku eða kínversku?“ spyr Ketill Larsen stríðnislega þegar hann er beðinn um viðtal vegna sýningar sem hann er að opna í dag klukkan 17 í Ráðhúsinu í Reykjavík. Ég vel fyrsta kost – eftir talsverða umhugsun!

Ketill er með fulla tösku af málverkum og teikningum sem hann er að fara að stilla upp í Tjarnarsalnum. Svo hafa börn hans og barnabörn líka tekið til hendinni og tengdasynirnir leggja sitt af mörkum. „Ég á átta barnabörn, þau gera hlutina á sinn hátt, teikna, mála og sulla og annar tengdasonur minn, sem er ítalskur, gerir andlitsgrímur, mjög vel telgdar í úrvalstré. Hann hefur sýnt í fleiri löndum,“ lýsir Ketill sem kveðst sjálfur hafa teiknað mikið að undanförnu. „En ég er ekkert hættur að mála,“ tekur hann fram. „Ég hef málað frá 1970 – milli sjö og tíu þúsund málverk og það sem er á sýningunni er samtíningur frá öllu þessu tímabili.“

**gun@frettabladid.is**

### FRÓÐLEIKUR UM KETIL

Ketill er lærður leikari og lék ýmis hlutverk hjá Þjóðleikhúsinu, meðal annars Inúk í samnefndu verki sem var sýnt í 19 löndum á árunum 1974-78. Hann lék í myndunum Jón Oddur og Jón Bjarni og Hrafninn flýgur og heimildarmynd um hann sjálfan var frumsýnd árið 2008. Þá er hann líka vel kunnugur jólasveininum Askasleiki.



**„Þau eru ekki öll stór, málverkin, ég mála mikið af litlum myndum,“ segir Ketill.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---



✝

Kær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Þorsteinn Magnússon**
viðskiptafræðingur,
Víðimel 65,

lést að morgni páskadags á Landspítalanum í Fossvogi.

**Þórdís Þorgeirsdóttir**
**Þórrún S. Þorsteinsdóttir** **Reynir Sigurðsson**
**Þórný Ásta Þorsteinsdóttir**
**Þórður Geir Þorsteinsson** **Ana Martha Helena**
**og barnabörn.**

---

✝

Bróðir okkar og frændi,
**Adolf R. Kristjánsson**
Lindargötu 57,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi miðvikudaginn 23. mars.
Útför hans mun fara fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 4. apríl kl. 15.

**Systkini og systkinabörn.**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,
**Auður Matthíasdóttir**
Móaflöt 27, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 24. mars.
Útför hennar fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 7. apríl kl. 13.

**Kristinn Vilhelmsson**
**Matthías Kristinsson** **Liv Anna Gunnell**
**Trostan, Saga og Íssól**

---



✝

Elsku hjartans drengurinn okkar,
**Bergur Snær Sigurþóruson**

sem lést föstudaginn 18. mars, verður jarðsettur frá Neskirkju fimmtudaginn 31. mars kl. 13.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á nýstofnaðan styrktarsjóð sem hefur að markmiði að efla stuðning við ungt fólk sem lent hefur í áföllum, 301-13-112673, kt. 210372-5399.

**Fjölskylda og ástvinir**

---

✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Ragnheiður Hjálmtýsdóttir**
Skúlagötu 20,

lést á Landspítalanum í Fossvogi aðfaranótt páskadags 27. mars. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 1. apríl kl. 13.

**Hjálmar Þór Kristjánsson** **Lýdía Rafnsdóttir**
**Guðmundur Kristjánsson** **Helga I. Stefánsdóttir**
**Sigurrós Kristjánsdóttir** **Ingvar J. Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur bróðir minn, mágur og frændi okkar,
**Gísli H.L. Finnbogason**
frá Holti, Garðahverfi,

andaðist á Vífilsstöðum 13. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Garðakirkju mánudaginn 4. apríl kl. 13.00.
Þeim sem aðstoðuðu og hjúkruðu honum heima síðastliðin ár, starfsfólki Hrafnistu í Hafnarfirði, 5. hæð, Landspítala Fossvogi 6-A og Vífilsstöðum, 1. hæð, er þakkað fyrir einstaka alúð og umönnun.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Stefán H. Finnbogason** **Hulda Cathinca Guðmundsdóttir**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**




NJÓTTU NETFLIX Í 4K

LG

IPS LED 4K ULTRA HD 4K Upscaler TRIPLE XD 1600Hz PMI DVB T2 harman/kardon NETFLIX 4K

55"

**LG 55UF850V**

- 55" 3D Smart IPS LED sjónvarp
- Ultra HD 4K 3840 x 2160 upplausn
- 1600Hz PMI (Picture Master Index)
- Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun
- Triple XD Engine / Ultra Clarity Index
- Real Cinema 24p
- Quad-Core örgjörvi
- 20W hátalarakerfi hannað af Harman / Kardon
- webOS 2.0 - Nettenging með opnum netvafra
- NETFLIX - 4K
- Wi-Fi þráðlaus móttakari innbyggður
- LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct
- apt-X Bluetooth þráðlaus tenging
- Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari
- Innbyggður gerfihnattamóttakari
- 2 x USB 2.0 / 1x USB 3.0 tengi
- Magic Remote Fylgir
- Apple eða Android app

**199.990**

VERÐ ÁÐUR **299.990**

# SJÓNVARPSTILBOÐ




IPS LED 4K ULTRA HD 4K Upscaler TRIPLE XD 700Hz PMI NETFLIX 4K DVB T2

LG

**LG 49UF695V**

- 49" Smart IPS LED sjónvarp
- Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn
- Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun
- Triple XD Engine / Ultra Clarity Index
- Micro Pixel Control / Real Cinema 24p
- Quad-Core örgjörvi
- NetCast nettenging með opnum vafra
- Þráðlaus Wi-Fi móttakari
- LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct
- Stafrænn DVB-T/C/T2/S/S2 móttakari
- Gervihnattamóttakari
- 2 x USB 2.0 / USB 3.0 tengi / USB upptökaka
- 3 x HDMI, Scart, Component tengi
- Ethernet, Optical út & CI rauf
- Magic Remote og App fyrir Apple og Android síma / spjaldtölvur

49"

**159.990**

VERÐ ÁÐUR **179.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

LG Life's Good

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Vaxandi austanátt með skúrum eða éljum sunnan til á landinu í dag, hvasst og rigning eða slydda um kvöldið. Talsvert hægari vindur og víða léttskýjað fyrir norðan, en þykknar upp í kvöld og bætir í vind. Hlýnandi veður, hiti 1 til 6 stig síðdegis en 0 til 5 stiga frost norðaustanlands.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 1° | 1° |
| ↖ 9 | ← 18 | ← 16 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 6° | 1° |
| ← 15 | ↖ 6 | ↖ 14 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 1° | 2° |
| ↖ 10 | ↖ 7 | ↑ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 6° | 0° |
| ↑ 8 | ↑ 9 | ↖ 10 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. óskert
6. eftir hádegi
8. mánuður
9. rangl
11. tveir eins
12. goðsagnavera
14. gimsteinn
16. átt
17. ái
18. kvenkyns hundur
20. persónufornafn
21. æskja

**LÓÐRÉTT**
1. dvelja
3. í röð
4. peningar
5. tala
7. kurteis
10. skordýr
13. stæla
15. ljár
16. hlóðir
19. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. allt, 6. eh, 8. maí, 9. ráf, 11. uu, 12. atlas, 14. tópas, 16. sv, 17. afi, 18. tík, 20. ég, 21. óska. **LÓÐRÉTT:** 1. vera, 3. lm, 4. lausafé, 5. tíu, 7. háttvís, 10. fló, 13. apa, 15. sigð, 16. stó, 19. kk.

### Skák Gunnar Björnsson

Alec Elías Sigurðarson, Skákfélaginu Hugin, átti leik gegn Sæmundi Árnasyni, Skákdeild Fjölnis, á Íslandsmóti skákfélaga.

Alec hafði fórnað hrók fyrir myljandi sókn og fann nú laglega leið til að klára skákina. **30. ... Bd4+! 31. Hxd4 Df2+ 32. Kh1 De1+ 33. Bf1 Dxf1.**

**www.skak.is:** Nýir landsliðsþjálfarar

Svartur á leik



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 9 | | | | 7 |
| 5 | | 8 | | 1 | 7 | | | 9 |
| 6 | | | | | | 8 | | |
| 7 | 8 | | 5 | | | | 3 | |
| 3 | | | 4 | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 3 | | 6 | 9 | 8 | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 5 | 3 | | 8 | 1 | 2 | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 5 | | 2 | | | | |
| 2 | | | | | 8 | | 9 | |
| 6 | | 8 | 1 | | 3 | | | |
| 9 | | | | 5 | 2 | 3 | 1 | |
| | 6 | | | 3 | | | | 8 |
| | | 2 | | | 1 | | | |
| 5 | 1 | | 9 | 6 | | | | 2 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | 6 | | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 1 |
| | | | 7 | 9 | | | | 8 |
| | | 5 | 3 | | 6 | | | |
| | | | | 5 | | 3 | 1 | 9 |
| | 8 | | | | 9 | 7 | | |
| | | 1 | 2 | | 3 | | 5 | |
| | 3 | | | 2 | | | 8 | |
| 9 | | | | | | 4 | | |
| 1 | | 2 | 8 | | | | | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 9 | 3 | 7 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 6 | 4 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 4 | 9 | 1 | 3 |
| 7 | 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 2 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 7 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 6 | 4 | 8 | 5 | 9 | 7 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 3 | 1 | 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 |
| 5 | 9 | 8 | 6 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 | 8 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 3 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 | 8 | 4 | 2 |
| 1 | 7 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 2 | 6 | 9 | 1 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 9 | 4 | 5 | 7 | 2 | 6 |
| 2 | 5 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 8 | 2 | 5 | 3 | 1 |
| 3 | 7 | 5 | 1 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 2 | 1 | 3 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








THULE SWEDEN
Hjólagrindur
og ferðabox
Fást í verslun okkar að Bíldshöfða 10
Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is




Bjartmar Þórðarson leikstjóri verksins Djúp spor sem verður frumsýnt í Tjarnarbíói í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Flóknar og stórar spurningar um orsök og afleiðingu

**Í kvöld verður frumsýnt í Tjarnarbíói leikritið Djúp spor, í leikstjórn Bjartmars Þórðarsonar, þar sem tekist er á við afleiðingar og eftirköst banaslysa af völdum ölvunaraksturs.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Slys af völdum ölvunaraksturs marka oftar en ekki djúp spor í líf þeirra sem fyrir verður sem og gerenda og allra aðstandenda. En í kvöld verður frumsýnt í Tjarnarbíói íslenska heimildarleikritið Djúp spor eftir þau Jennýju Láru Arnórsdóttur og Jóel Sæmundsson en þau fara jafnframt með hlutverkin í sýningunni sem er í leikstjórn Bjartmars Þórðarsonar.

### Ævilangar afleiðingar

Bjartmar segir að Jenný Lára og Jóel hafi einkum unnið verkið upp úr viðtölum við fólk sem tengist raunverulegum málum þar sem einhver hefur látið lífið af völdum ölvunaraksturs. „Þau leitast við að vinna þetta frá öllum hliðum. Frá stöðu gerenda sem aðstandenda þeirra sem létu lífið. Það voru ávéðin mál sem þau horfðu til í grunninn. Bæði banaslyss sem varð fyrir ekki svo löngu og svo viðtals við ungan mann sem hafði orðið manneskju að bana en hið síðarnefnda er eldra mál. Þessi gerandi hafði aldrei jafnað sig á afleiðingum þess að vera valdur að banaslysi með ölvunarakstri og var stöðugt að reyna að vinna í þessu og að takast á við að hafa orðið valdur að þessu.

Þetta er í senn spennandi viðfangsefni og þarft samfélagslegt málefni til þess að skoða á leiksviði. Markmiðið var líka að taka ekki afstöðu heldur að skoða afleiðingar svona atburða frá fleiri en einni hlið. Því þó svo að það sé vissulega einn ákveðinn gerandi í slíkum málum þá hefur þetta áhrif á svo mörgum stöðum og svo víða.“



Jóel Sæmundsson og Jenný Lára Arnórsdóttir eru bæði höfundar verksins og leikendur.

### Látleysi umfram drama

Bjartmar segir að fyrir hann sem leikhúsmann þá sé óneitanlega öðruvísi að vinna með þessa heimildarnálgun en að njóta alfarið þess frelsis sem er að finna í skáldskapnum. „Þetta er í raun allt öðruvísi. Maður einhvern veginn vinnur öðruvísi með eitthvað sem er byggt alfarið á sannleika. Maður vill til að mynda leyfa því sem er komið beint upp úr viðtölum og veruleika fólks að njóta sín án þess að vera að leika sér mikið með það á sviðinu. Ég kýs að nálgast þetta efni af meira látleysi í þessu tilviki að minnsta kosti. Það að hluti textans sé tekinn beint upp úr viðtölum gefur textanum ákveðna dínamík sem gerir það að verkum að maður gætir þess að vera ekki að hlaða ofan á það sem þar er að finna heldur leyfir textanum að tala sínu máli á þeim köflum.“

### Samfélagsleg venja

Mál af þessu tagi eru oftar en ekki hlaðin tilfinningaþunga en Bjartmar segir að þau hafi leitast við að taka ekki afstöðu í viðkomandi málum. „Við höfum markvisst reynt að gera það ekki, að minnsta kosti ekki þannig að maður sé predikandi um það hverjir séu vont fólk og hverjir ekki. Það sem við erum líka talsvert að skoða í þessari sýningu er að oft á tíðum er um að ræða fólk sem hefur gengið inn í einhvers konar samfélagssáttmála um að þetta sé í lagi. Að ölvunarakstur sé normið. Oft snýst þetta um einstaklinga sem eru búnir að fá sér nokkra en ákveða samt að setjast undir stýri enda búnir að sjá fjölmarga gera slíkt hið sama án afleiðinga. Síðan verður allt í einu atvik sem hefur gríðarlegar afleiðingar í för með sér og við erum líka svolítið að skoða hvernig fólk skellir skuldinni alfarið á einn geranda fremur en að horfa til hinnar viðteknu venju samfélagsins. Hluti af sökinni liggur líka þar, í þessu samfélagslega normi. Deila gerandinn og samþykki annarra í raun sökinni í málum sem þessum? Þetta er meðal þess sem við erum að skoða en þetta eru flóknar og stórar spurningar um orsök og afleiðingu.“

### Líka skáldskapur

Bjartmar bendir á að í sýningunni sé farin sú leið að vinna með eina sögu til grundvallar. „Við vinnum með sögu pars sem er að hittast að nýju fimm árum eftir að sér átti stað atburður sem breytti lífi þeirra. Við fáum að kynnast þeim í endurliti en þau eiga ákveðið uppgjör þegar þau hittast þarna að nýju og þar erum við að treysta á ákveðin þemu úr viðtölum en það er líka skáldskapur í bland. Þannig að þetta er ekki hundrað prósent heimildarleikhús en unnið út frá því formi engu að síður. Uppbyggingin er brotakennd en að baki henni liggur lína, þannig að þetta er svona eins og gengur og gerist í lífinu.“

markhönnun ehf

# nettó



NETTÓ KJÚKLINGUR 1/1
**798**
ÁÐUR 849 KR/KG



998KR

BBQ RIF
FULLELDUÐ
**998** KR/KG



-25%

NETTÓ
KJÚKLINGAVÆNGIR
**299**
ÁÐUR 398 KR/KG



-25%

CORDON BLEU - 350 G
**599**
ÁÐUR 798 KR/PK



LOW CARB BRAUÐ
**593**
ÁÐUR 698 KR/STK



-50%

ANANAS
GOLD DEL MONTE
**179**
ÁÐUR 358 KR/KG



FROZEN
SÚKKULAÐIEGG 20 G
**269**
ÁÐUR 299 KR/STK




-23%

EMERGE ORKUDRYKKUR
250 ML
**99**
ÁÐUR 129 KR/STK




SNICKERS/MARS
SNACKSIZE - 4 Í PK.
**299**
ÁÐUR 349 KR/PK

**Tilboðin gilda 31. mars – 3. apríl 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Það eru engar flóttaleiðir færar



**Mannslíkaminn er Kristínu Gunnlaugsdóttur myndlistarkonu yrkisefni bæði í teikningum og bláum gvassmyndum sem hún birtir í nýjum listasal Skúmaskots að Skólavörðustíg 21. Sýninguna opnar hún í dag klukkan 16.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

„Það kveður við nýjan tón hjá mér á þessari sýningu. Undanfarin ár hef ég gefið frjálsri teikningu lausan tauminn og verið þekkt fyrir verk sem ganga nálægt kynvitund kvenna á bersöglan hátt. Nú er ég að færa mig nær klassíkinni aftur og leita í hefðbundna módelteikningu eftir lifandi fyrirmynd. Með því að teikna mannslíkamann segir maður frá innri líðan, hvað það þýðir að vera manneskja,“ segir Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarmaður sem opnar sýningu í dag á Skólavörðustíg 21.

„Konurnar tíu sem reka Skúmaskot eru listamenn og hönnuðir. Þær buðu mér að vera með fyrstu sýninguna þar og mér þykir mjög vænt um það,“ segir Kristín kampakát. Tekur fram að til að skoða list hennar sé gengið í gegnum verslunina inn í ágætan sýningarsal með tveimur stórum gluggum sem snúi að Njálsgötu.

Myndirnar í nýja salnum í Skúmaskoti eru allar unnar sem stúdíur af líkömum bæði karla og kvenna að sögn Kristínar. Hún kveðst hafa verið að teikna módel síðustu ár, bæði í Myndlistarskóla Reykjavíkur með öðrum listamönnum og kennurum og líka heima í vinnustofunni

**MEÐ ÞVÍ AÐ TEIKNA MANNSLÍKAMANN SEGIR MAÐUR FRÁ INNRI LÍÐAN, HVAÐ ÞAÐ ÞÝÐIR AÐ VERA MANNESKJA.**

sinni. Hún segir það mikla ögrun fyrir listamann að sýna teikningar og vatnslitamyndir því þar geti hann ekki falið neitt. „Það eru engar flóttaleiðir færar því maður getur engu breytt í verkinu,“ útskýrir hún.

Kristín segir vægi módelteikninga hafa minnkað í námi myndlistarmanna hér á landi í seinni tíð. Til dæmis sé ekki lögð áhersla á módelteikningu í Listaháskóla Íslands. Því séu nokkrar kynslóðir listamanna að koma upp sem hafi litil kynni af þeirri grein og henni finnst synd að þeir fari á mis við hana.

„Ég get ekki ímyndað mér sjálf hvar ég stæði ef ég gæti ekki leitað í þann grunn sem módelteikningin er,“ segir hún. „Mannslíkaminn er svo mikið viðmið – og hann segir allt.“

Sýningin er opin á opnunartíma verslunarinnar og stendur til 17. apríl.



**„Nú er ég að færa mig nær klassíkinni aftur og leita í módelteikningu eftir lifandi fyrirmynd,“ segir listakonan Kristín.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Syngja um sálufélagana Hallgrím og Ragnheiði biskupsdóttur

Á hádegistónleikum í Fríkirkjunni í dag flytur Alexandra Chernyshova sópransöngkona brot úr óperunni Skáldið og biskupsdóttirin, ásamt Guðrúnu Ásmundsdóttur sögumanni, Ásgeiri Páli Ágústssyni barítonsöngvara og Magnúsi Ragnarssyni orgelleikara. Þær Alexandra og Guðrún eru höfundar óperunnar sem var frumflutt árið 2014.

„Við leggjum áherslu á hina djúpu vináttu Hallgríms Péturssonar sálmaskálds og Ragnheiðar Brynjólfsdóttur biskupsdóttur. Þau voru sálufélagar þó að 28 ár skildu þau að í aldri,“ segir Alexandra. „Hann deildi með henni ljóðum sem hann

**HANN DEILDI MEÐ HENNI LJÓÐUM SEM HANN SÝNDI EKKI ÖÐRUM OG HANN VAR SÁ FYRSTI SEM HÚN SAGÐI FRÁ ÁST SINNI Á DAÐA.**

sýndi ekki öðrum og hann var sá fyrsti sem hún sagði frá ást sinni á Daða og hamingjunni sem henni fylgdi. Meðal þess sem við Ásgeir Páll syngjum í dag er dúettinn Ó, veistu minn vinur.“

Alexandra segir Guðrúnu hafa unnið mikla heimildarvinnu við skrif handritsins, ásamt Ingu Huld Hákonardóttur sagnfræðingi. Meðal þess sem þar komi fram sé að Ragnheiður hafi verið meðal þeirra fyrstu sem Hallgrímur gaf handrit að passíusálmunum. „Þá upplifði hún að hann var ekkert venjulegt skáld, heldur eitthvað miklu meira.“

Tónleikarnir tilheyra tónleikaröðinni Á ljúfum nótum. Þeir hefjast klukkan 12 og taka um hálfa klukkustund. Aðgangseyrir er 1.500 krónur. gun@frettabladid.is



**Flytjendurnir Ásgeir Páll Ágústsson, Guðrún Ásmundsdóttir, Alexandra og Magnús Ragnarsson.**


# ÁRSFUNDUR LISTAHÁSKÓLANS 2016

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS BOÐAR TIL ÁRSFUNDAR FIMMTUDAGINN 7. APRÍL KL. 16**

Fundurinn verður haldinn í bókasafni skólans, Þverholti 11, 6. hæð.

Á fundinum kynna stjórnendur skólans starfsemi hans og rekstur. Fyrirspurnir og umræður.

Fundurinn er öllum opinn.
Stjórn Listaháskóla Íslands

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland Academy of the Arts


# Glæpsamlegir tónleikar í Dómkirkjunni

**TÓNLIST**

**Söngtónleikar**
★★★☆☆

**Stabat mater eftir Pergolesi í flutningi Maríu Konráðsdóttur, Erlu Dóru Vogler og Sólborgar Valdimarsdóttur.**

**Dómkirkjan**
**Föstudaginn langa**

Mærin mæra mændi? Þessi undarlega setning er úr þýðingu Matthíasar Jochumssonar á helgikvæðinu Stabat mater sem var ort á þrettándu öld. Mærin mæra er auðvitað María mey og ljóðið fjallar um það þegar hún „mændi“ á Krist á krossinum, harmi slegin. Það hefur verið tónsett af fjölmörgum tónskáldum, þar á meðal hér á landi. Að þessu sinni var tónlistin eftir Pergolesi og tónleikarnir fóru fram í hádeginu í Dómkirkjunni föstudaginn langa.

En bíðum við. Það er lögbrot að halda tónleika fyrir klukkan þrjú á föstudaginn langa. Tónleikarnir voru því glæpsamlegir, ef svo má segja! Þrjú glæpakvendi stóðu að þeim, María Konráðsdóttir sópran, Erla Dóra Vogler mezzósópran og Sólborg Valdimarsdóttir píanóleikari. Það var María sem benti á staðreyndina um glæpinn áður en tónleikarnir hófust.



**Erla Dóra söng af áhrifamikilli tilfinningu og einlægni að sögn dómarans.**

Tónlistin var samin á átjándu öld. Undirspilið er hugsað fyrir lítinn hóp strengjaleikara ásamt organista. Óneitanlega var það þunnur þrettándi að aðeins væri boðið upp á píanóútsetningu. Sólborg lék þó af nákvæmni og festu, en hún hefði mátt móta betur hendingar og laglínur. Allar nóturnar voru á sínum stað, en það var ekki nógu mikil ljóðræna í þeim. Þetta gerði tónlistina nokkuð tilbreytingarlausa. Það voru of fá litbrigði til að krydda sönginn og gera hann spennandi.

Söngurinn sjálfur var samt fallegur í sjálfu sér. María hefur vissulega forkunnarfagra rödd og allir langir tónar, sérstaklega á efsta sviðinu, voru unaðslegir áheyrnar. En stuttir tónar voru stundum dálítið loðnir. Hraðar tónastrófur hefðu mátt vera meitlaðri og skýrari, þá hefði söngurinn verið fullkominn. Þess verður að geta að María er enn í námi, hún stundar mastersnám við Listaháskólann í Berlín. Óhætt er að fullyrða að hún er ákaflega efnileg og það verður athyglisvert að fylgjast með henni er fram líða stundir.

Erla Dóra var pottþéttari í sínu hlutverki. Rödd hennar er einnig frábær og söngurinn var jafnari og fókuseraðri en hjá Maríu. Hún söng af áhrifamikilli tilfinningu og einlægni, túlkunin var hástemmd og alvöruþrungin, en jafnframt gædd viðeigandi snerpu. Það var magnað að hlýða á hana.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Sumpart góður en nokkuð litlaus flutningur á Stabat mater eftir Pergolesi.


new balance
LOKSINS
LOKSINS
NEW BALANCE Í ÚTILÍF
Kynningartilboð:
50% AFSLÁTTUR
AF NEW BALANCE SKÓM
FRÁBÆRT ÚRVAL AF SKÓM Á FRÁBÆRU VERÐI
Verðdæmi:
Tilboðsverð: 7.995 kr.
Fullt verð: 15.995 kr.
Tilboðsverð: 16.495 kr.
Fullt verð: 32.990 kr.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# Íslenskir hipsterar ættu að tengja

**Kanadíska kvikmyndin O, Brazen Age verður sýnd í Bíói Paradís í næstu viku. Atli Bollason leikur þar flippskúnkinn Atla og segir góða stemningu hafa verið á setti.**



Atli kynntist leikstjóra myndarinnar, Alexander Carson, þegar hann var búsettur í Montreal og hefur einnig farið með hlutverk í tveimur stuttmyndum eftir hann. MYND/NORTHCOUNTRYCINEMA

Efnt verður til þriggja sýninga á kanadísku indíkvikmyndinni O, Brazen Age í Bíó Paradís í næstu viku.

Myndin var sýnd á kvikmyndahátíðinni RIFF síðastliðið haust og hefur síðan þá ferðast um kvikmyndahátíðir og er stefnan sett á að myndin fari í almenna dreifingu í haust. Leikstjóri myndarinnar er hinn kanadíski Alexander Carson en meðal þeirra sem leika í kvikmyndinni er íslenski fjöllistamaðurinn Atli Bollason sem fer með hlutverk samnefnds flippskúnks í myndinni.

„Það eru frekar margar persónur og þetta er í rauninni ekki ein saga heldur margar sem fléttast saman. Þetta er saga af heilum vinahóp og ég leik einn þessara vina. Hann er svona frekar flippaður myndi ég segja, hinir vinirnir ólust allir upp saman í úthverfi Toronto en þeir kynnast mér seinna á lífsleiðinni og ég er svona einhver flippskúnkur,“ segir Atli. „Ég náði bara að tengja mjög vel við það,“ segir hann hlæjandi þegar hann er spurður að því hvort hann hafi átt í erfiðleikum með það að tengjast persónu sinni í myndinni. „Það hjálpaði kannski að persónan heitir sama nafni og ég þannig að það má vel vera að leikstjórinn hafi kannski byggt Atla í myndinni á Atla Bolla,“ bætir hann við dullarfullur.

Leikstjóranum kynntist Atli þegar hann var búsettur í Montreal í Canada. „Þegar ég var þarna úti þá lék ég í einhverri stuttmynd sem hann gerði og síðan hittumst við nokkrum árum síðar í Detroit í Bandaríkjunum og skutum aðra stuttmynd saman þannig að þetta er í þriðja sinn sem við vinnum saman.“ O, Brazen Age er fyrsta mynd leikstjórans í fullri lengd en hann hefur einnig gert stuttmyndir og hlaut Golden Gate-verðlaunin á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í San Francisco fyrir stuttmyndina Numbers & Friends árið 2014. Einnig hefur hann gert stuttmyndirnar We Refuse to Be Cold og Braids.

O, Brazen Age er lýst sem þroskasögu og hugleiðingu um ljósmyndun, minningar og minjagrip sem dregur upp mynd af vináttu og trú á 21. öldinni. „Hún fjallar um vinahóp sem er búinn að vera til lengi en það er ekki þar með sagt að þessir vinir séu hollir hver fyrir annan. Þetta eru orðin flókin sambönd og kannski svolítið meiðandi og uppfull af afbrýðisemi. Þessir vinir eru að gera upp ýmis mál sem tengjast meðal annars fyrrverandi kærustum og vonbrigðum með að draumarnir frá unglingsárunum hafi ekki ræst.“

**ÞAÐ SEM MÉR FINNST MJÖG SKEMMTILEGT VIÐ ÞESSA MYND ER AÐ HÚN ER MJÖG „MODERN“. ÞESSAR TÝPUR OG ÞESSI SAMBÖND GÆTU EKKI HAFA VERIÐ TIL Á NEINUM ÖÐRUM TÍMA EN Í UPPHAFI 21. ALDARINNAR.**

Atli segir myndina nútímalega og kallast vel á við þann tíma sem við lifum á í dag. „Það sem mér finnst mjög skemmtilegt við þessa mynd er að hún er mjög „modern“. Þessar týpur og þessi sambönd gætu ekki hafa verið til á neinum öðrum tíma en í upphafi 21. aldarinnar. Þetta eru hvítir millistéttarkrakkar sem eru að díla við svona fyrsta heims vandamál. Ég held að íslensk ungmenni og íslenskir hipsterar ættu að geta tengt við þetta.“

Myndin var tekin fyrir rúmu einu og hálfu ári og var Atli við tökur í rúman mánuð. Hann segir tökurnar hafa verið skemmtilegan tíma og samheldni hafa ríkt í hópnum. „Við bjuggum eiginlega öll saman og vorum að skjóta saman og á kvöldin fórum við og fengum okkur að borða, fórum á barinn og vorum að kíkja á það sem við höfðum verið að gera yfir daginn. Það myndaðist góð og vinaleg stemning á meðan á þessu stóð og ég held að það sjáist í myndinni. Ég held að það hafi skipt máli að fá þennan fíling á settinu til þess að láta þetta smitast inn í myndina og fá þennan afslappaða vinalega fíling.“

Atli er ekki leikari að mennt eða aðalstarfi en hefur líkt og áður sagði þó leikið í tveimur stuttmyndum eftir sama leikstjóra en einnig fór hann með hlutverk í vefþáttaröðinni Cloud of Ash sem leikstýrt var af Steindóri Grétari Jónssyni.

Atli viðurkennir að það sé örlítið skrýtið að sjá sjálfan sig á hvíta tjaldinu þó það sé skemmtilegt líka. „Það er ekki eins og að horfa í spegil allavega. Þetta er eitthvert undarlegt tilbrigði við mann sjálfan. Maður þekkir sumt og annað ekki í eigin fari.“ Engin frekari verkefni liggja þó fyrir að svo stöddu en Atli skýtur þó ekki loku fyrir að hann taki að sér frekari hlutverk í framtíðinni ef gott býðst. „Ég er allavega í símaskránni ef einhver vill, ég er alveg til í það.“

Sýningarnar þrjár verða í Bíói Paradís 7.-9. apríl en upplýsingar um tímasetningu og miðaverð má nálgast á vefsíðunni Bioparadis.is.

gydaloa@frettabladid.is

## Frumsýningar

### MAÐUR SEM HEITIR OVE



Gamanmynd, dramamynd
Aðalhluverk: Rolf Lassgård, Zozan Akgün og Tobias Almborg.
Frumsýnd 1. apríl
IMDb 7,6/10

### 10 CLOVERFIELD LANE



Hasar, vísindaskáldskapur
Aðalhlutverk: Mary Elizabeth Winstead, John Goodman og John Gallagher Jr.
Frumsýnd 1. apríl
IMDb 7,8/10
Rotten Tomatoes 90%

### THE DIVERGENT SERIES: ALLEGIANT



Vísindaskáldskapur, ævintýri
Aðalhlutverk: Shailene Woodley, Theo James, Zoe Kravitz, Miles Teller, Naomi Watts, Ansel Elgort, Maggie Q, Jeff Daniels og Johnny Weston.
Frumsýnd 8. apríl
IMDb 6,1/10
Rotten Tomatoes 11%



# FRÉTTABLAÐIÐ

# 59,9%

**íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.***




Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.



Skv. prentmiðlakönnun Gallup, okt.– des. 2015.




Allt sem þú þarft ...

SAMBÍÓIN

BATMAN v SUPERMAN DAWN OF JUSTICE
BEN AFFLECK HENRY CAVILL
EIN STÆRSTA MYND ÞESSA ÁRS

**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 5:20 - 7 - 8:30 - 10:10 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 8 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D VIP | KL. 7 - 10:10 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| GODS OF EGYPT | KL. 8 - 10:40 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 10:40 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 - 6 |
| ZOOTROPOLIS ENSKT TAL 2D | KL. 8:20 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 8 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:10 |
| MY BIG FAT GREEK WEDDING 2 | KL. 8 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSLTAL 3D | KL. 5:40 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 8 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 5 - 7 - 10:20 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSLTAL 2D | KL. 5 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 8 - 10:30 |
| ROOM | KL. 8 |
| ZOOLANDER 2 | KL. 5:40 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 5 - 6 - 8:10 - 9:10 |
| GODS OF EGYPT | KL. 10:30 |
| ROOM | KL. 5:30 - 8 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 5:30 - 8:40 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:10 |
| FIFTY SHADES OF BLACK | KL. 8 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |

KUNG FU PANDA 3
ZOOTROPOLIS
LONDON HAS FALLEN
GODS OF EGYPT
ÓSKARSVERÐLAUN Besta leikkona í aðalhlutverki - Brie Larson
ROOM

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
BATMAN v SUPERMAN DAWN OF JUSTICE
FORELDRBÍÓ FÖSTUDAGINN 1. APRÍL KL. 12.00 Í SMÁRABÍÓI
Ballett í beinni GISELLE 6. apríl í Háskólabíói FORSALA HAFIN
KUNG FU PANDA 3
MY BIG FAT GREEK WEDDING 2
★★★★ -H.S., MBL
REYKJAVÍK
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
POWERSÝNING KL. 21:00
MY BIG FAT GREEK WEDDING 2
KUNG FU PANDA 3
GRIMSBY
fyrir framan annað fólk

**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | 6, 9(POWER) |
| MY BIG FAT GREEK WEDDING 2 | 5:50, 8, 10:10 |
| KUNG FU PANDA 3 | 5:50 ÍSL.TAL |
| BROTHERS GRIMSBY | 10 |
| FYRIR FRAMAN ANNAÐ FÓLK | 8 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

**31. MARS 2016**

## Uppistand

**Hvað?** Mið-Ísland í Hlégarði
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hlégarður, Háholtí 2
Uppistandshópurinn Mið-Ísland kemur fram í Hlégarði í Mosfellsbæ í kvöld. Meðlimir hópsins eru þeir Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Björn Bragi, Dóri DNA og Jóhann Alfreð. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** Bylgja Babýlons
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Uppistandarinn Bylgja Babýlons fagnar tveggja ára uppistandsafmæli með sýningunni Fólk er óþolandi. Sýningin fjallar um líf Bylgju, þjóðfélagshópa sem eru óþolandi, klám, píkur og kvíða. Snjólaug Lúðvíksdóttir sér um að hita salinn upp. Miðaverð er 1.500 krónur.

## Uppákomur

**Hvað?** Heilsudagur
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólatorg
Fjölbreytt dagskrá um heilsu og heilbrigði á Heilsudegi Heilbrigðisvísindasviðs. Meðal annars verða spennandi kynningarbásar á Háskólatorgi þar sem deildir sviðsins, félög og stofnanir kynna sig. HeilbrigðisQuiz verður í hádeginu í Stúdentakjallaranum og í lok dags fer fram málþingið Heilbrigðiskerfið og tækifæri framtíðarinnar þar sem Birkir Jakobsson landlæknir og Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala, taka til máls. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Spilakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Spilavinir, Suðurlandsbraut 48
Spilakvöld í Spilavinum. Starfsfólk sér um að kenna á spil og spilað verður á alls konar spil á mörgum borðum. Kvöldin eru miðuð við fullorðna en krakkar 12 ára og eldri eru velkomnir í fylgd með fullorðnum. Aðgangur er ókeypis.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Hnattrænn vandi karla ... og hvernig á að bregðast við honum? Mótspyrna, ábyrgð og viðbrögð
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fyrirlestrarsalur, Þjóðminjasafni Íslands
Jeff Hearn, prófessor í kynjafræði við hug- og félagsvísindasvið Örebro-háskóla í Svíþjóð og rannsóknaprófessor í félagsfræði við Huddersfield-háskóla í Bretlandi, flytur fyrirlesturinn Hnattrænn vandi karla... og hvernig á að bregðast við honum? Mótspyrna, ábyrgð og viðbrögð. Fyrirlesturinn verður á ensku og er öllum opinn og er aðgangur ókeypis.


Grínararnir í Mið-Íslandi halda áfram að grínast og verða í Hlégarði í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Skekkja þokukenndar hugmyndir um eignarrétt og atferli einstaklinga grundvöll fiskveiðistefnu Íslendinga?
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Stofa 101, Odda, Háskóla Íslands
Málþing Hagfræðistofnunar og Lagastofnunar Háskóla Íslands. Dan Bromley, prófessor við Wisconsin-Madison-háskóla og ritstjóri LAND Economics, fjallar um það hvernig hann telur að skilja beri lagaleg og efnahagsleg hugtök sem varða fiskveiðistjórnun og hvernig hægt er að breyta stöðu íslensks sjávarútvegs. Fundarstjóri er Þórólfur Matthíasson, prófessor við Hagfræðideild Háskóla Íslands. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

**Hvað?** Miðaldastofa
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Askja 132, Háskóla Íslands
Kolfinna Jónatansdóttir flytur fyrirlesturinn Áður en veröld steypist, um ragnarök Sturlungaaldar og Viðar Pálsson flytur fyrirlesturinn Ofbeldi og sagnaritun, um öld Sturlunga á Miðaldastofu Háskóla Íslands í dag. Kolfinna fjallar í fyrirlestri sínum meðal annars um hliðstæður sem sjá má í lýsingu á ragnarökum og þátttakendum þeirra í Gylfaginningu og þeim höfðingjum sem kljást í Sturlungu sem og dómsdagsímyndum í Sturlungu. Fyrirlestur Viðars fer vítt yfir þá útbreiddu skoðun að Sturlungaöld hafi einkennst af ofbeldi og upplausn umfram það sem áður gerðist í íslensku samfélagi og jafnvel lengst af síðan.

## Listamannaspjall

**Hvað?** Listamannaspjall
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hafnarhús
Berglind Jóna Hlynsdóttir ræðir sýningu sína Class Divider sem stendur yfir í D-sal Hafnarhússins. Berglind ræðir við sýningarstjórann, Klöru Þórhallsdóttur, í gegnum Skype. Aðgangseyrir að sýningunni er 1.500 krónur.

## Leiðsögn

**Hvað?** Leiðsögn um Fólk/People
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Hörður Geirsson er einn þeirra listamanna sem eiga verk á ljósmyndasýningunni Fólk/People og tekur á móti gestum og fræðir þá um sýninguna ásamt Guðrúnu Pálínu Guðmundsdóttur safnfulltrúa. Aðgangur er ókeypis.

## Sýningar

**Hvað?** Djúp Spor
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Heimildarverkið Djúp spor verður frumsýnt í Tjarnarbíói í kvöld. Leikstjóri verksins er Bjartmar Þórðarson og höfundar og leikarar verksins eru Jenný Lára Arnórsdóttir og Jóel Sæmundsson. Miðaverð er 3.900 krónur.

## Tónlist

**Hvað?** Hjálpum þeim
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu 22
Styrktartónleikar og markaður til styrktar Rós, Dóra og Palla sem misstu allar sínar eigur í bruna á Grettisgötu fyrr í mánuðnum. Markaður hefst klukkan 16.00 þar sem ýmiss konar hlutir verða til sölu og einnig verður posi á staðnum. Tónleikar hefjast klukkan 20.30 og fram koma Seabear, Mammút, Singapore Sling og Serenghetti. Miðaverð er 2.000 króur og gefa listamenn og aðstandendur vinnu sína og vörur.

ÖBÍ

**Kjör og ímynd öryrkja**
**Opinn fundur kjarahóps ÖBÍ - Laugardaginn 2. apríl 2016 kl. 14-16, Ráðhúsinu í Reykjavík (Tjarnarsalurinn)**
Fundarstjóri: Sigurjón M. Egilsson

**Dagskrá**
**Ávarp:** Ellen Calmon formaður ÖBÍ
**Gagnrýni á áætlun Ríkisendurskoðunar á umfangi bótasvika:** Hvernig stjórnkerfið elur á andúð og tortryggni í garð öryrkja - Eiríkur Smith, doktorsnemi í fötlunarfræðum
**Húsnæðismál:** María Óskarsdóttir, formaður kjarahóps ÖBÍ
**Lífeyrissjóðsmál:** Guðmundur Ingi Kristinsson, varaformaður kjarahóps ÖBÍ
**Kjaragliðnun:** Dóra Ingvadóttir, ritari kjarahóps ÖBÍ
**Pallborðsumræður:** Fundarstjóri stýrir pallborðsumræðum og tekur við fyrirspurnum. Eftirtaldir verða í pallborði: Ellen Calmon, Dóra Ingvadóttir, Eiríkur Smith, Guðmundur Ingi Kristinsson og María Óskarsdóttir
**Lokaorð:** Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður ÖBÍ
Rit- og táknmálstúlkun í boði

**Fjölmennum og sýnum samstöðu.**
ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

THE VVITCH

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Anomalisa | 18:00 |
| Reykjavík ENG SUB | 18:00 |
| The look of silence | 17:45 |
| The Witch / Nornin | 20:00, 22:00 |
| Spotlight | 20:00 |
| Son of Saul // Saul fia | 20:00 |
| Carol | 22:30 |
| Rams / Hrútar ENG SUB | 22:15 |

REYKJAVÍK

# SAMSUNG

SAMSUNGSETRID.IS

# Þessi birta, þessi skerpa og þessir mögnuðu litir

## í Samsung 55" sjónvörpum

SUHDTV 4K
4x betri upplausn, Nanokristal-tækni, 64x fleiri litir, 30% meiri birta.




55" Samsung JS9005
399.900,-




55" Samsung JU6675
249.900.-

55" Samsung JU6415
239.900.-




ULTRA HD
4x betri upplausn, Smart TV, Netflix ofl., Öll tæki í einni og sömu fjarstýringunni. Upplifðu meiri dýpt í bognu tæki (JU7505) UHD uppskölun.




55" Samsung JU7505
299.900.-

55" Samsung JU7005
269.900.-




FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur




2 | 19:15

**MATARGLEÐI EVU**

Í þætti kvöldsins kynnir Eva Laufey okkur fyrir taílenskri matargerð í Reykjavík og eldar nokkra rétti með taílenskum blæ. Æðislegur kjúklinganúðluréttur með bragðmikilli sósu, hægelduð svínarif og girnileg marengskaka með mangó- og ástaraldinsósu.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

2 | 19:35

**THE RESTAURANT MAN**

Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með venjulegu fólki leggja allt í sölurnar þegar það eltist við drauma sína um að opna veitingastað.



2 | 20:40

**NCIS**

Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



2 | 21:25

**BETTER CALL SAUL**

Óborganlegir þættir um Saul Goodman sem er best þekktur sem lögfræðingur Walters White í þáttaröðinni Breaking Bad.




b | 22:00

**CLOUD ATLAS**

Mögnuð mynd þar sem fjallað er um sex mismunandi sögur með einvalaliði leikara á borð við Tom Hanks, Halle Berry og Hugh Grant.



3 | 21:25

**GOTHAM**

Hörkuspennandi þáttasería þar sem sögusviðið er Gotham-borg sem flestir kannast við úr sögunum um Batman.



G | 21:25

**THE SOPRANOS**

Magnaður og margverðlaunaður þáttur þar sem fylgst er með fjölskyldumanninum og mafíuforingjanum Tony Soprano í daglegu lífi.




©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Lukku láki
**07.45** Litlu Tommi og Jenni
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Masterchef USA
**11.05** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**11.55** Um land allt
**12.15** Heimsókn
**12.35** Nágrannar
**13.00** Heaven is for Real
**14.40** When the Game Stands Tall
**16.35** Tommi og Jenni
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.47** Íþróttir
**18.55** **Ísland í dag** Andri, Margrét Erla, Sigrún Ósk og Eva Laufey færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu. Áhugaverð umræða, fróðlegar fréttaskýringar og skemmtileg sjónarhorn.
**19.15** **Matargleði Evu** Þriðja þáttaröð þessara fróðlegu og freistandi þátta þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu að elda góðan og fjölbreyttan mat.
**19.35** The Restaurant Man
**20.35** NCIS
**21.20** Better Call Saul
**22.05** Crimes That Shook Britain
**22.50** **Married** Frábærir gamanþættir um hjón sem gengið hafa saman í gegnum súrt og sætt og nú leita allra ráða til að halda sambandinu fersku.
**23.15** **X-Men: Days Of Future Past** Í þessari fimmtu og nýjustu mynd um X-Mennina er Wolverine sendur til fortíðar. Verkefni hans er að breyta atburðarás fortíðar til að koma í veg fyrir að illmennið Bolivar Task nái að skapa dimman hliðarheim.
**01.25** Into the Storm
**02.55** Heaven is for Real
**04.35** When the Game Stands Tall

## SPORT

**08.00** Snæfell - Valur
**11.25** Körfuboltakvöld
**11.55** Snæfell - Valur
**13.25** Þór Þ. - Haukar
**15.00** Körfuboltakvöld
**15.45** RN-Löwen - Zagreb
**17.10** Markaþáttur Meistaradeildar Evrópu í handbolta
**17.40** NBA - Michael Jordan
**18.30** **Domino's deild karla** BEINT
**21.10** Premier League World
**22.05** Roma - Inter
**23.45** Stjarnan - Valur
**01.25** Víkingur R. - ÍA

## SPORT 2

**14.50** Njarðvík - Stjarnan
**16.25** Körfuboltakvöld
**16.55** Fimmgangur F1
**18.10** ÍA - KR
**19.50** **Stjarnan - Valur** BEINT
**22.00** Snæfell - Valur
**23.30** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** World Golf Championship
**12.00** Golfing World
**16.50** PGA Tour - Highlights
**17.45** Golfing World
**18.35** Inside The PGA Tour
**19.00** PGA Tour

## STÖÐ 3

**18.40** Guys With Kids
**19.05** Community
**19.30** League
**19.55** Supergirl
**20.40** Flash
**21.25** Gotham
**22.10** Arrow
**22.55** NCIS Los Angeles
**23.40** Justified
**00.25** First Dates
**01.15** League
**01.35** Supergirl
**02.20** Flash
**03.00** Gotham
**03.45** Arrow
**04.25** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Ofurhundurinn Krypto
**07.25** Brunabílarnir
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Tom and Jerry
**08.50** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Sumardalsmyllan
**09.55** UKI
**10.00** Skógardýrið Húgó
**10.25** Latibær
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Ofurhundurinn Krypto
**11.25** Brunabílarnir
**11.49** Ævintýraferðin
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Gulla og grænjaxlarnir
**12.55** Tom and Jerry
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Sumardalsmyllan
**13.55** UKI
**14.00** Skógardýrið Húgó
**14.22** Latibær
**14.45** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Ofurhundurinn Krypto
**15.25** Brunabílarnir
**15.49** Ævintýraferðin
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Gulla og grænjaxlarnir
**16.55** Tom and Jerry
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Sumardalsmyllan
**17.55** UKI
**18.00** Skógardýrið Húgó
**18.22** Latibær
**18.45** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Ævintýraeyja Ibba

**Könnuðurinn Dóra kl. 08.00, 12.00 og 16:00,**



## GULLSTÖÐIN

**18.40** Friends
**19.15** Raising Hope
**19.35** Poppsvar
**20.15** Cold Feet 5
**21.10** Major Crimes
**21.55** The Sopranos
**22.55** Mind Games
**23.40** It's Always Sunny in Philadelpia
**00.00** Poppsvar
**00.35** Cold Feet 5
**01.25** Major Crimes
**02.10** The Sopranos
**03.10** Mind Games
**03.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.40** The Golden Compass
**13.30** Justin Bieber's Belive
**15.05** St. Vincent
**16.50** The Golden Compass
**18.40** **Justin Bieber's Belive** Frábær heimildarmynd sem fjallar um líf Justins Bieber á sviði og utan þess þegar frægðarsól hans skein hvað hæst.
**20.15** St. Vincent
**22.00** **Cloud Atlas** Mögnuð mynd með einvalaliði leikara á borð við Tom Hanks, Halle Berry og Hugh Grant. Fjallað eru um sex sögur á mismunandi tíma og stað, en þær tengjast saman á margbrotinn hátt.
**00.50** Only God Forgives
**02.20** **The Cabin in the Woods** Spennutryllir frá 2012. Fimm ungmenni ákveða að fara út í skóg og gista í kofa til að sletta ærlega úr klaufunum.
**03.55** Cloud Atlas

## RÚV

**17.15** Skólahreysti
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Stundin okkar
**18.20** Eðlukrúttin
**18.31** Hrúturinn Hreinn
**18.38** Kafteinn Karl
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Leiðin til Frakklands
**20.45** Martin læknir
**21.35** Best í Brooklyn
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.05** Ligeglad
**23.30** Skylduverk
**00.30** Kastljós
**01.05** Fréttir
**01.20** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Top Chef
**09.50** Minute To Win It
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**12.55** Dr. Phil
**13.35** Leiðin á EM 2016
**14.05** America's Next Top Model
**14.50** The Voice
**16.20** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.00** The Late Late Show with James Corden
**17.40** Dr. Phil
**18.20** Everybody Loves Raymond
**18.45** King of Queens
**19.10** How I Met Your Mother
**19.35** America's Funniest Home Videos
**20.00** The Biggest Loser - Ísland
**20.45** The Grinder
**21.10** Billions
**22.05** Scandal
**22.50** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.30** The Late Late Show with James Corden
**00.10** Scorpion
**00.55** Law & Order: Special Victims Unit
**01.40** The People v. O.J. Simpson: American Crime Story
**02.25** Billions
**03.20** Scandal
**04.05** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.45** The Late Late Show with James Corden
**05.25** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

№30
2016

Listahátíð
í Reykjavík

HARPA

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Hátindar á ferli Helga

## San Francisco ballettinn í fyrsta sinn í Eldborg



**Tryggðu þér sæti tímanlega**
Miðasala er hafin á harpa.is & tix.is

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dáðustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28.—30. maí í Eldborgarsal Hörpu.

Lárusson Hönnunarstofa

Stofnaðilar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavíkurborg

Styrktaraðilar

Icelandair

Arion banki

Center Hotels

Lexus

FRÉTTABLAÐIÐ
# LÍFIÐ



Rúnar Rúnarsson, leikstjóri og handritshöfundur Þrasta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sigurganga Þrasta

Kvikmynd leikstjórans **Rúnars Rúnarssonar,** Þrestir, hefur átt góðu gengi að fagna síðan hún kom út á síðasta ári. Myndin hefur hlotið frábærar viðtökur hjá gagnrýnendum úti um allan heim og auk þess unnið til fjölda verðlauna á kvikmyndahátíðum. Rúnar leikstýrir og skrifar handritið en segir þó að samstarfsfólkið sé það sem mestu máli skiptir í velgengni myndarinnar.

Kvikmyndin Þrestir hefur farið sannkallaða sigurför um kvikmyndahátíðir víðsvegar um heiminn þar sem hún hefur sópað að sér alþjóðlegum verðlaunum. Myndin hefur samtals hlotið 16 verðlaun, nú síðast tók hún aðalverðlaunin á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Prag. Það voru þriðju verðlaunin sem myndin hreppti í þessum mánuði en hún hlaut einnig aðalverðlaunin á Spirit of Fire hátíðinni sem fram fór í Síberíu og dómaraverðlaunin í Mamers í Frakklandi.

Þrestir hefur meðal annars hlotið verðlaun fyrir bestu myndina, bestu kvikmyndatökuna og besta handritið, auk þess sem Atli Óskar Fjalarsson, aðalleikari myndarinnar, hlaut verðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki á Les Arcs kvikmyndahátíðinni sem fór fram í Frakklandi í fyrra. Myndin hefur einnig unnið verðlaun utan Evrópu en hún hefur hlotið verðlaun í Bandaríkjunum, Kanada og hreppti einnig tvenn verðlaun á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í São Paulo í Brasilíu: fyrir bestu kvikmyndina í fullri lengd og fyrir besta handritið.

**Draumasamstarfsfólk**

Rúnar Rúnarsson, leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar, segir að velgengnin hjálpi mikið til við dreifingu á myndinni og auk þess að ganga á milli kvikmyndahátíða sé hún nú kominn í almenna sölu hér og þar um heiminn. „Þetta er mikið tækifæri til að veita heiminum aðgengi að sögunum okkar,“ segir Rúnar, en myndin gerist á Íslandi og segir afar íslenska sögu um ungan dreng sem verður að flytja frá Reykjavík til föður síns á Vestfjörðum þar sem hann verður að takast á við breyttar aðstæður í gamla heimabænum sínum. Þó er augljóst á velgengni myndarinnar að sagan á fullt erindi út fyrir landsteinana og að um góða landkynningu er að ræða.

Einlægur þakkar Rúnar velgengni myndarinnar samstarfsfólki sínu. „Að kvikmynd kemur fjöldinn allur af fólki og ég hef alltaf verið heppinn með samstarfsfólk. Þegar maður er með gott fólk í kringum sig þá geta undarlegustu hlutir gerst.“

Í aðalhlutverkum eru auk Atla Óskars þeir Ingvar E. Sigurðsson, Pálmi Gestsson og króatíski leikarinn Rade Serbedzija sem á að baki langan leikferil og hefur komið fram í fjölda kvikmynda, þar á meðal Hollywood-myndum eins og Mission Impossible II, Eyes Wide Shut og Batman Begins. Kjartan Sveinsson, fyrrverandi hljómborðsleikari Sigur Rósar, sér um að semja tónlistina í myndinni og því er hér um mikið einvalalið að ræða.

**Sköpun erfið á ferðalagi**

Rúnar segir það vera erfitt að finna tíma til að vinna að næsta verkefni þegar hann þarf sífellt að ferðast á milli kvikmyndahátíða. „Það er ekki mikill tími til að skapa þegar maður situr í flugvél,“ segir Rúnar og hlær.

> AÐ KVIKMYND KEMUR FJÖLDINN ALLUR AF FÓLKI OG ÉG HEF ALLTAF VERIÐ HEPPINN MEÐ SAMSTARFSFÓLK. ÞEGAR MAÐUR ER MEÐ GOTT FÓLK Í KRINGUM SIG ÞÁ GETA UNDARLEGUSTU HLUTIR GERST.

Hann er þó með nokkur járn í eldinum, til dæmis segir hann að leikin kvikmynd í fullri lengd sé í bígerð og auk hennar annað leikið efni sem er að vísu ekki langt komið. Í burðarliðnum er einnig gamalt draumaverkefni sem Rúnar minnist á fremur dularfullur. Það mun vera heimildarmynd sem hann vill annars ekki tjá sig neitt frekar um, enda sé það verkefni víst á algjöru byrjunarstigi.

Þegar litið er á velgengni Þrasta er því nokkuð spennandi að bíða næstu verkefna frá þessum mikla afreksleikstjóra og alls ekki ólíklegt að hann þurfi að sækja nokkur verðlaun í viðbót á kvikmyndahátíðum úti í heimi.

stefanthor@frettabladid.is



Atli Óskar Fjalarsson í hlutverki sínu sem Ari í Þröstum.

MYND/STILLA

# Eistnaflugið stækkar með hverju árinu

Dagskráin fyrir Eistnaflug í Neskaupstað þetta árið hefur loksins litið dagsins ljós og er greinilegt að um er að ræða stærstu og glæsilegustu hátíðina til þessa. Stefán Magnússon, umsjónarmaður hátíðarinnar, segir að Eistnaflug stækki ört með hverju árinu og sífellt fleiri hljómsveitir sæki eftir að vera með.

„Við höfum aldrei verið með jafn stórar og dýrar hljómsveitir. Það er auðveldara fyrir okkur að komast í hljómsveitir enda höfum við verið að stækka ört. Við höldum í hefðirnar og í grunninn er þetta öskurrokkarahátíð en við höfum alltaf endað á smá diskói og þetta árið fengum við Pál Óskar til þess að loka hátíðinni, það er töluvert betra en að ég sé að spila tónlistina hans á tölvunni minni fyrir mannskapinn.“

Meðal þeirra sem hafa tilkynnt komu sína er sænska þungarokkhljómsveitin Opeth, Agent Fresco, HAM, Úlfur Úlfur og margir fleiri erlendir og íslenskir tónlistarmenn. „Við eigum von á töluvert fleira fólki í ár heldur en í fyrra, en þá voru tæplega 3.000 manns. Það er auðvitað svo gott að vera í Neskaupstað og í kringum hátíðina er bærinn alveg undirlagður og allir taka þátt og hjálpast að. Þetta er alvöru stemning og það hafa allir gaman af þessu.“

Eistnaflug hefur verið haldið árlega í Neskaupstað frá því árið 2005 en þá byrjaði það sem eins dags tónlistarveisla. Seinustu ár hefur þetta hins vegar vaxið og er orðið að fjögurra daga tónlistarhátíð og ómissandi partur af sumrinu hjá mörgum. – gj



Það er alltaf góð stemning á Eistnaflugi í Neskaupstað.

MYND/GUÐNÝ LÁRA THORARENSEN


ilmurinn er indæll
og bragðið eftir því
Katla
vöfflur
500 g
ÞURREFNABLANDA
Létta uppskriftin
www.katla.is



## Sól, sól skín á mig
Sólgleraugu



Karen Walken



Karen Walker



Dries Van Noten



Fendi

# Sýndi brjóstaballett og hnífakast í New York um páskana

**Margrét Erla Maack** sló heldur betur í gegn í New York á dögunum með burlesque-sýningunni sinni en henni hefur verið boðið að fara aftur út að sýna í júní. Hún segir íslenskt menningarlíf vera að vakna til lífsins og loksins sé margt annað í boði til afþreyingar í Reykjavík en leikhús og tónleikar.



Margrét stígur ófeimin á svið fyrir troðfullum sal af áhorfenda eins og ekkert sé.

Páskafríið hennar Margrétar Erlu Maack vatt heldur betur upp á sig þegar hún ákvað að skella sér til New York í hvíldarferð en endaði á að sýna á þremur burlesque- og uppistandssýningum. „New York hefur upp á svo margt að bjóða og er svo miklu meira en bara Times Square. Lower East Side er uppáhaldshverfið mitt og þar er fullt af svona skrítnu í gangi. Ég flutti til New York árið 2007 til þess að læra magadans eftir að ég vann í Happdrætti háskólans. Til þess að kynnast fólkinu og menningunni þarf maður bara að fara með opinn huga og hanga eftir sýningu og kynnast fólkinu,“ segir Margrét en hún hefur verið virk í því að byggja sér upp tengslanet erlendis til þess að fá fólk til þess að koma til Íslands og sýna listir sínar.

Þegar Margrét pantaði sér ferðina til New York yfir páskana var það ekki ætlunin að fara að sýna. „Vinir mínir sem ég var að fara að heimsækja furðuðu sig á því að ég ætlaði að vera í New York í tíu daga en ekki koma neitt fram. Ég sendi nokkra tölvupósta áður en ég fór út og á endanum fékk ég þrjú gigg. Tvö þeirra voru á Slipper Room sem er uppáhaldsstaðurinn minn í heiminum. Fyrra kvöldið var meiri uppistandssýning þar sem ég var annað tveggja kabarettatriða, en það seinna var ég með í burlesque-sýningu þar sem ég var meðal annars með hnífakast og brjóstaballett. Þriðja sýningin var svo á House of Yes.“ Sýningarnar gengu svo vel að Margréti var boðið að koma aftur út að sýna í júní. „Þetta er mjög góð afsökun til þess að fara aftur til New York.“

Atriðin hennar Margrétar voru þó ekki öll með sínu hefðbundna sniði en í eitt skiptið var hún beðin um að íslenska upp atriðið sitt. „Á einni sýningu sem kallast Glitter Gutter var ég beðin um að koma með íslenskt tvist við mitt venjulega atriði. Ég málaði mig eins og Björk og gerði blöðrustripp við It's Oh So Quiet og svo var hnífakastið við Army of Me en það vakti mjög mikla lukku.“



Margrét að sýna listir sínar á Slipper Room í New York.

> BURLESQUE SENAN, ÁSAMT DRAG-, SPUNA- OG UPPISTANDSSÝNINGUM, ER Á HRAÐRI UPPLEIÐ HÉR Á LANDI. ÞETTA HELST ALLT SAMAN Í HENDUR.

Margrét segir að það sé margt hægt að læra af atvinnufólkinu í New York. „Ég sá hvernig þau byggja svona upp og hversu stórt þetta getur orðið með fáu fólki. Það var mjög gott að geta mætt bara og gert mitt atriði og fylgst svo með í staðinn fyrir að vera að stússast í öllu. Þarna voru engin tæknirennsli og það var gaman að sjá hvað kynnarnir eru ógeðslega góðir í að halda uppi orkunni og hjálpa til með allt tímavesen ef eitthvað þannig kemur upp. Þetta er mikil vinna sem fer í svona sýningar.“

Margrét hefur tileinkað sér magadans og burlesque og hefur vakið mikla athygli hér á landi. „Þessi burlesque-sena, ásamt drag-, spuna- og uppistandssýningum er á hraðri uppleið hér á landi. Þetta helst allt saman í hendur. Loksins er orðið nóg framboð af afþreyingu sem er ekki leikhús eða tónleikar. Þetta er ótrúlega skemmtileg sena og ég er að vonast til að fá einhverja til að koma til landsins í sumar eða haust.“

gunnhildur@frettabladid.is

# Kanye og Kim flytja loksins út frá Kris

Kim Kardashian og eiginmaður hennar, Kanye West, hafa nú loksins flutt inn í eigið heimili í Bel-Air í Los Angeles eftir að hafa búið heima hjá mömmu Kim, Kris Jenner, í tæp þrjú ár. Húsið í Bel-Air verður þó aðeins tímabundinn griðastaður þar sem þau ætla sér að selja það og flytja í annað hús sem þau eru að gera upp um þessar mundir.

Húsið keyptu þau upprunalega á 11 milljónir dollara og hófust strax handa við að gera það allt upp, nánast frá grunni. Það er nú á sölu á 20 milljónir.

Kim hefur verið ófeimin við að tjá sig um að hún sé orðin löngu þreytt á að búa heima hjá móður sinni en henni finnst alltof mikil læti á því heimili. Kim og Kanye keyptu húsið upprunalega áður en hún varð ólétt að sínu fyrsta barni, North West. Því er ljóst að það er nóg búið að ganga á í lífi þeirra í millitíðinni.



Kanye og Kim eru loksins flutt inn í sitt eigið hús en þó aðeins tímabundið.

## ALLT Í BLÓMA HJÁ KIMYE

Ekki nóg með það að Kanye markaðssetti sína þriðju fatalínu í samstarfi við Adidas í byrjun febrúar heldur gaf hann einnig út breiðskífuna The Life of Pablo á sama tíma. Tidal, sem er eina tónlistarveitan sem hægt er að nálgast plötuna á, gaf það út fyrr í vikunni að hlustað hefði verið á plötuna 250.000 sinnum fyrstu tíu dagana eftir að hún kom út sem verður að teljast ótrúlegur árangur. Kim hefur einnig verið að gera það mjög gott þrátt fyrir að hún hafi ekki verið með nein stór verkefni á þessu ári. Í fyrra gaf hún út sitt annað app sem var lengi vel eitt það vinsælasta í heiminum.

# Polo. Gerir gæðamuninn.









VW Polo Trend & Style:

**2.690.000 kr.**

Sjálfskiptur: **2.990.000 kr.**

## Volkswagen Polo. Fyrir alla muni.

Þegar þú hefur kynnst gæðunum, þægindunum og tækninni sem Volkswagen Polo býr yfir duga engar málamiðlanir. Komdu í reynsluakstur og finndu gæðamuninn.

### Staðalbúnaður í Trend & Style

- Hiti í framsætum
- Hraðastillir
- Leðurklætt aðgerðarstýri
- Litaskjár í mælaborði
- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Skyggðar rúður
- 15" Estrada Álfelgur
- Start/Stop búnaður
- Halogen aðalljós
- Bluetooth búnaður fyrir síma og afspilun
- Stöðugleikastýring
- Spólvörn
- Composition Touch útvarp m/4 hátölurum

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði







Elín Edda gefur út grafíska myndasögu um Gombra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Frjálsar teikningar og mistök eru leyfileg

**Elín Edda,** tvítug námskona í grafískri hönnun við Listaháskólann, gefur út sína aðra bók. Bókin heitir Gombri og um er að ræða 200 blaðsíðna myndabók sem er skrifuð og myndskreytt af Elínu Eddu.

Ég hef skrifað og teiknað nær allt mitt líf. Árið 2014 byrjaði ég að þróa söguna um Gombra út frá karakter sem ég hef verið að teikna í gegnum tíðina,“ segir Elín Edda, tvítug námskona í grafískri hönnun við Listaháskólann, en hún er um þessar mundir að gefa út myndasöguna Gombra sem spannar heilar 200 síður.

Sagan fjallar um náttúruvernd, sannleikann og hvernig það er að takast á við lygar. Gombri ákveður að yfirgefa heimili sitt, vegna þess að hann er orðinn leiður á drunganum sem umkringir hann. Á leið sinni lendir hann í ýmsum ævintýrum og hittir meðal annars Móður Jörð sem hefur flúið vegna ágengni íbúa sinna.

„Ég vissi alltaf um hvað sagan átti að vera, ég er nú þegar búin að fá frábær viðbrögð við sögunni. Fólk fær að sjá bókina í heild sinni á morgun í hátíðlegu útgáfuhófi sem haldið verður í Galleríi Ekkisens en þar mun tónlistarkonan Kaðlín skemmta gestum og kemur hún meðal annars til með að flytja nýtt tónlistarverk á opnuninni,“ segir Elín Edda spennt fyrir útgáfu bókarinnar



Hér má sjá Gombra ásamt vinkonu sinni Nönnu sem hann kynnist á ferðalaginu, en allar 200 blaðsíðurnar í bókinni eru með máluðum myndum. MYND/ ELÍN EDDA

> **Í DAG ER ÉG AÐ TAKA ALLS KONAR HÖNNUNARVERKEFNI AÐ MÉR, SVO STEFNI ÉG Á AÐ BYRJA AÐ SKRIFA NÝJA SÖGU Í SUMAR.**

Myndirnar málar Elín með bleki og vatnslitum en þær verða til sýnis og sölu á sama tíma og bókin, sem einungis er gefin út í 200 eintökum. Elínu Eddu finnst einlægni mikilvægust fyrir flæði textans og teikningarinnar en í flæðinu verða oft óvæntar uppákomur.

„Mistök eru leyfileg og teikningarnar eru fyrst og fremst frjálsar. Helst vil ég gera aðlaðandi myndir og texta sem gefur lesendum nýja sýn á einhvern hátt,“ segir Elín Edda.

Þrátt fyrir ungan aldur er nóg að gera hjá þessari ungu listakonu og óhætt er að segja að hún hafi mörg járn í eldinum og framtíðin sé björt og spennandi.

„Í dag er ég að taka alls konar hönnunarverkefni að mér, svo stefni ég á að byrja að skrifa nýja sögu í sumar. Eftir sumarið kemur út ljóðabók eftir mig sem heitir Hamingjan leit við og beit mig í dag. Svo er það líka skólinn en ég er í grafískri hönnun í Listaháskólanum og finnst það mjög skemmtilegt,“ segir Elín Edda, og bætir við að öllum sé velkomið að líta inn á sýninguna sem stendur yfir alla helgina í Galleríi Ekkisens.

**gudrunjona @frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# LAGER SALA

# 40-70% AFSLÁTTUR

31. mars - 2. apríl



Sumarsæng og koddi — TILBOÐ 4.188.- Verð áður: 6.980.-



Handklæði — 50% AFSLÁTTUR



Rúm — 40-70% AFSLÁTTUR



Matahari leður hægindasófi — TILBOÐ 239.280.- Verð áður: 398.800.-



Eldhússtólar 4stk — TILBOÐ 37.800.- Verð áður: 75.600.-



Mars leðurstóll með skemli — 50% AFSLÁTTUR



Baðmottur — Verð frá 1.000.-



Sloppar — 50% AFSLÁTTUR



Náttborð — 40-70% AFSLÁTTUR



Púðar — Verð frá 990.-

Öll metravara á lagersölu á 500 kr. pr. meter



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

**Síðumúla 30** - Reykjavík | Sími 533 3500
**Hofsbót 4** - Akureyri | Sími 462 3504

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Hugleiks Dagssonar




## Heppin við

Hæ ég heiti Hulli en fornafn mitt er Þórarinn / Kominn til að tilkynna að Biblían og Kóraninn / Er sama bókin með mismunandi leturgerð / allt sama djókið, en sem fokking betur fer / fer fólki fækkandi sem afturenda étur með / hugsar með og talar með. / Á diskinn minn falafel / sviðasultu og hanastél / Menning kennd við fjöl eina menningin sem völ / er á í þessari dvöl á þessari möl / á þessum klaka á þessari jörð. / Frekar vil ég maka á mig kúk og lambaspörð / en að gangast við kross haka og rjúkí næstu hjörð / sem þrammar undir fána í höndunum á bjána / sem lýgur því að ástandið muni skána / ef við hunsum alla sem að búa undir stjörnu og mána / lifandi sem dána. / Björgum frekar oss en hinum. / Forgang handa þeim sem búa undir krossinum.

Rót vandans er að við viljum ekki blanda / okkur í málið fyrren við sjáum þennan fjanda / standa við okkar landamær. / Ekkert skiptir máli í austurlöndum fjær. / Allt hinsvegar verra ef það gerist nær. / Það var Mordor í gær / en í dag var það Shire. / En við trúum öll á á sama guðinn / Hlustum öll á sama tuðið / Öll á sama belli köfnum / Hann heitir mörgum nöfnum / Dollari, Pund, Yen og króna / allir vilja þjóna, allir eru owna / ðir af sömu skepnunni. / Heppin við.

„Heppin við“ og „skepnunni“ er lélegt rím / En ég er bara meðvitað kolefnaslím / Ég er bara draugur í kjötpoka. / Ekki fær um að loka / á mér trantinum. / Get ekki sagt þér um / hvað þetta rant er um / kannski allt sem mér annt er um. / Kveðja, einn nettur á kantinum.


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland



**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**






# Til hamingju!

Nú færð þú **iPhone 6s 16GB** með glæsilegum kaupauka í fallegri gjafaöskju á sérstöku fermingartilboði Vodafone. Að auki fylgir 5GB gagnamagn á mánuði í sex mánuði.

**Komdu við í næstu verslun eða kynntu þér málið á vodafone.is**

**Vodafone**
Við tengjum þig





**Fermingarpakkinn**
**iPhone 6s 16GB**
+ hátalari (XQISIT Bluetooth)
+ hleðslubanki (powerbank)
+ in-ear heyrnartól
+ glært hulstur
+ hleðslusnúra

**134.990 kr. stgr.**

Heildarverðmæti pakkans er 156.180 kr.

Litir: gull / silfur / space grey / rose gold
Aukahlutir eru í sama lit og síminn